Bændablaðið

12. tölublað 2025 • Fimmtudagur 26. júní • Blað nr. 682 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Heyskapur

Heyskapur er víðast hvar langt kominn eða við það að byrja.

4



Loftslagsbreytingar

Hitabylgjan í maí ekki jafnmikil nema vegna gróðurhúsaáhrifa.

30



Afrekskýrin Snotra

Sú tíunda til að rjúfa 100 þús. kg múrinn í æviafurðum.

49





Hjónin Eygló Björk Ólafsdóttir og Eymundur Magnússon, margverðlaunaðir eigendur Vallanessbýlisins ehf. og Móður Jarðar ehf. á Fljótsdalshéraði. Þau reka fyrirtæki sín á grundvelli lífrænnar ræktunar og eru að auki á kafi í nýsköpun. Nú ætla þau að selja og leggjast í ferðalög. Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

Orkuöryggi verði tryggt

Stjórnvöld hyggjast auka raforkuöryggi almennings og lítilla fyrirtækja.

Í haust er væntanlegt frumvarp sem tryggir forgang raforku til almennra notenda, þar á meðal bænda.

Um nokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að auka raforkuöryggi almennings og minni eða almennra fyrirtækja, þar á meðal bænda. Í því felst að heimilum og minni fyrirtækjum, sem nota árlega á bilinu 2–20 GWh, sé tryggt „ótruflað orkuframboð á viðráðanlegu verði“ eins og segir í skilgreiningu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar á orkuöryggi.

Ástæðan fyrir því að tryggja þurfi orkuöryggi almennings með þessum hætti er sú að vísbendingar eru um að sú staða geti komið upp að framboð raforku verði ekki nægjanlegt á almennum markaði, vegna þróunar raforkumarkaðar á Íslandi, sem hefur verið skipt í almenna notendur (20%) og stórnotendur (80%).

Í nýrri skýrslu Raforkueftirlitsins um raforkumál: Þróun raforkukostnaðar og áhrif á notendur, kemur fram að raforkukostnaður garðyrkjubænda hafi hækkað miðað við tekjur, en greiðslur hins opinbera vegna ylræktar og markaðsverð framleiðsluvara hafi í mörgum tilfellum vegið á móti áhrifum hækkunarinnar. */þh-sá*

Sjá nánar á síðum 6 og 20–21

Leita nýrra eigenda að Vallanesi

– Frumkvöðlar í lífrænni ræktun og matvælaframleiðslu hyggjast söðla um

Eigendur Vallaness á Fljótsdalshéraði og Móður Jarðar ehf. eru tilbúnir að selja ef vænlegir aðilar sýna áhuga.

Um er að ræða tvö fyrirtæki; Vallanesbýlið ehf., sem á jörðina og allar byggingar, og svo Móðir Jörð ehf. sem sér um rekstur og á vörumerkið.

Hjónin Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir hafa lagt stund á lífræna korn- og grænmetisrækt í Vallanesi og framleitt tilbúnar hollustu- og sælkeravörur sem bera Evrópulaufið, alþjóðlegt vottunarmerki um lífræna ræktun og framleiðslu.

Allt grænmeti er útiræktað og á jörðinni er auk kornræktar umfangsmikil skógrækt. Auk þess eru þau með veitingasölu og gistingu.

„Þetta er ekki komið formlega á sölu, enda frekar erfið ákvörðun, en við teljum að við séum tilbúin ef vænlegir arftakar banka upp á,“ segja þau. Þangað til muni þau vinna af fullum krafti og hafa gaman. Þau langi hins vegar til að fá svigrúm til að ferðast og njóta hvað líður.

Hin lífræna hugsun

Hjónin, frumkvöðlar í lífrænni ræktun og matvælaframleiðslu, hafa verið í uppbyggingarfasa og mikilli nýsköpun undanfarin ár sem hefur skapað 7–8 ársverk. Þau hafa jafnframt lagt metnað í sjálfbæra orkuöflun, meðal annars með birtusellum. Allt korn er þurrkað með viðarbrennara. Vallanesbyggið hefur verið á manneldismarkaði í áratugi hérlendis undir merki Móður Jarðar.

Eymundur og Eygló segja vaxtartækifæri vera í öllum grunnstoðum rekstursins. Þau hafi búið til ákveðinn grundvöll, tiltekna möguleika í sjálfbærri starfsemi, sem verði vaxandi krafa í matvælaframleiðslu í framtíðinni.

„Það sem límir allt saman hér er ræktunarkerfið og hin lífræna hugsun. Síðan er þetta bara nútímaleg atvinnustarfsemi á þeim grunni. Hér er góð aðstaða, tæki og tól, uppskriftir, aðferðir og annað sem við myndum fylgja fólki inn í ef áhugi væri fyrir því.

Þetta er bara rétti tíminn til að undirbúa kaflaskil og þó að allt hér sé í stöðugri þróun er þetta eitthvað sem við þurfum að gera,“ segja þau.

Vallanes er miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar og nær frá bökkum Lagarfljóts niður að Grímsá. Vallanes var með fyrstu býlum til að fá lífræna vottun, árið 1995.

Skógarauðlind

Umtalsverður skógur er á Vallaneslandinu, á um 200 ha, og viðurinn orðinn verðmætur. Skemmst er að minnast fordæmis sem búið er að gefa varðandi verðmat skógarjarða umfram fasteignamat, þegar Skógræktin í vor verðmat land Hvamms á Völlum mun hærra en upphaflegt fasteignamat sagði til um, vegna mögulegra verðmæta skógarins á landinu til nytja. Hjónin segja slíkt mat ekki liggja fyrir vegna Vallaneskógarins. */sá*

Sjá nánar á síðum 32–3

VÉLFANG Kverneland FENDT CLAAS KUHN Schäffer JCB



Sláttutími hefur mikil áhrif á heildaruppskeru og talsverð áhrif á fóðurgildið, skv. rannsókn á besta sáðgresi og endingu þess í túnum. Myndin er tekin á Fljótsdalshéraði. Mynd / sá

Rannsóknir:

Leitað að besta sáðgresinu

– Skiptir sköpum fyrir fóðurgildi og uppskeru

Tegund sáðgresis hefur mest áhrif á endingu en sláttutími mikil áhrif á heildaruppskeru og talsverð á fóðurgildi. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknar á túngrösum.

Þóroddur Sveinsson, fyrrverandi tilraunastjóri við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur rannsakað hvað mögulega gæti verið besta sáðgresið og hvort unnt væri að auka endingu þess í túnum án þess að það komi mikið niður á magni og gæðum uppskerunnar.

Undirstaða hefðbundins landbúnaðar á Íslandi eru fjölær fóðurgrös og ræktun þeirra, segir Þóroddur í rannsóknargrein sem birt er í innblaði. Fóðurgildi og uppskera skipti þar miklu máli og þá sérstaklega í mjólkurframleiðslunni, þar sem kostað sé miklu til og kröfur eru um hátt afurðastig gripa. Kúabændur rækti því tún sín með innfluttu sáðgresi sem hafi sýnt sig hafa umtalsverða yfirburði fram yfir innfædd fóðurgrös.

Rétt tegund lykill að endingu

Þóroddur segir verkefnið hafa orðið til vegna fyrirspurna kúabænda um hvort þeir gætu aukið endingu sáðgresis í túnum sínum án þess að það kæmi mikið niður á magni og gæðum uppskeru. Þannig var stefnt að því að bæta árangur bænda í eigin ræktun á gróffóðri með því að hámarka gæði og magn uppskerunnar.

Borin voru saman eftirsóttustu fóðurgrösin og ending þeirra í túnum yfir sex ára tímabil. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur m.a. fram að það sem hafði mest áhrif á endingu var tegund sáðgresis. Sláttutíminn hafði marktæk en minni áhrif í sumum tegundum en ekki í öðrum. Sláttutíminn hafði aftur á móti mikil áhrif á heildaruppskeru sem og talsverð áhrif á fóðurgildið. Segir í niðurstöðum að óháð tegundum ætti að stefna á að taka fyrsta slátt við upphaf skriðs, sem sameini mikla uppskeru og hátt fóðurgildi. Æskilegast væri að taka aðeins tvo slætti á ári.

Sáðblöndur góður kostur

Þá kom í ljós að sáðblanda reyndist vera með mestu endinguna heilt yfir. Fyrstu árin voru vallarfoxgras og hávingull mest áberandi í blöndunni en síðasta árið bar mest á vallarsveifgrasinu úr blöndunni. Uppskera sáðblöndunar var ágæt, sem og fóðurgildið, yfir sex ára rannsóknartímabilið. Sáðblöndur eru því taldar vera góður kostur þegar stefnt er að endingu og ekki mjög tíðum sáðskiptum.

Leggur Þóroddur til í rannsóknargreininni að gerðar verði víðtækari tilraunir með blöndunarhlutföll milli tegunda. Álitlegar tegundir saman í blöndur segir hann vera vallarfoxgras, vallarrýgresi og rauðsmára, þar sem stefnt er að tíðum sáðskiptum, en bæta megi við góðu vallarsveifgrasi sé stefnt að lengri endingu. /sá

Sjá nánar á síðum 38-9



Eyjafjörður:

Smitvarnir í Fellshlíð

– Ekki vitað hvernig salmonella barst í fjósið

Fyrr í þessum mánuði greindi Matvælastofnun (MAST) frá því að salmonella hefði greinst á kúabúinu Fellshlíð í Eyjafirði.

Elín Margrét Stefánsdóttir, bóndi í Fellshlíð, segir að salmonellusmitið hafi uppgötvast í kjölfar þess að sonur hennar veiktist. „Hann var hérna í nokkra daga og veiktist stuttu eftir að hann fór aftur suður. Hann fór á bráðamóttökuna og var greindur með salmonellu," segir Elín.

„Þegar sonur okkar var hérna var ein kýrin í fjósinu aflífuð eftir að hafa verið veik og þreif hann upp eftir hana," bendir Elín á. Þegar hann greindist með salmonellu tilkynnti hann MAST um smitið án þess að gruna að hann hafi smitast hér. „Svo veiktist önnur kýr og fórum við fram á að það yrði tekið sýni úr henni, sem reyndist jákvætt fyrir salmonellu." Elín furðar sig á að ekki hafi farið í gang sjálfkrafa ferlar hjá opinberum aðilum þó svo að sonur hennar hafi greinst með salmonellu, heldur hafi bændurnir sjálfir haft frumkvæði að frekari rannsóknum.

Þrjú jákvæð sýni

„Hjá okkur voru tekin þrjú sýni, úr tveim kúm og einum kálfi, sem reyndust jákvæð. Síðan þá hafa ekki verið meiri veikindi. Núna er farið af stað ferli til að útiloka að það sé eitthvað meira." Elín segir



Í kjölfar salmonellusmits í fjósinu í Fellshlíð hafa verið settar hömlur á flutning gripa og landbúnaðartækja frá bænum. Mynd / ál

þær smitvarnir sem fylgja ekki vera stórkostlega íþyngjandi. „Við megum ekki selja gripi eða slátra nema með leyfi frá MAST.

Það sem okkur finnst verst er að við erum líka í flutningsbanni á hrossum því þetta getur smitast milli dýrategunda. Við getum því ekki farið í hestaferðir í sumar nema með leyfi MAST," segir Elín, en hún bendir á að hestamennska sé mikið áhugamál þeirra hjóna. „Nú eru sýnatökur úr hrossunum í ferli og það fer eftir niðurstöðunum úr því hvort við fáum að fara eitthvað með þau."

Salmonellusýkingin þýðir jafnframt takmarkanir á umferð landbúnaðartækja á bænum. „Við erum að kaupa þjónustu verktaka í heyskap og erum sjálf í smá verktöku. Þetta kostar heilmikil þrif og sótthreinsun á öllum vélum og tækjum sem þarf að vera undir eftirliti MAST," segir Elín. Þrátt fyrir áðurnefnt óhagræði segir hún mestu furðu hversu jákvæðir landbúnaðarverktakarnir eru fyrir því að koma til þeirra, enda eru þau með allan búnað til þrifa.

Hundleiðinlegt mál

Áður en hægt er að lýsa kúabúið í Fellshlíð laust við sjúkdóminn þarf að taka endurtekin sýni með 30 daga millibili sem þurfa öll að reynast neikvæð. „Það voru tekin handahófssýni úr stíum, vatni, fóðri og öðru slíku. Þau reyndist öll neikvæð," segir Elín. Einu jákvæðu sýnin á bænum hafi því verið úr áðurnefndum þremur skepnum. Ef fram fer sem horfir geta bændurnir horft fram á að öllum takmörkunum verði aflétt í lok sumars.

Aðspurð segir Elín engar skýringar hafa fengist á því hvernig smitið barst í Fellshlíð. Hún viðurkennir enn fremur að atburðarás undanfarna vikna hafi tekið á bændurna persónulega. „Auðvitað gerir það það. Þetta er hundleiðinlegt mál." Í fréttatilkynningu MAST er sérstaklega tekið fram að engin hætta stafi af neyslu mjólkur frá búinu eftir gerilsneyðingu. /ál

Ársfundi LSB frestað

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda (LSB) frestaði ársfundi sem áætlaður var 11. júní. Var þetta ákveðið á fundi stjórnar fyrr þann dag.

Ársfundurinn verður haldinn klukkan 14 föstudaginn 27. júní að Stórhöfða í Reykjavík og verða á dagskrá venjuleg ársfundarstörf. Þá stendur til að tilkynna niðurstöður rafræns stjórnarkjörs sem fór fram á heimasíðu LSB frá 2. júní til 9. júní. Tveir voru í framboði um eitt sæti í aðalstjórn, þau Bjartur Thorlacius og Þorbjörg Inga Jónsdóttir.

Samkvæmt upplýsingum var talin ástæða til að senda skýrslu um framkvæmd rafræna stjórnarkjörsins til Fjármálaeftirlitsins (FME). Á ársfundinum verður farið yfir ástæðurnar sem lágu þar á bak við. Atkvæðisrétt höfðu allir sjóðsfélagar sem hafa greitt til LSB og eiga þar lífeyrisréttindi.

Bjartur Thorlacius er læknanemi og reikni- og tölvunarverkfræðingur. Hann var kosinn í varastjórn til tveggja ára á aukaársfundi 31. ágúst 2023 fram að ársfundi 2025. Hann hefur verið í aðalstjórn síðan Erla Hjördís Gunnarsdóttir sagði sig úr stjórn í apríl 2024. Þorbjörg Inga Jónsdóttir er hæstaréttarlögmaður á eigin lögmannsstofu og hefur haft lögmennsku að aðalstarfi síðan 1996. Á síðasta ári tók hún sér leyfi frá störfum að hluta til að sinna námi og rannsóknum á sviði mannréttinda. /ál

Suðausturland:

Bóndi kærður fyrir ofbeldi og hótun um ofbeldi

– Lagði hendur á eftirlitsmenn MAST og hótaði líflláti

Sauðfjárbóndi á Suðausturlandi hefur verið kærður til lögreglu fyrir ofbeldi og hótun um ofbeldi í garð eftirlitsmanna Matvælastofnunar (MAST).

Nýlega fóru starfsmenn stofnunarinnar (eftirlitsdýralæknir og dýraeftirlitsmaður) í eftirlit á sauðfjárbú í suðausturumdæmi, segir í tilkynningu frá MAST. Bóndinn hleypti eftirlitsfólkinu inn í fjárhúsið en þegar dýraeftirlitsmaðurinn fór að setja út á velferð fjárins lagði hann hendur á viðkomandi starfsmann og lét ekki af því fyrr en eftirlitsdýralæknirinn hrópaði á hann að hætta. Ekki tókst því að ljúka eftirlitinu í það skiptið.

Tveimur vikum síðar var farið aftur í eftirlit á sama bæ og nú í lögreglufylgd og tókst þá að ljúka eftirlitinu. Að loknu eftirliti var bóndanum skýrt frá þeim frávikum sem eftirlitið hafði leitt í ljós. Bóndinn spurði þá eftirlitsmanninn í tvígang og í viðurvist lögreglu hvort hann ætti að skjóta hann.

Matvælastofnun lítur þessa hegðun mjög alvarlegum augum en hún er því miður ekki einsdæmi. Yfirleitt gengur þó eftirlitið mjög vel.

Matvælastofnun hefur kært bæði brotin til lögreglu

Í almennum hegningarlögum er að finna ákvæði sem segir að hver sá sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu skuli sæta fangelsi allt að 6 árum. Beita megi sektum ef brot sé smáfellt.

Í dýravelferðarlögum kemur fram að Matvælastofnun sé heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunaraðgerða. Í því felst m.a. heimild til sýna- og myndatöku. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði. /þh

LAND CRUISER 250

KOMDU OG REYNSLUAKTU **LAND CRUISER 250** HJÁ VIÐURKENNDUM SÖLUAÐILUM.

SÖLURÁÐGJAFAR OKKAR TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR.

TOYOTA FÖRUM LENGRA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

3+4 ÁBYRGÐ · 3 ÁRA ÞJÓNUSTA · VEGAAÐSTOÐ

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur. Sjá nánar á www.toyota.is



Georg Ottósson, eigandi Flúðasveppa og Flúðajörfa, átti í samningaviðræðum um sölu á sínum rekstri í vor. Aðilar náðu ekki saman að lokum, sem Georg segir alltaf geta gerst í viðskiptum. Myndir / Aðsendar

Garðyrkja:

Flúðasveppir ekki seldir

Georg Ottósson hafði til skoðunar að selja allan sinn rekstur í vor, en eftir miklar viðræður náðu samningsaðilar ekki saman.

Hann er eigandi Flúðasveppa, sem er stærsti svepparæktandi landsins, og Flúðajörfa, sem stundar ylrækt og útirækt á grænmeti. Enn fremur rekur Georg veitingastaðinn Farmers Bistro á Flúðum. Hann segist bundinn trúnaði um hverjir ætluðu að kaupa reksturinn, en hann getur gefið upp að þetta voru innlendir aðilar í grænmetisrækt.

„Kannski var þetta of stór biti fyrir þessa aðila og það munaði of miklu í lokin að við næðum saman," segir Georg inntur eftir ástæðu þess að salan gekk ekki eftir. „Ég var ákveðinn í að halda mig við tiltekið verð, en svo náðist það ekki. Þetta er eins og getur gerst í viðskiptum og það er engin reiði eða neitt slíkt í loftinu."

Heldur ótrauður áfram

Georg, sem verður 74 ára í haust, segist því ætla að halda ótrauður áfram í sínum rekstri, en hann er eini hluthafinn í áðurnefndum fyrirtækjum. „Maður er kominn að síðasta kaflanum í lífinu, en heilsan er góð og ég er bjartsýnn á framtíðina." Hann segist ekki óþreyjufullur að hætta, enda var hann búinn að ljá máls á því í samningaviðræðunum að hann gæti verið viðriðinn reksturinn með nýjum aðilum í tvö ár.

„Á næstu árum verða einhverjar breytingar á rekstrinum, ég get fullyrt það. Hvort sem ég muni selja alla þessa heild eða brjóta þetta upp verður að koma í ljós. Fyrirtækin standa vel, en bæði Flúðajörfi og Flúðasveppir hafa verið vottuð sem fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri síðustu árin og veitingastaðurinn er skuldlaus. Eftir þessar viðræður bý



ég að því að hafa farið í gegnum áreiðanleikakönnun með mín fyrirtæki og það kom allt vel út."

Stefnir í góða uppskeru

Georg nefnir að sumarið 2024 hafi verið erfitt fyrir íslenskan landbúnað og það hafi áhrif á hans rekstur. „Við notum hálm og ræktum mikinn strandreyr sem við nýtum í rotmassagerð í Flúðasveppum. Við erum sjálfum okkur nóg með 70 prósent, en erum háð öðrum bændum sem eru í kornrækt með það sem vantar upp á. Þar sem minna hefur fengist af hveiti- og bygghálmi erum við ekki í fullri framleiðslu á sveppunum," segir hann. Að jafnaði sé ársframleiðslan yfir 600 tonnum.

Sumarið í ár fer vel af stað og segir Georg allt stefna í góða uppskeru á bæði grænmeti og hálmi. „Korn og hveiti er komið á fulla ferð og ég tel að grænmetið komi á markað fyrr en venjulega. Þegar svona viðrar líður okkur bændum betur," segir hann. */ál*



Fóðuröflun:

Bændur bera ljá í gras

– Kannað hvernig gengur að slá tún

Heyskapur er víðast hvar langt kominn eða við það að byrja. Bændablaðið tók stöðuna hjá nokkrum bændum í kringum landið og voru allir bjartsýnir á að ná góðum heyfeng í ár.

Laufey Bjarnadóttir, kúabóndi á Stakkhamri í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi, sagðist vera búin að slá heimatúnin og önnur betri tún í samtali við blaðamann á föstudaginn. Fyrstu túnin voru slegin að kvöldi 12. júní, sem er fyrr en í venjulegu ári. „Við erum bara að bíða eftir þurrki til að klára," segir hún, en sumir kúabændur í sveitinni voru þegar búnir með fyrsta slátt í síðustu viku.

Hún segir kuldakastið í vor geta haft neikvæð áhrif á gæði uppskerunnar. „Sprettan stóð í stað og það var svo mikil vindkæling að vallarfoxgras í nýræktun hér í kring kól og sölnaði." Þá segir hún bændurna búa við mikinn ágang álfta, sem hún telur bíta hátt í helming uppskerunnar.

Helga Guðný Kristjánsdóttir, kúabóndi á Botni í Súgandafirði, segir fyrstu túnin í hennar sveit hafa verið slegin um miðjan mánuðinn. Í samtali á mánudaginn sagði hún heyskap víðast hvar vera kominn af stað í nágrenni við hana, þó að fæstir hafi verið langt komnir. Hún reiknar með að fara í slátt af fullum krafti á allra næstu dögum. Inni á milli sjáist að túngrösin hafi þornað upp og orðið bláleit eftir kuldakastið í vor.

Beðið eftir þurrki

Ólafur Magnússon, sauðfjárbóndi á Sveinsstöðum í Þingi í Húnabyggð, sagðist ekki vera byrjaður að slá í samtali á mánudaginn. „Við gætum eflaust slegið núna en það eru alltaf einhverjar skúrir eða rigningar í kortunum. Sauðfjárbeitin í vor var frábær, en ég held að túnin hafi aldrei verið svona snemma til. Svo stoppaði sprettan mikið til í kuldatíðinni í byrjun júní," segir Ólafur. Margir séu byrjaðir að slá í hans nágrenni, en kúabændurnir séu lengst komnir. Hann er bjartsýnn á að fóðrið verði næringarríkt, þó svo að sums staðar séu túngrösin hjá honum byrjuð að



Slegið við Egilsstaðabýlið 12. júní síðastliðinn. Mynd / sá

skríða.

Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, nautgripabóndi á Leyningi í Eyjafjarðardal, sagðist ekki vera byrjuð að heyja í samtali á mánudaginn. „Það er kominn tími á það, en það rignir bara. Maður vill hafa þurrt í þrjá daga, eða svo, þannig að við bíðum bara eftir því. Við hefðum getað byrjað í síðustu viku ef það hefði verið veður," segir Hafdís. Sprettan hafi verið mjög góð og urðu þau ekki fyrir áhrifum af kuldakastinu í júní. „Í kringum mig eru margir kúabændur langt komnir og sauðfjárbændurnir eru að bíða eftir þurrki."

Ærnar taka fyrsta sláttinn

„Það hefur enginn borið ljá í gras hér enn þá," sagði Einar Ófeigur Björnsson, sauðfjárbóndi á Lóni í Kelduhverfi, í samtali við Bændablaðið á föstudaginn. Hann telur sennilegt að heyskapur fari af stað í kringum mánaðamótin. „Rollurnar taka fyrsta sláttinn. Þær eru á túnunum alveg fram undir þessar mundir hjá okkur sauðfjárbændum. Það er afar sjaldan slegið í júní hér." Sprettan á túnunum hjá Einari er góð og gerir hann sér vonir um góða uppskeru.

Björgvin Gunnarsson, kúabóndi á Núpi í Berufirði, sagðist vera við það að klára fyrsta slátt þegar Bændablaðið náði tali af honum á föstudaginn í síðustu viku. Heyskapur hófst 30. maí, sem Björgvin segir vera fyrr en nokkru sinni áður. „Hér er alveg haugagras," segir Björgvin og telur hann það vera af miklum gæðum. Yfirleitt hafi allra fyrstu túnin verið slegin í kringum 17. júní. „Þá prufar maður tækin á einhverjum spariblettum." Hann segir tíðina hafa verið óhentuga, en það hefur skipst á með regni og þurrki. „Við erum úti á annesjum, þannig að hér er oft þokuloft," bætir hann við. Björgvin reiknar með að annar sláttur hefjist í kringum mánaðamótin, en hann slær túnin þrisvar.

Aldrei jafnmikil spretta

Stefán Freyr Stefánsson, sauðfjárbóndi á Freysnesi í Öræfum, sagðist ekki vera byrjaður að heyja í samtali við blaðamann síðastliðinn föstudag. Hjá honum hefst sláttur yfirleitt ekki fyrr en í kringum mánaðamótin júní–júlí og stefnir allt í að upphaf heyskapar verði á hefðbundnum tíma. „Það hefur aldrei verið jafnmikil spretta og núna," segir Stefán og þakkar hann góðu vori.

Í samtali á föstudaginn sagðist Sveinn Hjartarson, kúabóndi á Brjánsstöðum í Grímsnesi, gera ráð fyrir að heyskapur færi af stað í þessari viku. „Það gæti jafnvel verið á sunnudag eða mánudag samkvæmt spánni." Í fyrra hófst heyskapur í lok júní og byrjar hann því viku til tíu dögum fyrr en vanalega hjá Sveini. Hann hefur orðið var við að nágrannar hans hafi þegar slegið hluta af sínum túnum. Sveinn íhugaði að hefja heyskap í þurrki sem var um daginn, en þá þótti honum grösin ekki vera nógu sprottin.

/ál

Tollkvótaúthlutun:

Krónan fær langmestu kvótana

– Háihólmi ehf. fær mest af nauti og alifugli en Mata mest af svínakjöti

Stærsti hluti tollkvóta fyrir landbúnaðarafurðir fór til Krónunnar í úthlutun atvinnuvegaráðuneytisins sem tekur gildi 1. júlí nk. og gildir ýmist í sex eða tólf mánuði. Háihólmi og Aðföng eru einnig aðsópsmikil í úthlutuninni.

Háihólmi ehf. er sá innflytjandi sem fékk mestan kvóta nautakjöts (114.000 kg) og alifuglakjöts (142.709 kg). Eins og greint hefur verið frá eru náin tengsl milli Háahólma ehf. og Kaupfélags Skagfirðinga.

Mata hf. fékk mestan svínakjötskvóta (144.000 kg) en það er systurfélag Matfugls ehf., sem er einn stærsti framleiðandi kjúklingaafurða á Íslandi, og sömuleiðis Síldar og Fisks ehf., sem framleiðir grísakjöt undir merkjum Ali. Krónan fékk mestan kvóta osts og ystings (110.000 kg) og Aðföng fengu mestan kvóta unninna kjötvara (75.000 kg).

Jafnvægisverð nautakjöts í úthlutun á WTO tollkvótum hefur hækkað frá síðustu úthlutun úr 500 í 769 kr. Í úthlutun á ESB tollkvótum var verðið 661 kr. Jafnvægisverð



Atvinnuvegaráðuneytið úthlutar tollkvótum í landbúnaðarafurðir. Í flestum tilfellum er umfram eftirspurn og kvóta því úthlutað með útboði. Mynd / Edson Saldaña

svínakjöts í úthlutun á WTO tollkvótum var 0 kr. eins og síðast en í úthlutun á tollkvótum ESB var verðið nú 400 kr. Jafnvægisverð alifuglakjöts í úthlutun á WTO tollkvótum var 253 kr en var 301 kr. síðast en í úthlutun á tollkvótum ESB var verðið nú 604 kr.

Niðurstöður úthlutunar á blómum eru á þann hátt að engin tilboð bárust í blómstrandi plöntur eða pottaplöntur. Samasem ehf. er eina fyrirtækið sem fékk kvóta fyrir innflutning á tryggðablómum og var úthlutað 6.500 kg fyrir 62 kr. kílóið. Fjögur fyrirtæki skipta með sér 118.750 kg kvóta í afskorin blóm á 35 kr. kílóið. Samasem ehf. er umsvifamest, eða með 70.000 kg. Þar á eftir kemur Grænn markaður ehf. með 24.750 kg og Garðheimar Gróðurvörur með 20.000 kg. Blómabúð Akureyrar var úthlutað fjórum tonnum. */þh & ál*

AFLVÉLAR

Eigum vélar á lager!



VALTRA G LÍNAN 105-135 HÖ

Liprar tækjavélar sem eru tilbúnar í slaginn. Vel hljóðeinangrað ökumannshús með miklu útsýni til allra ára. Ökumannssæti með loftfjöðrun. Húsfjöðrun og fjaðrandi framhásing. Veglegur vinnuljósapakki að framan og aftan. Álagsstýrð vökvadæla.

Hafið samband við sölumenn okkar til að fá frekari upplýsingar og tilboð.

MADE IN FINLAND

Heyvinnutæki



Garðtæki



Hreinsivélar



Fjórhjól



Sláttutraktórar



Slátturóbotar



Allar upplýsingar og verð á heimasíðu Aflvéla

SELFOSSI | AKUREYRI | GARÐABÆ | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2024

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Ómar Örn Sigurðsson – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Almenningur í forgang

Tvö frumvörp eru í pípunum sem munu breyta starfsumhverfi bænda og kannski sérstaklega raforkufrekra búgreina á borð við ylrækt. Annað þessara frumvarpa er í meðförum þingsins sem stendur og fjallar um breytingar á raforkulögum sem ætlað er að auka orkuöryggi með bættri upplýsingaöflun- og miðlun, nýtingu sveigjanleika raforkukerfisins og, það sem mikilvægast er, að tryggja heimilum landsins og mikilvægum samfélagsinnviðum forgang komi til skömmtunar. Hitt frumvarpið er væntanlegt í haust og mun skipta sköpum, en það á að tryggja forgang raforku til almennra notenda, þar á meðal heimila og minni fyrirtækja svo sem landbúnaðarstarfsemi.

Landsvirkjun var allt til ársins 2003 falið það hlutverk með lögum að tryggja raforkuöryggi, en eins og fram kemur í umfjöllun í blaðinu í dag hefur ekki verið skilgreint í raforkulögum, sem sett voru 2003, hver fer með þá ábyrgð. Landsvirkjun hefur þó litið á það sem hluta af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins að halda til haga orku fyrir heimili, smærri fyrirtæki og mikilvæga innviði eins og flutningstöp. „Ef sú orka yrði seld annað gæti það haft veruleg áhrif á orkuöryggi," segir Hörður Arnarson, forstjóri fyrirtækisins, í blaðinu í dag en Landsvirkjun hefur ítrekað kallað eftir lagasetningu sem gefi fyrirtækinu ótvírætt leyfi til að forgangsraða með þessum hætti. Með þeim lögum sem fyrirhuguð eru verður raforkuöryggi heimila og minni fyrirtækja tryggt.

Þessu ber auðvitað að fagna. Það er vitanlega algerlega óforsvaranlegt fyrirkomulag að heimili, mikilvægir innviðir og grundvallaratvinnugreinar í landinu eins og landbúnaður, sem tryggir fæðuöryggi í landinu, sé að öllu leyti háð dyntum markaðsaflanna þegar kemur að raforkuöryggi. Ef einhver annar er tilbúinn til að greiða hærra verð mæti heimilin, innviðirnir og grundvallaratvinnuvegirnir afgangi. Auðvitað þarf að leiðrétta þessa kórvillu hugmyndafræði gróðahyggjunnar í upphafi aldar og þótt fyrr hefði verið.

En þó að almenningur, innviðir og lítil fyrirtæki verði sett í forgang með þessu frumvarpi, þá er ljóst að við erum ekki komin í var fyrir öflum markaðarins þegar að verði kemur. Það mun væntanlega eftir sem áður sveiflast með framboði og eftirspurn. Í umfjöllun hér á síðunni um nýja skýrslu Raforkueftirlitsins um þróun raforkukostnaðar og áhrif á notendur kemur fram að raforkuverð til ylræktar hefur hækkað um átta prósent frá 2020. Smásöluverð hafi hækkað um tæplega 39% síðustu fimm ár og um 78% frá árinu 2005 til 2020. Raforkukostnaður heimila hafi undanfarin fimm ár hækkað um 11% á föstu verðlagi en raforkukostnaður fyrirtækja um 24%.

Áhrifin eru vissulega misjöfn á notendur, meðal annars vegna jöfnunaraðgerða hins opinbera sem vega á móti, en það hlýtur samt að vera umhugsunarefni hvort ekki sé ástæða til þess að endurhugsa verðmyndun og verðlag á þessum markaði, nú eða mótvægisaðgerðir, með almenning í forgrunni, nauðsynlega innviði og grundvallaratvinnustarfsemi sem heldur lífinu í landinu gangandi.

Tillögur eru í nefndri skýrslu um að bæta núverandi kerfi en kannski má endurhugsa sjálft kerfið. Og kannski er rétt að gera það á meðan við búum enn svo vel að geta framleitt ódýrustu raforku í Evrópu. Haldi verðið til almennra notenda áfram að hækka á forsendum stórkaupenda má búast við að þanþolið bresti fljótt. Sömuleiðis hljóta spurningar um verðmæti þeirra náttúruauðæfa sem lögð eru undir virkjanir þá einnig að knýja enn frekar á. Til hvers að fórna þeim verðmætum ef almenningur í landinu fær ekki að njóta ágóðans?

Þröstur Helgason



Raforka:

Átta prósenta hækkun á ylræktina frá 2020

– Rýnt í nýja skýrslu um raforkumál



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Niðurgreiðslur (beingreiðslur) til garðyrkjubænda hafa á undanförnum árum verið 86–93% af kostnaði flutnings og dreifingar raforku, segir í nýrri skýrslu.

Í nýrri skýrslu Raforkueftirlitsins um raforkumál: Þróun raforkukostnaðar og áhrif á notendur, kemur fram að bein áhrif hækkunar raforkukostnaðar frá árinu 2020 til 2025 á föstu verðlagi sé allt að 7% af tekjum fyrir ylrækt.

Segir í skýrslunni að raforkukostnaður garðyrkjubænda hafi hækkað miðað við tekjur, en greiðslur hins opinbera vegna ylræktar og markaðsverð framleiðsluvara hafi í mörgum tilfellum vegið á móti áhrifum hækkunarinnar. Enn fremur að að bæta þurfi aðgengi að upplýsingum fyrir upplýstari umræðu.

Þegar litið sé til verðbreytinga á breytilegu verðlagi, hafi smásöluverð raforku hækkað um tæplega 39% frá 2020 til 2025 og um 78% frá árinu 2005 til 2020. Raforkukostnaður heimila hafi undanfarin fimm ár hækkað um 11% á föstu verðlagi en raforkukostnaður fyrirtækja um 24%.

Áhrif hækkunar raforkukostnaðar frá árinu 2020 til 2025 á dæmigerða notendur.

Notandi	Raforkunotkun	Verðhækkun	Niðurgreitt	Tekjur	Hlutfall verðhækkun
	kWh/ári	kr/kWh núvirt	% raforkukostn.	þkr/ári	% hækkun af tekjum
Heimili með hitaveitu	4.500	2,5	0	12.000	0,1%
Heimili með varmadælu	14.200	2,3	40	12.000	0,3%
Garðyrkja agúrka	7.000.000	3,0	44	283.000	4%
Garðyrkja tómatar	5.040.000	3,1	44	131.000	7%

Gröf / Þróun raforkukostnaðar og áhrif á notendur-Raforkueftirlitið.

Raforkukostnaður á hvert kg af seldu grænmeti árið 2025

Rekstrarþáttur	Eining	Tómatar	Gúrkur	Paprikur
Raforkunotkun	KWh/kg	25	11	27
Raforka	Kr/kg	201	84	213
Flutningur	Kr/kg	77	32	82
Dreifing	Kr/kg	105	44	114
Jöfnunargjald	Kr/kg	10	4	11
Beingreiðsla	Kr/kg	-157	-66	-169
Raforkukostnaður alls	Kr/kg	236	99	252
Heildsöluverð grænm.	Kr/kg	653	429	821
Raforkuk. % af söluverði	% 2025	36	23	31
Raforkuk. % af söluverði	% 2020	34	26	24

Taflan sýnir dæmigerðan rekstur hjá garðyrkjubónda og hlutdeild raforku, raforkuflutnings, dreifingar, jöfnunargjalds og niðurgreiðslu á hvert kílógramm (kg) sem selt er af grænmetinu. Raforkukostnaður að teknu tilliti til beingreiðslna er á bilinu 20 til 35% af heildsöluverði ylræktar samkvæmt töflunni. Raforkunotkun fyrir hvert kg af grænmeti er á bilinu 10 til 30 kWh eftir tegund grænmetis.

Átta prósenta hækkun

Raforkukostnaður alls (raforka í smásölu, flutningur, dreifing og jöfnunargjald) á föstu verðlagi frá árinu 2020 til 2025 hefur breyst með þeim hætti að hækka um 8% hjá almennum fyrirtækjum, sem nota umtalsvert magn raforku (árleg notkun á bilinu 2-20 GWh), sem er um 1,8% árleg hækkun. Stærstu garðyrkjubændur í ylrækt nota á bilinu 2-7 GWh á ári og eru því innan þessarar skilgreiningar.

Raforkukostnaður án VSK er nú um 16 kr/kWh fyrir fyrirtæki sem fá ekki niðurgreiddan flutning og dreifingu. Niðurgreiðslur (beingreiðslur) til garðyrkjubænda hafa á undanförnum árum verið 86-93% af kostnaði flutnings og dreifingar, en ef sprettgreiðslur árið 2023 eru teknar með fóru beingreiðslur hæst í 104%. Umtalsverð árstíðarsveifla er í raforkuverði og getur munað allt að 30% á verði að sumri og vetri.

Garðyrkjan með 85 GWh

Í kafla um þéttbýlis- og dreifbýliskostnað garðyrkjubænda segir að af um 85 gígavattstunda (GWh) raforkunotkun fyrir gróðurlýsingu á landinu sem nýtur beingreiðslna frá ríkissjóði, séu rúmlega 20 GWh innan dreifbýlissvæðis RARIK. Garðyrkjubændur í dreifbýli á afltaxta fengu um 2,3 kr/kWh árið 2024 í niðurgreiðslu dreifbýlisframlags þar sem gjaldskrá í dreifbýli er hærri en í þéttbýli. Garðyrkjubændur í þéttbýli RARIK á afltaxta greiddu árið 2024 að meðaltali 3,9 kr/kWh án VSK á verðlagi þess árs fyrir dreifingu, og bændur í dreifbýli á afltaxta um 6,7 kr/kWh, en fengu



á móti ofangreint dreifbýlisframlag til frádráttar.

Til viðbótar við dreifikostnað var greiðsla fyrir flutning Landsnets um 2,1 til 2,4 kr/kWh og jöfnunargjald 0,4 kr/kWh. Alls er kostnaðurinn um 6,5 kr/kWh án VSK fyrir flutning, dreifingu og jöfnunargjald fyrir notkun yfir 1 GWh/ári.

Raforkuhækkun út í verðlag

Enn fremur kemur fram að einnar krónu hækkun á raforkukostnaði hækki framleiðslukostnað tómataframleiðslu um 25 kr/kg sem sé um 3,9% af söluvirði tómata. Eins hækki paprikukostnaður um 3,3% og gúrkukostnaður um 2,5%. Hins vegar hafi söluverð grænmetis einnig hækkað sem nemi 2,5% á ári að raunvirði (umfram verðbólgu) í tilfelli gúrku, rúmlega 5% á ári í tilfelli tómata og verð papriku um 0,8% á ári umfram verðbólgu. Verðhækkanir grænmetis hafi þannig dregið verulega úr áhrifum hærri raforkukostnaðar.

Gera megi ráð fyrir að raforkunotkun á hvert framleitt kíló lækki um allt að 55-60% ef skipt er yfir í LED perur til lýsingar, en þá þurfi að nota aukið magn af jarðvarma til upphitunar og fjárfesta í varmasparandi búnaði, s.s. gardínum í gróðurhús. Raforkuþörf garðyrkju vegna lýsingar myndi þannig lækka um 50 GWh á ári, sbr. sögulega raforkunotkun.

Skv. skýrslunni eru ekki eru til staðar kröfur um orkunýtni garðyrkju hér á landi líkt og tilfellið sé í ESB. Upplýsingar um orkunotkun og kostnað garðyrkjubænda séu afar takmarkaðar hér á landi þar sem Hagstofa Íslands og atvinnuvegaráðuneyti birti ekki slíkar upplýsingar. Ofangreindar tölur séu áætlaðar með gögnum sem óskað var eftir og skýrslum sem m.a. voru birtar af Orkustofnun vegna ársins 2017 þegar stofnunin sá um beingreiðslur til garðyrkju.

Mismikið vægi

Greining skýrslunnar leiðir í ljós að hækkanir á raforkukostnaði hafa átt sér stað á tímabilinu, en áhrifin hafa mismikið vægi eftir notendahópum. Raforkukostnaður almennra notenda (heimila og fyrirtækja) hefur hækkað talsvert. Almennir notendur í þéttbýli hafa orðið fyrir meiri hækkunum en almennir notendur í dreifbýli, þar sem jöfnunaraðgerðir hins opinbera vega á móti. Áhrif hækkunar raforkukostnaðar fyrir dæmigerð heimili eru talin óveruleg þar sem hún nemi um 0,1% af meðal ráðstöfunartekjum heimila á tímabilinu.

Lagðar eru fram tillögur um bætt eftirlit með verðmyndun raforku og með þróun flutnings- og dreifikostnaðar. Aukin gagnabirting um raforkunotkun, raforkukostnað og niðurgreiðslur eftir tegund notenda auki möguleika á að greina stöðuna hverju sinni, bregðast við með skjótari hætti og nýta orkuna betur. Segir í úrbótatillögum skýrslunnar að birting gagna um orkunotkun ylræktar eftir tegund framleiðslu hafi verið ábótavant, sem dragi úr upplýstri umræðu um málefnið og val á hagkvæmustu lausnunum fyrir orkunotkun atvinnugreinarinnar. Atvinnuvegaráðuneyti, í samstarfi við Hagstofu, geti bætt þá gagnabirtingu. */sá*

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Við Villingaholtsveg í Flóahreppi, rétt sunnan við Hringveginn, má sjá nokkra tugi listaverka á sýningu sem er öllum opin. Höfundur þeirra er alþýðulistamaðurinn Lúðvík Karlsson Liston. Hann vann sína list á árum áður í nágrenninu, en er núna með vinnustofu í Grundarfirði. Lúðvík segist koma reglulega til að skipta um verk og laga til. Verkin þarna eru flest unnin úr grjóti úr Þórustaða-námunni á Ingólfsfjalli.
Mynd og texti / ál

Blómlegar sveitir eru sjálfsmynd þjóðar

Vinkill | Sigmundur Ernir Rúnarsson
ser@althingi.is

Það er brýnna en nokkru sinni að treysta búskap til sveita landsins og viðhalda jarðrækt á sem flestum býlum. Sérstakt átak í þeim efnum er nauðsynlegt á næstu misserum og getur varðað lánafyrirgreiðslu á hagstæðum kjörum og aðra hvata fyrir nauðsynlega nýliðun í atvinnugreininni, svo og breytta stefnu hvað varðar ríkisjarðir sem eru óþarflega margar hér á landi, líklega í námunda við þrjú hundruð. Þá eru ónefndar lagabreytingar sem koma í veg fyrir að efnamiklir útlendingar geti keypt upp heilu og hálfu dalina, án þess að fyrir liggi atvinnustarfsemi og landnýting. Loks er vel við hæfi að auðvelda bændum sölu á vörum sínum, beint frá býli.

Við erum öll úr sömu sveit

Mest um vert er að snúa vörn í sókn, enda varðar málið sjálfsmynd þjóðarinnar. Ásýnd Íslands biði mikinn hnekki ef eyðibýlum myndi fjölga að miklum mun, jafnt fram til dala og út með nesjum og töngum, að ekki sé talað um ef blómleg héruð og hreppar visni og fari í órækt. Búskapur er nefnilega ekki einasta mikilvæg atvinnugrein, heldur er slíkur menningarbragur að honum að líkja verður að öllum líkindum við heildarhugmynd Íslendinga um sjálfa sig.

Við erum nefnilega öll úr sömu sveit, eins og atorkusöm bændaforysta landsins hefur bent svo réttilega á í nýlegu kynningarátaki sínu. Og hvort sem lögheimilið er að finna í borg eða bæjum, ellegar út um dreifðustu byggðir, hringinn í kringum landið, eru svo til allir landsmenn í ríkum tengslum við landbúnað, ef ekki sakir forfeðra og ættartengsla, ellegar ákafrar og einlægrar matarástar, þá vegna þeirrar sannfæringar að landinu sé miklu betur borgið í byggð en eyði.

Fæðuöryggi er lykilatriði

Fjöldamörg önnur rök hníga í sömu átt. Og ber þar fæðuöryggi hátt. Það varðar þjóðaröryggi að Ísland halli sér sem næst sjálfbærni í matvælaframleiðslu, og sé aflögufært á sem flestum sviðum í þeim efnum. Veldur þar miklu að vaxandi blikur eru á lofti í heimsmálum, svo ekki sé meira sagt, en þá ber eins að horfa til þess að tilflutningur matvæla frá fjarlægum álfum mun sæta æ ríkari gagnrýni á komandi árum vegna umhverfissjónarmiða. Það er stórvægilegur mengunarþáttur að fylla flutningaskip og fraktvélar af allra handa aðföngum sem auðvelt væri að framleiða heima fyrir, ef aðstæður og stuðningur væru fyrir hendi.

Það er engin ástæða til annars en að óska íslenskum landbúnaði farsældar í framtíðinni. En hann þarf að taka sér tak. Hann á öðru fremur að minna á sóknarfæri sín og styrkleika á komandi tímum, fremur en að verjast eilíflega sakir veikleika sinna. Það ber að auka framleiðslu á sem flestum póstum, hvort heldur er varðar mjólk og osta, kjötafurðir og grænmeti til að mæta stóraukinni spurn eftir matvælum á næstu árum þegar saman fer fjölgun íbúa og ferðafólks, svo um munar.

Stuðningur borgar sig

Það borgar sig að styrkja íslenskan landbúnað. Það á að gera það kinnroðalaust. Allar aðrar þjóðir Evrópu gera slíkt hið sama, af ástæðum sem rekja má til margra þátta sem hér hafa verið nefnd að ofan.

Það er kappsmál að byggðir blómstri. Ásýnd landsins er ekki aðeins í húfi, heldur líka hefðir og saga og arðbær og öflug framleiðsla á úrvalsvörum sem völ er á.

Sá sem hér heldur á penna mun tala í þessa veru á Alþingi á komandi árum.

Höfundur er alþingismaður.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Forstjóri Samkeppniseftirlitsins mælist til þess að stöðvuð verði aukin samvinna og sameining afurðastöðva hér á landi, enda blasi við að með því geti hagsmunir neytenda og bænda verið bornir fyrir borð. Bændur hafa hins vegar beðið þess í tuttugu ár að geta náð fram hagræðingu í rekstri hjá sér með því að lækka sláturkostnað, ekki síst með aukinni samvinnu og sameiningu afurðastöðva. Þannig myndi samkeppnisstaðan styrkjast gagnvart innfluttu kjöti sem kemur hingað frá alþjóðlegum risafyrirtækjum á sviði slátrunar og vinnslu kjöts. Um leið myndi samkeppnisstaðan gagnvart smásölum í landinu styrkjast og ekki veitir af. Þar hefur takmörkuð samkeppnin afhjúpast í lágmarksmun á verði stóru búðakeðjanna. Um þau efni virðast varnaðarorðin ekki hógdræg úr hugarfylgsni forstjóra Samkeppniseftirlitsins.

Skrifari sat raunar málfund Félags atvinnurekenda snemma vors þar sem verslunarstjóri Prís sagði farir sínar ekki sléttar á smásölumarkaðnum. Það reyndist nýrri verslun ekki auðvelt að komast inn á markaðinn þar sem risar tveir sátu á fleti fyrir. Verslunarstjórinn lýsti ýmiss konar brögðum sem þeir beittu til þess að gera nýrri búð erfitt fyrir að koma sér fyrir á markaðnum. Svo vildi til að forstjóri Samkeppniseftirlitsins var einnig á fundinum og sagði fátt um þessar lýsingar.

Kannski er ekkert við íslenskan smásölumarkað með matvörur að athuga. Það mætti þá segja neytendum það. Forstjórinn fær orðið hér með.

Stofnun Prís gefur raunar vísbendingu um að það sé svigrúm á markaðnum til þess að reka enn eina lágvöruverðsbúðina með stórhagnaði. Og auðvitað þarf ekki annað en að horfa á hagnaðartölur verslana sem þegar eru á markaðnum til þess að sjá að þarna er í raun og veru feitan gölt að flá.

Aukinni samkeppni á lágvöruverðsmarkaði ber að fagna en á hitt má líka benda að það er augljóst gat á hinum enda markaðarins. Kannski hefur íslenskt verslunarfólk verið full einsýnt í sinni hugmyndafræði um lágvöruverðsverslanir síðustu áratugi. Hér vantar nefnilega verslanir sem leggja um fram allt áherslu á fyrsta flokks matvöru, heilnæmar og hreinar matvörur sem framleiddar eru við bestu hugsanlegu aðstæður. Slíkar verslanir er víða að finna erlendis en hér á landi er augljóst að slíkar búðir myndu bjóða upp á upprunamerktar íslenskar landbúnaðarafurðir.

Væntanlega myndi slík búð ekki keppa á lágvöruverðsmarkaði, enda flytti hún ekki inn verksmiðjuframleitt kjöt eða annars og þriðja flokks grænmeti til þess að halda verðinu niðri. En slík búð myndi svara kröfum þeirra neytenda sem vilja vita hvaðan maturinn sem þeir borða kemur og hugsa umfram allt um hollustu hans og heilnæmi. Og sá hópur fer sífellt stækkandi.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarson
trausti@bondi.is

Við eigum verk fyrir höndum

Á dögunum áttu Bændasamtökin fund með atvinnuvegaráðherra, þar sem við ræddum meðal annars vinnuna fram undan um starfsskilyrði landbúnaðarins. Gildandi búvörusamningar renna út í lok næsta árs og því meiri tími sem samningsaðilar gefa sér í vinnu og viðræður því betri verður niðurstaðan. Það er því afar ánægjulegt að á fundinum var ákveðið að vinnan skuli hefjast þann 19. ágúst næstkomandi.

Mér þykir það líka lofa góðu að ráðherra tók undir þau rök okkar að tollamál eigi að vera hluti af þessari vinnu, enda eru þau klárlega hluti af starfsskilyrðum landbúnaðar og bænda.

Eins og ráðherrann sagði sjálf þá eru mikil tækifæri í landbúnaði og með góðum og framsýnum búvörusamningum er hægt að tryggja nýliðun í greininni, stutt við kynslóðaskipti og aukið verðmætasköpun. Þessum markmiðum er samt best náð með því að tryggja bændum sanngjarnar tekjur fyrir sína vinnu og það markmið verður í framsætinu hjá okkur á komandi mánuðum og misserum.

Nær allir Íslendingar eru sammála um það að landbúnaður er hagsmunamál almennings, og á það meira að segja við um suma þeirra sem lengst vilja ganga í innflutningi á erlendum landbúnaðarafurðum.

Almenningshagsmunirnir verða augljósari og skýrari við lestur frétta af heimsmálunum síðustu mánuði. Nær daglega kvarnast úr þeim stöðugleika í samskiptum ríkja og alþjóðaviðskiptum sem ríkt hefur – þó ekki hnökralaust – frá falli Sovétríkjanna. Vonandi er um tímabundið ástand að ræða, en stríðsátök og vöðvahnyklingar stórvelda gera öll aðföng erfiðari og dýrari.

> Það eru ótrúlega mikil og fjölbreytt tækifæri í íslenskum landbúnaði, en það er mikilvægt að skapa bændum möguleikann til að grípa tækifærin sem við þeim blasa.

Það þarf enga sérmenntun til að sjá fyrir afleiðingar þess ef Íranir bregðast við sprengjuárásum með því að loka fyrir olíuflutninga um Persaflóa, enda höfum við séð það áður. Hærra olíuverð hefur áhrif á verðlagningu á nær öllum öðrum vörum, ekki síst matvælum af öllu tagi.

Öflugur innlendur landbúnaður og matvælaframleiðsla er aldrei mikilvægari en einmitt þegar óvissuástand er í heiminum. Við sjáum það líka að í löndunum í kringum okkur er verið að stíga skref til að styrkja landbúnað og matvælaframleiðslu enda virðist að flestar þjóðir hafi áttað sig á mikilvægi öflugs landbúnaðar fyrir þjóðaröryggi hvers ríkis á óvissutímum.

Það er ekki ætlun mín að mála hlutina dekkri litum en þörf er á. Alþjóðaverslun er ekki að leggjast af – langt frá því – og vonandi munu stríðsátök heimsins taka endi fyrr en síðar. En fæðuöryggi er þess eðlis að ef það er ekki til staðar þegar á reynir, er ekki hægt að spinna það úr lausu lofti.

Landbúnaður og matvælaframleiðsla eru samofin íslenskri menningu og íslensku samfélagi og verðmæti landbúnaðarins er fólgið í ótalmörgum ólíkum þáttum sem ekki verða allir metnir til fjár, en fæðuöryggi og fæðufullveldi eru vissulega meðal verðmætari þátta og alveg ómetanlegir ef á þá reynir.

Það eru ótrúlega mikil og fjölbreytt tækifæri í íslenskum landbúnaði, en það er mikilvægt að skapa bændum möguleikann til að grípa tækifærin sem við þeim blasa og því nauðsynlegt að vanda vel til verka í þeirri vinnu sem fram undan er og bæta hvort tveggja í senn innri og ytri skilyrði landbúnaðarins til að raungera tækifærin. Saman eru bændur og stjórnvöld í einstakri stöðu til að renna styrkari stoðum undir það góða starf sem bændur vinna nú þegar og leysa úr læðingi krafta sem ekki hafa fengið að njóta sín til þessa. Ég ber vonir til að sú verði raunin og hlakka til vinnunnar sem fram undan er.

Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.



Stjórnendur Arla og DMK Group hafa samþykkt samruna fyrirtækjanna og bíða nú viðbragða samkeppnisyfirvalda Evrópusambandsins.

Arla og DMK Group sameinast

– Mynda fjórða stærsta mjólkurbú heims

Afurðarisarnir Arla í Danmörku og víðar og DMK Group í Þýskalandi stefna nú á samruna fyrirtækjanna sem bæði eru samvinnufélög í eigu ríflega tólf þúsund kúabænda í sjö löndum í Norður-Evrópu.

Samruni félaganna var samþykktur af fulltrúaráðum félaganna 18. júní sl. Ef samkeppnisyfirvöld Evrópusambandsins heimila samrunann, sem stjórnendur fyrirtækjanna eru bjartsýnir á að þau muni gera, þá verður til fjórða stærsta mjólkurbú heims og það stærsta í Evrópu með áætlaðar tekjur upp á 19 milljarða evra. Sameinað félag mun hafa úr að spila 18,8 millljarða kílóa af mjólk.

Í frétt Medier Mejeri af samrunanum segir að eigendur fyrirtækjanna telji hann muni tryggja vöxt fyrirtækisins en sameinuð muni styrkleikar fyrirtækjanna nýtast eigendum betur jafnt sem starfsfólki, viðskiptavinum og neytendum.

Gert er ráð fyrir að samþykktarferlinu hjá samkeppnisyfirvöldum verði lokið á fyrsta ársfjórðungi 2026.

Sameinað félag Arla og DMK Group yrði einn helsti samkeppnisaðili Mjólkursamsölunnar á mörkuðum fyrir mjólkurvörur á Íslandi og í Evrópu. Stjórnendur Mjólkursamsölunnar höfðu ekki tök á að bregðast við fréttinni.

/ph



Ljósmyndasýning á Eyrarbakka

Síðustu helgi var opnuð ljósmyndasýning í Gömlu kartöflugeymslunni við Búðarstíg á Eyrarbakka.

Á sýningunni eru ljósmyndir sem Magnús Karel Hannesson tók árið 1993 af laxveiði í net fyrir landi Óseyrarness, sem liggur að Ölfusá neðanverðri. Ljósmyndirnar sýna þann andblæ og eftirvæntingu sem ríkti á veiðistaðnum á góðum sumardegi fyrir rúmum þrjátíu árum síðan og varpa ljósi á aldagamla veiðiaðferð sem lagðist af aðeins örfáum árum eftir að myndirnar voru teknar.

Sýningin var hluti af Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka 20.–22. júní og verður aftur opin laugardaginn 28. júní kl. 13–15 og sunnudaginn 29. júní kl. 13–16.



Nýsköpun:

Sniglarækt möguleg hliðarbúgrein bænda

– Úthlutað úr Lóusjóði

Úthlutað hefur verið Lóu – styrkjum til nýsköpunarverkefna á landsbyggðinni 2025.

Í fregn frá ráðuneyti menningar, nýsköpunar og háskóla kemur fram að í ár hafi 21 verkefni hlotið styrk fyrir alls um 100 milljónir króna. Áherslan í ár var á verkefni sem fela í sér hagnýtingu stafrænna lausna, þróun og nýtingu tæknilausna í heilbrigðismálum og verkefni sem stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda eða afurða á nýskapandi hátt.

Hæstu styrkupphæð hlaut Cannarctica ehf. á Vestfjörðum, 7,5 m.kr., til að bæta skilvirkni og sjálfbærni í ræktunarlýsingu með þróun vatnskældra LED-ræktunarljósa. Kerfið er sagt nýta varmaorku frá ljósunum til upphitunar eða orkuframleiðslu, sem dragi úr orkunotkun og auki endingartíma þeirra. Gervigreind stýri einnig ræktunarskilyrðum og orkunýtingu, sem stuðli að hámarksafköstum og lágmarks sóun.

Frumgerð af alíslensku húsi

Tandraorka á Austurlandi fékk 6 m.kr. til að nýta grisjunarvið til lífkolunar á Eskifirði. Framleiðslan skili kolefnishlutlausri steypu, lífrænum jarðvegsbæti, viðarolíu og varma. Markmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, bæta nýtingu skógarafurða og skapa sjálfbærar lausnir fyrir iðnað og landbúnað. Meðal annarra verkefna sem hlutu styrk eru Eimur, 3,3 m.kr., til að stuðla að nýtingu glatvarma til sniglaræktunar. Felst það verkefni í að kynna sniglarækt sem sjálfbæra hliðarbúgrein fyrir bændur, byggða á nýtingu glatvarma úr jarðhitavatni. Um er að ræða fræðsluherferð með áherslu á að skapa verðmæti úr vannýttum auðlindum, bæta nýtingu hliðarstrauma og efla atvinnulíf með



Eimur hlaut 3,3 m.kr. styrk úr Lóusjóði vegna nýtingar glatvarma til sniglaræktunar sem gæti verið möguleg hliðarbúgrein matvælaframleiðslu hjá bændum. Mynd / Pixabay

nýsköpun í matvælaframleiðslu.

Þá hlaut Alor ehf. 5,3 m.kr. styrk til að þróa straumlínulagað matskerfi sem metur hagkvæmni þess að bændur framleiði eigin orku og geymi hana á rafhlöðum, þ.m.t. með sólarsellum og vindorku. Livefood ehf. hlaut 5,5 m.kr. styrk til að þróa grænkera-mygluosta úr kartöflum þar sem jarðvarmi nýtist sem orkugjafi. Skógarafurðir ehf. á Fljótsdalshéraði fengu 4,7 m.kr. styrk til að hanna frumgerð af alíslensku, grænu einbýlishúsi fyrir nýjan byggðakjarna í Fljótsdal, með lágt kolefnisspor, þar sem efnisval ræðst af hráefni svæðisins og hringrásarhagkerfinu. Þá hlaut fyrirtækið GG2023 ehf. 3,6 m.kr. til að bæta nýtingu glatvarma og landbúnaðarlands til að stuðla að fæðu- og matvælaöryggi.

Níutíu og sjö umsóknir

Hlutverk Lóunnar er að styðja við nýsköpun, eflingu atvinnulífs og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni á forsendum svæðanna sjálfra. Styrkjum er úthlutað til árs í senn, hvert verkefni getur hlotið að hámarki 20% af heildarúthlutun hvers árs. Mótframlag frá umsækjanda þarf að lágmarki að vera 30%.

Í ár bárust 97 umsóknir í sjóðinn og er þetta í fimmta skipti sem veitt er úr sjóðnum. Ný matsnefnd hóf störf í ár og í henni sátu Guðmundur Rafn Gíslason, Rannveig Björnsdóttir og Sigyn Jónsdóttir. */sá*

Útvarp Bændablaðið:

Landbúnaðurinn í skjóli innan EES

– Samkeppnisreglur víkja fyrir landbúnaðarstefnu hvers lands innan ESB, segir Björn Bjarnason

„Aðildin að EES skiptir bændur mjög miklu. Við innleiðum talsvert mikið af reglum Evrópusambandsins eins og okkur ber en við höfum ekki gripið til þeirra mótvægisaðgerða sem þarf til að skapa jafnvægi á móti, eins og í tilviki samkeppnisreglna sem víkja fyrir landbúnaðarstefnu hvers lands innan ESB," segir Björn Bjarnason, fyrrum ráðherra, í Útvarpi Bændablaðsins.

„Það er alveg skýrt í allri grunnhugsun ESB að samkeppnisreglur eiga að víkja ef þær stangast á við landbúnaðarstefnuna, fæðuöryggi og nauðsyn þess að skapa lífskjör innan ríkja sem byggja á landbúnaði. Við höfum ekki útfært þetta með þeim hætti sem heimilt er samkvæmt þeim leikreglum sem fylgt var þegar innflutningur landbúnaðarafurða var knúinn fram, ef ég má orða það þannig, og tollar lækkaðir. Þar með vantaði mótvægið sem ég nefndi. Um þetta snerust breytingarnar á búvörulögunum sem gerðar voru í fyrra og heimiluðu meiri samruna og samvinnu meðal afurðastöðva til þess að styrkja samkeppnishæfni



„Það er alveg skýrt í allri grunnhugsun ESB að samkeppnisreglur eiga að víkja ef þær stangast á við landbúnaðarstefnuna, fæðuöryggi og nauðsyn þess að skapa lífskjör innan ríkja sem byggja á landbúnaði," segir Björn Bjarnason.

íslensks landbúnaðar gagnvart hinum erlenda. Allar þjóðir velta þessum málum fyrir sér frá þeim sjónarhóli hvað sé best fyrir þær sjálfar og fæðuöryggi þeirra."

Björn segir að um allan heim geri stjórnvöld ráðstafanir af þessu tagi sem tryggja að landbúnaður dafni. Og það verði að gera hér á landi einnig því íslenskur landbúnaður sé í samkeppni við erlend risafyrirtæki í matvælaframleiðslu. Ísland hafi svigrúm til þess innan EES en myndi ekki hafa sama svigrúmið innan ESB.

„Allar þjóðir vilja í skjóli ákveðinna reglna sem þær setja veita sínum eigin landbúnaði öryggi. Ef við færum inn í ESB hefðum við hins vegar ekki það svigrúm sem við höfum nú innan EES til þess að laga okkur að utanaðkomandi samkeppni. Þá þyrftum við að gangast undir sameiginlega landbúnaðarstefnu ESB og þá yrði tekið af okkur ákveðið ákvörðunarvald sem við höfum nú í okkar höndum."

Það er þá ákveðið skjól fyrir landbúnaðinn innan EES?

„Já, þar er íslenskur landbúnaður í ákveðnu skjóli vegna þess að við göngum ekki undir sameiginlegu landbúnaðarstefnuna."

Hlusta má á þáttinn á hlaðvarpsveitum og á bbl.is. */ph*

BM·VALLÁ

SJÁÐU PLANIÐ FYRIR ÞÉR

Hannaðu innkeyrsluna með teikniforritinu á **bmvalla.is** og sjáðu hvaða hellur og sorptunnuskýli fara best á planinu þínu.



SKANNAÐU TIL AÐ OPNA TEIKNIFORRIT

Njóttu þess að skipuleggja draumareitinn og fegra umhverfið.

bmvalla.is bmvalla@bmvalla.is 412 5000



Krækklingur er einnig nefndur bláskel. Mynd / Andreas Trepte

Varað við tínslu kræklings

Matvælastofnun hefur sent út viðvörun vegna mögulegra eiturþörunga sem geta mengað krækling á vinsælum tínslustöðum.

Þörungarnir hafa verið viðvarandi í sjó í Hvalfirði yfir sumartímann. Er það vegna þess hve sólríkt hefur verið í maí og júní. Því hefur almenningi verið ráðið frá því að tína krækling í Hvalfirði og á öðrum vinsælum stöðum til kræklingatínslu. Frá þessu er greint á vef Matvælastofnunar (MAST).

Neytendur þurfa ekki að varast krækling sem er ræktaður hérlendis og fæst í verslunum og á veitingastöðum. Ræktendur eru undir eftirliti MAST og heilbrigðiseftirlits og þurfa reglulega að taka sýni af skelkjöti og sjó til að fylgjast með magni eitraðra þörunga í kjötinu og hafinu þar sem ræktunin á sér stað.

Vöxtur og eiturmyndun í þörungum er ekki fyrirsjáanleg og getur hættan sprottið upp á gróðurtímabili þörunga sem er frá því í mars og fram á vetur. Skelfiskurinn verður ekki fyrir áhrifum sjálfur, en safnar í sig eitrinu. Samkvæmt MAST er ekki tryggt að fylgja þumalputtareglunni um að óhætt sé að neyta krækklings sem er tíndur í mánuðum sem hafa R í nafninu sínu, því eitrið getur haldist í skelfisknum að loknu gróðurtímabili þörunganna. */ál*

Landbúnaðarháskóli Íslands skrifar undir samning við atvinnuvegaráðuneytið

Atvinnumálaráðuneytið hefur gert samning við Landbúnaðarháskóla Íslands um áframhaldandi samstarf á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar. Hanna Katrín Friðriksson atvinnuvegaráðherra og Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir, rektor LbhÍ, undirrituðu samninginn og gildir hann fyrir árin 2025–2027.

Með samningnum leitast ráðuneytið við að stuðla að öflugum rannsóknum og nýsköpunar- og þróunarstarfsemi á sviði landbúnaðar- og matvælaframleiðslu. Skólinn gegnir samkvæmt samningnum ráðgjafarhlutverki gagnvart stjórnvöldum á fræðasviði skólans. Þá mun skólinn sinna stjórnsýsluverkefnum í umboði atvinnuvegaráðuneytisins, t.d. með setu í stjórnum stofnana og þátttöku í vinnu starfshópa.

Á meðal þeirra verkefna sem skólinn mun vinna að eru rannsóknir á sviði loftslagsmála, nýting lífræns áburðar, rannsóknir í þágu lífrænnar framleiðslu og verkefni tengd tæknilausnum í landbúnaði. */só*



Hallormsstaður:

Metfjöldi gesta á Skógardeginum mikla

– Skógarhöggsmenn kepptu til síðasta blóðdropa

Nýr Íslandsmeistari í skógarhöggi og fleiri keppnisgreinum var krýndur í Hallormsstað á dögunum.

Skógardagurinn mikli var að vanda haldinn í Hallormsstað á Fljótsdalshéraði í áliðnum júní. Til hátíðarinnar var stofnað árið 2005, af Skógræktinni, Félagi skógarbænda á Austurlandi og félögum sauðfjár- og kúabænda á Héraði og Fjörðum.

Veður var blítt á hátíðardaginn, 21. júní, og segja aðstandendur að Skógardagurinn mikli hafi aldrei verið fjölmennari en í ár. Talið er að þetta hafi verið einn stærsti dagurinn hingað til og um og yfir 2.500 manns verið samankomnir.

Gómsætar veitingar

Hátíðin hófst á hádegi með skógarhöggskeppni, þar sem miklir snillingar í þeirri kúnst etja jafnan kappi og mjög hart er barist um sigur.

Náttúruskólinn bauð gestum og gangandi í rjóður þar sem búið var að súrra þrautabrautir og grilla mátti ormabrauð, tileinkað Lagarfljótsorminum, við opinn eld undir leiðsögn. Einnig var krökkum kennt að tálga og höggva eldivið. Í kjölfarið fór fram skemmtidagskrá á sviði í Mörkinni, þar sem kenndi ýmissa grasa í tónlist og mæltu máli. Sýndar voru býflugur og boðið á hestbak.

Veitingar Skógardagsins eru alltaf í meira lagi kræsilegar og fara menn ævinlega saddir og sælir frá hátíðinni. Félag nautgripabænda á Héraði og Fjörðum bauð upp á heilgrillað naut sem snúist hafði yfir eldi alla nóttina og morguninn. Nautakjötið er borið fram á trébrettum úr viði skógarins, niðursneitt í hæfilega munnbita og ljúffeng sósa boðin með. Ljómandi svínakjöt var einnig framreitt handa gestum. Félag sauðfjárbænda á Héraði og Fjörðum býður og jafnan upp á grillað lambakjöt, sem er mesta lostæti. Sjálfboðaliðar ganga um meðal gesta og bjóða smakk eins og hugurinn girnist.

Sömuleiðis bjóða skógarmenn upp á ketilkaffi og lummur í rjóðri. Sá sem ekki hefur smakkað alvöru ketilkaffi á margt eftir óupplifað. Jafnframt eru grillaðar pylsur í hundraðavís og gefnar þeim sem vilja.



Þrír efstu í skógarhöggskeppni Skógardagsins: f.v. Mates Cieslar í 2. sæti, Sigfús Jörgen Oddsson, krýndur Íslandsmeistari, og Ýmir Knútur Eiríksson í 3. sæti. Mynd / Þór Þorfinnsson



Náttúruskólinn kennir ungum sem öldnum að tálga á Skógardaginn. Mynd / Ásmundur Máni

Barist um titilinn

Þegar nokkuð var liðið á daginn fóru fram lokakeppnisgreinar í skógarhöggi og Íslandsmeistari var krýndur og honum færð verðlaun, að þessu sinni frá fyrirtækinu MHG. Var það Sigfús Jörgen Oddsson, sem sigraði einnig í keppninni árið 2017. Fékk hann í sigurlaun öryggisbuxur og jakka fyrir skógarhögg. Í öðru sæti var Mates Cieslar og því þriðja Ýmir Knútur Eiríksson.

Aðstandendur hátíðarinnar í ár voru Land og skógur Hallormsstað, Félag skógarbænda á Héraði og Fjörðum, Félag sauðfjárbænda á Héraði og Fjörðum og Félag nautgripabænda á Héraði og Fjörðum */sá*



Skógardagurinn mikli þótti sérlega vel heppnaður í ár og metfjöldi var af gestum. Mynd / Ásmundur Máni

SMÍÐAÐ ÁN MÁLAMIÐLANA.
ENDING OG ÁREIÐANLEIKI SEM ENGINN KEPPIR VIÐ.

MESTA VEGHÆÐIN*

LEIÐANDI Í AFLI*



MESTA BURÐAR-OG DRÁTTARGETAN*

BESTA FJÖÐRUNAR-SVIÐIÐ*

TIL Á LAGER

OUTLANDER G3L 500 & 700- VERÐ FRÁ 1.605.000 + VSK

**í flokki 500-700cc eins cylenders hjóla*

ELLINGSEN

Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.



Blómkál skorið upp á Íslandi. Í samnorrænu verkefni er leitast við að fá ungt fólk til starfa í lanbúnaði. Mynd / Bbl

Laða ungt fólk til starfa í matvælaframleiðslu

Áhugi ungs fólks á matvælaframleiðslu fer dvínandi á Norðurlöndum. Meðalaldur fólks innan geirans er 55,3 ár og eru það í miklum meirihluta karlmenn.

Sameiginlegt verkefni Norðurlanda og Eystrasaltsríkja, sem ber heitið Growing Food(ies), miðar að því að auka áhuga ungs fólk á störfum í matvælakerfum á þessu svæði, frá landbúnaði og sjávarútvegi og allt þar til afurðir enda á diski neytenda. Verkefnið nær einnig til tengdra greina eins og skógræktar, dýralækninga, kjötiðnaðar og fiskvinnslu. Hjá atvinnuvegaráðuneytinu fengust þær upplýsingar að ekki hafi verið unnin heildstæð greining á stöðu þessara mála á Íslandi en að „ekki er ástæða til að ætla að hún sé með öðrum hætti hér en á hinum Norðurlöndunum. Búum í landbúnaði hefur fækkað hér eins og í hinum löndunum og meðalaldur bænda fer hækkandi. Kynslóðaskipti eru jafnframt erfið af sömu ástæðum og þar og reyndar víðar í Evrópu.“

Á fundi ráðherra landbúnaðar, matvæla og sjávarútvegs í Kuopio í Finnlandi 11.–12. júní síðastliðinn skiluðu forsvarsmenn Growing Food(ies) sínum fyrstu niðurstöðum og helstu ráðleggingum til hagsmunaaðila og stefnumótenda í matvælaframleiðslu á Norðurlöndum. Þar leggja þau áherslu á að stuðla að betri menntun um matvæli til barna og ungmenna. Mikilvægt sé að varpa ljósi á þau tækifæri sem felast í nýsköpun og frumkvöðlastarfi í matvælakerfum, bjóða upp á frekari tækifæri í dreifbýli og leggja sérstaka áherslu á að gera þennan geira spennandi vettvang fyrir konur og ungt fólk. Í skýrslu Growing Food(ies) segir jafnframt að ungt fólk þurfi að vera þátttakendur í að móta stefnur innan geirans. Einnig þurfi að hlúa að farandverkafólki sem starfar í matvælaframleiðslu og stuðla að inngildingu þeirra.

„Niðurstöður Growing Food(ies) munu nýtast sem leiðarljós við mótun aðgerða innan sviða menntunar, byggðaþróunar og atvinnusköpunar í matvælageiranum, þar með talið við endurskoðun stuðningskerfis landbúnaðarins sem stendur fyrir dyrum,“ segir í svörum við fyrirspurn til atvinnuvegaráðuneytisins um hvernig verkefnið verði nýtt hér á landi og bæta við að „slík verkefni falla jafnframt vel að áherslum íslenskra stjórnvalda um aukna nýtingu vistvænna auðlinda og aðgerða í loftslagsmálum“.

Aðstæður hér á landi hafa ýmislegt upp á að bjóða sem nýta má til þess að laða ungt fólk til matvælaframleiðslu. „Á sama tíma búa íslenskt samfélag og náttúrulegar aðstæður yfir tækifærum til að gera greinina aðlaðandi s.s. í gegnum öflug tækni- og nýsköpunarfyrirtæki í sjávarútvegi og annarri matvælaframleiðslu og náttúrugæði sem er á margan hátt einstakt,“ segir í svörum atvinnuvegaráðuneytis sem ítreka að „nauðsynlegt [sé] að byggja á þessum styrkleikum og vinna markvisst gegn þeim aðgangshindrunum sem ungt fólk mætir við inngöngu í greinina í anda niðurstaðna Growing Food(ies)“. */só*





Stjórnvöld segja innan seilingar fyrir árið 2030 að 30% þurrlendis sem teljast mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni séu undir skipulagðri verndun. Mynd / sá

Stjórnvöld:

Ný stefna um líffræðilega fjölbreytni

– Reynt að styrkja málefnið þvert á stjórnarstig og samfélag

Í Samráðsgátt stjórnvalda eru nú til umsagnar drög að stefnu um líffræðilega fjölbreytni. Drögin eru í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um málefnið.

Í nýrri stefnu um líffræðilega fjölbreytni eru tekin saman markmið eftir málaflokkum og þeim skipt í sex leiðarljós sem „bjóða upp á þverfaglega sýn á þátt líffræðilegrar fjölbreytni í mismunandi viðfangsefnum“, eins og segir í kynningu.

Þau eru: sterkur sess líffræðilegrar fjölbreytni innan stjórnkerfis, verndun og endurheimt vistkerfa og tegunda, sjálfbær landnotkun og auðlindanýting í sátt við líffræðilega fjölbreytni, framandi ágengar tegundir, mengun og loftslagsbreytingar, líffræðileg fjölbreytni fyrir samfélagið og þekking sem undirstaða árangurs.

Markmið stefnunnar eru þannig sögð vera að styrkja sess líffræðilegrar fjölbreytni þvert á öll stjórnarstig og þvert á samfélagið.



Gengið í blómlegum skógi í Japan. Æ meiri áhersla er lögð á verndun líffræðilegrar fjölbreytni um allan heim. Mynd / ál

Ríkari ábyrgð sveitarfélaga

Í samantekt á tillögum stýrihóps er m.a. lagt til að „efla þurfi ráðgjöf varðandi atvinnuvegi sem byggja á nýtingu lífrænna auðlinda, meta hvar tækifæri eru til úrbóta, t.a.m. varðandi hvernig innleiða megi vistkerfisnálgun skýrar í ferla varðandi ákvarðanatöku, og samþætta betur kerfi nýtingar við önnur kerfi verndunar og endurheimtar. Hér er átt við undirstöðuatvinnuvegi í matvælaframleiðslu eins og sjávarútveg og landbúnað sem og lagareldi.“

Lagt er til að sveitarfélögum verði falin ríkari ábyrgð og verkefni á sviði líffræðilegrar fjölbreytni. Viðhalda á erfðabreytileika í innlendum stofnum búfénaðar og ræktaðra plantna í samræmi við landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins.

Enn fremur að árið 2030 verði öll nýting á gróður- og jarðvegsauðlindum landsins sjálfbær og stunduð í sátt við líffræðilega fjölbreytni og árið 2030 verði 30% svæða lands, ferskvatns og hafs þegar skilgreind sem skipulögð verndarsvæði í þágu líffræðilegrar fjölbreytni með skilvirkri stjórnun. Einnig að árið 2030 verði búið að hefja endurheimt á að lágmarki 30% þeirra vistkerfa sem hafa raskast.

Segir í stefnudrögunum að „alþjóðleg markmið GBF miða við að 30% svæða, sem teljast mikilvæg fyrir líffræðilega fjölbreytni, séu undir skipulagðri verndun fyrir árið 2030. Fyrir þurrlendið er þetta markmið innan seilingar á Íslandi en þó þarf að greina betur framlag núverandi verndarsvæða á landi til verndunar líffræðilegri fjölbreytni og enn eru mörg mikilvæg svæði án verndar. Ísland er mun lengra frá því að geta tryggt 30% flatarmál verndarsvæða í hafi árið 2030, en núverandi hlutfall er tæpleg 2% og einungis 0,07% hafa verið staðfest sem verndarsvæði af alþjóðlegum samningum.“

Undirstaða aðgerðaáætlunar

Síðast var stefna Íslands um líffræðilega fjölbreytni gefin út árið 2008. Íslandi ber skylda að móta slíka stefnu og uppfæra hana reglulega, þar sem stjórnvöld hafa undirritað samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Convention on Biological Diversity). Segir í kynningu að í því ljósi hafi formleg endurskoðun stefnunnar hafist, þegar grænbók um líffræðilega fjölbreytni íslenskra vistkerfa var gefin út til samráðs árið 2022.

Stýrihópur var skipaður árið 2024 af þáverandi umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að halda áfram vinnunni og gefa út drög að hvítbók um stefnu Íslands varðandi líffræðilega fjölbreytni. Hún er sögð undirstaða fyrir aðgerðaáætlun sem unnið verði að í framhaldinu.

Hvítbókin var unnin í samráði við önnur ráðuneyti, stofnanir, atvinnulífið, félagasamtök og almenning. Það samráð var nýtt við gerð stefnunnar sem nú er til kynningar.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hyggst á vorþingi 2026 leggja fram tillögu til þingsályktunar um stefnuna.

Umsagnarferli lýkur 20. ágúst nk. */sá*

Miðpunktur tækifæra



á fjölmennu svæði

Grímsnes- og Grafningshreppur hefur skipulagt nýtt athafnasvæði rétt suður af Borg, þar sem gert er ráð fyrir hreinlegum, léttum iðnaði og ýmiss konar fjölbreyttri starfsemi. Nýja athafnasvæðið felur í sér mikil tækifæri fyrir kraftmikið fólk sem vill skapa sér og öðrum atvinnu, miðsvæðis á fjölmennu þjónustusvæði á Suðurlandi.

8 athafnalóðir lausar til umsóknar.





20 mín.
á Selfoss



2.500 bílar
á dag



16–20 þús. manna
þjónustusvæði

Kynntu þér möguleikana á borgisveit.is

GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Nýsköpun:

40 þúsund notendur í 24 löndum

Smáforritið HorseDay fagnaði þriggja ára afmæli í síðasta mánuði en forritið hefur á skömmum tíma vaxið hratt og er nú með yfir 40.000 notendur í 24 löndum.

Smáforritið er því orðið lykiltól fyrir hestafólk til að fylgjast með þjálfun, umhirðu og mótum íslenska hestsins, ásamt kaupum og sölu íslenskra hrossa. Oddur Ólafsson, sem er alinn upp á Hvoli í Ölfusi, á heiðurinn af forritinu og öllu því helsta í kringum það.



Oddur Ólafsson, sem er alinn upp á Hvoli í Ölfusi og er frumkvöðullinn og eigandi snjallforritsins HorseDay. Hann ólst upp á hestbaki ásamt því að spila körfubolta með Hamri í Hveragerði fram að 17 ára aldri en þá flutti hann til Bandaríkjanna til að mennta sig og spila körfubolta á háskólastigi. Oddur er menntaður viðskiptafræðingur með meistaragráðu í stjórnun frá „EADA" viðskiptaháskólanum í Barcelona. Hann starfar í dag, sem framkvæmdastjóri HorseDay í fullu starfi en áður en hann stofnaðiHorseDay starfaði hann sem vörustjóri á viðskiptabankasviði Íslandsbanka. Ljósmynd/aðsend

Bæta velferð hestsins og hámarka afköst hans

„HorseDay er snjallforrit eða app, sem aðstoðar hestafólk við að halda utan um allar athafnir hestsins," segir Oddur. „Allt frá því að skrá niður hvenær hestur var járnaður og á hvernig skeifur og alveg að því að mæla þjálfun hestsins í rauntíma, tíma, vegalengd og hraða ásamt því að greina, eingöngu í gegnum skynjara snjallsímans, á hvaða gangtegund hesturinn er á hverjum tímapunkti í reiðtúrnum," segir Oddur og bætir við. „Markmið HorseDay er að bæta upplifun, innsýn og skilning á því hvaða áhrif mismunandi þjálfun og umönnun hefur á hross. Bæta raunmæligögnum við þjálfun hests með það að markmiði að bæta velferð hestsins og á sama tíma hámarka afköst."

Hvoll í Ölfusi

„Hugmyndin kviknaði í hesthúsinu heima á Hvoli í Ölfusi þar sem foreldrar mínir, þau Margrét Sigurlaug Stefánsdóttir (söngkona frá Víðidal í Skagafirði) og Ólafur H. Einarsson, ráku hestabú í hátt í 30 ár. Í miðju hesthúsinu var stór tússtafla, á hana skráðu þjálfararnir samviskusamlega upplýsingar um þjálfun og annað sem skipti máli fyrir hverja viku. Í lok vikunnar var svo allt strokað út og byrjað aftur. Pabbi talaði mikið um hvað hann sæi eftir öllum þessum upplýsingum, fór að skrá þær niður sjálfur í Excel-skjöl eða á pappír en fannst það aldrei nægilega gott. Þannig fæðist fyrsta útgáfan, hvernig við getum bætt þetta utanumhald og á sama tíma búið til innsýn inn í þjálfun og umhirðu sem við höfum ekki áður haft," segir Oddur brosandi út í annað.

Fyrsta útgáfan í maí 2022

Fyrsta útgáfa forritsins kom út í maí 2022 en síðan þá hefur Oddur og hans starfsmenn bætt töluvert miklu við kerfið. Til dæmis geta notendur fylgst með lifandi niðurstöðum af mótum íslenskra hesta á Íslandi, Svíþjóð og Noregi í gegnum forritið. Ásamt því geta notendur skráð hesta til sölu, fylgt öðrum knöpum og margt annað. „HorseDay er einfaldlega stafrænt samfélag hestafólks í kringum íslenska hestinn. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar. Að búa til svona forrit er langtímaverkefni og krefst úthalds og þrautseigju. Við erum svo heppinn að hafa með okkur frábæran hóp starfsfólks en í dag eru fimm starfsmenn sem starfa hjá fyrirtækinu, við erum með öfluga stjórn og frábæra hluthafa sem standa þétt við bakið á verkefninu," segir Oddur kampakátur.

Forritið er nú notað í 24 löndum af yfir 40.000 manns, flestir notendur eru í Þýskalandi, Svíþjóð, Danmörku, Noregi og á Íslandi. Í fyrstu þegar HorseDay kom út var forritið í boði á 3 tungumálum, íslensku, ensku og þýsku, en við bættum sænsku við fyrir um hálfu ári síðan.

Afmæli í sumar

„Við ætlum að halda upp á afmælið með okkar notendum í sumar, þakka fyrir okkur og líta aðeins yfir farinn veg," segir Oddur aðspurður um hvort standi til að halda upp á þriggja ára afmælið. „Hver veit nema við kíkjum á Íslandsmót, sem fram fer á Selfossi í lok júní og bjóðum upp á eitthvað skemmtilegt þar. Einnig er heimsmeistaramót íslenska hestsins í Sviss í lok júlí, við hjá HorseDay verðum þar að sjálfsögðu," segir Oddur.

Hestar og gervigreind

„Það er stöðugt verið að bæta við forritið því að þróun á svona kerfi er í raun aldrei lokið," segir Oddur aðspurður um hvort breytingar séu í vændum. „Það er mikið rætt og ritað um gervigreind þessa dagana og er hestamennskan ekki undanskilin þeirri þróun. Við munum á næstu vikum kynna nýjungar í vörunni þar sem gervigreind kemur mikið við sögu," segir Oddur en vill þó ekki fara frekar út í þá sálma að svo stöddu. „Ég sé fyrir mér að HorseDay verði samfélag hestafólks um allan heim innan fárra ára. Að lokum langar mig að þakka hestafólki og öðru áhugafólki um nýsköpun kærlega fyrir frábærar viðtökur og hlakka mikið til að halda þessari vegferð áfram," segir Oddur að lokum.

/mhh



Vestfirðir:

Tvö söguskilti afhjúpuð í Reykjanesi

Í tilefni af því að öld er liðin síðan steinsteypt sundlaug var byggð í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp og níutíu ár frá upphafi skólahalds þar, verða tvö söguskilti afhjúpuð laugardaginn 5. júlí klukkan 15. Aðstandendur verkefnisins bjóða upp á kaffiveitingar.

Söguskiltin eru annars vegar um sundlaugina og hins vegar um skólann og verða þau staðsett á flötinni neðan við skólabyggingarnar. Skiltin eru með QR kóðum sem vísa á vef Reykjaness þar sem hægt er að nálgast ljósmyndir og frekari upplýsingar.

Á söguskiltinu kemur fram að sundkennsla í Reykjanesi hafi hafist í lítilli torflaug árið 1853, en samkvæmt heimildum hafi hún verið grafin 1837. Endurbætur fóru fram á lauginni árið 1890 og 1899, en hún lengd í 20 metra í seinna skiptið. Árið 1906 voru veggir laugarinnar steyptir. Steinsteypt sundlaug var byggð á núverandi stað við Hveravík árið 1925. Fyrst var hún 30 metra löng, en lengd í 50 metra árið 1944.

Um sögu Reykjanesskóla segir á skiltinu að barnaskólinn í Reykjanesi hafi verið stofnaður árið 1934 og héraðsskólinn 1937. Fyrsta bygging skólans var teiknuð af Þóri Baldvinssyni og byggð 1934. Þar var jafnframt gistiaðstaða í timburhúsi sem var byggt fyrir nemendur á sundnámskeiðum árið 1930, en það hús brann árið 1941. Þá var byggt nýtt heimavistarhús ofan á hverasvæðinu, en skemmdist timbrið í því út af jarðhitanum og var það rifið. Núverandi byggingar voru reistar á sjöunda og áttunda áratugnum. Héraðsskólinn var lagður niður árið 1991 en í Reykjanesi starfaði barnaskóli til ársins 1996.



Öld er frá smíði fyrstu steinsteyptu sundlaugarinnar í Reykjanesi. Þar hófst sundkennsla í lítilli torflaug um miðja nítjándu öld. Mynd / Aðsend

Að verkefninu standa Sögumiðlun ehf., ásamt afkomendum Aðalsteins Eiríkssonar og Bjarnveigar Ingimundardóttur, fyrstu skólastjórahjónanna í Reykjanesi, og afkomendum skólastjórahjónanna Páls Aðalsteinssonar og Guðrúnar Hafsteinsdóttur. Styrki veittu Uppbyggingarsjóður Vestfjarða, Háafell, HS Orka og Ísafjarðarbær.

/ál

SaMASZ®

Sterk heyvinnutæki

Búvís

www.buvis.is Sími 465 1332

SaMASZ®

Slær í gegn!



Samasz framsláttuvél
KDF340 Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Kr. 2.490.000.- án vsk
KDF341S með knosara
Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Kr. 2.990.000.- án vsk



Samasz diskasláttuvélar KDT300
Vinnslubreidd: 3 metrar
Kr. 1.890.000.- án vsk

Styrkur og gæði

Samasz diskasláttuvél XT390
Vinnslubreidd: 3,9 metrar
Kr. 2.990.000.- án vsk





Samasz diskasláttuvél KT341 Vinnslubreidd: 3,4 metrar
Miðjuhangandi **Kr. 2.490.000.- án vsk**



Samasz rakstravél Z2-840
Vinnslubreidd: 8,4 metrar **Kr. 4.890.000.- án vsk**
Samasz rakstravél Z2-780
Vinnslubreidd: 7,8 metrar **Kr. 4.290.000.- án vsk**



Samasz rakstravélar
Z470 Vinnslubreidd: 4,7 metrar **Kr. 1.495.000.- án vsk**

Net- og plastlager frá Búvís um land allt



Baldur Grétarsson
Skipalæk - 701 Egilsstöðum
Sími: 471 3131 / 861 1961

Elvar Þór Sigurjónsson
Nýpugarðar - 781 Höfn í Hornafirði
Sími: 659 2560

Ármann Gíslason
Ytri Ásum - 880 Kirkjubæjarklaustur
Sími: 849 4057

Jóhann Pálmason
Skammidalur - 871 Vík í Mýrdal
Sími: 868 7910

Magnús Guðmundsson
Efra Hvoli - 861 Hvolsvelli
Sími: 892 2488 / 487 8334

Ragnar Finnur Sigurðsson
Litla Ármót - 801 Selfoss
Sími: 848 2336

Jón Bjarnason
Skipholti 3 - 846 Flúðum
Sími: 848 2599

Sigurþór Gíslason
Meðalfelli - 276 Mosfellsbær
Sími: 566 7060 / 897 7690

Kristbjörn Jónsson
Bóndhóli - 311 Borgarnesi
Farsími: 849 9805

Brynjúlfur Steinar Guðbrandsson
Brúarlandi I - 311 Borgarnesi
Farsími: 894 2708

Atli Sveinn Svansson
Dalsmynni - 311 Borgarnes
Sími: 662 1345

Brynjar Hildibrandsson
Bjarnarhöfn - 341 Stykkishólmur
Sími: 893 1582

KM þjónustan
Vesturbraut 20 - 370 Búðardal
Sími: 434 1611

Gísli Ásberg Gíslason
Efri-Rauðasandi - 451 Patreksfjörður
Sími: 694 8561

Sigurjón Sveinsson
415 Bolungarvík
Sími: 861 2480

Gunnar Þorgeirsson
Efri Fitjum - 531 Hvammstangi
Sími: 451 2554 / 894 2554

Rúnar Örn Guðmundsson
Síðu - 541 Blönduós
Sími: 695 3363

Auðólfstaðabúið
Auðólfstöðum - 541 Blönduós
Sími: 452 4757 / 864 0238

Róbert Jónsson
Réttarholti - 560 Varmahlíð
Sími 453 8258 / 891 9161

Þór Ingvason
Bakka - 621 Dalvík
Sími: 466 3171 / 844 9371

Búvís ehf
600 Akureyri
Sími: 465 1332 / 660 1648

Vagn Haukur Sigtryggsson
Hriflu II - 641 Húsavík
Sími: 464 3259 / 848 4476

Stefán Pétursson
Klifshaga - 671 Kópasker
Sími: 465 2227 / 659 8927

Jóhannes Sigfússon
Gunnarsstaðir - 681 Þórshöfn
Sími: 868 7832

Valur Guðmundsson
Fremri-Hlíð - 691 Vopnafjörður
Sími: 899 4179

Súlur 2025 komnar út

Tímaritið Súlur kom út á dögunum. Súlur er ársrit Sögufélags Eyfirðinga og hefur verið gefið út frá stofnun félagsins árið 1971.

Ýmsar áhugaverðar greinar má finna í nýjasta hefti tímaritsins; fjallað er um skipið Tý SK-33 á Síldarminjasafninu á Siglufirði, Covid og Akureyri og jarðarför KA-mannsins Gunnars Jakobssonar.

Einnig eru tvær merkar konur að norðan til umfjöllunar í blaðinu, frumkvöðullinn Jóninna Sigurðardóttir og Elísabet Geirmundsdóttir, listakonan í fjörunni. */só*





Þekkir einhver þennan danska vinnumann sem dvaldi á Íslandi árið 1928?
Mynd / Aðsend

Dönsk kona leitar upplýsinga um afa sinn

Tina Gynther Jensen leitar að upplýsingum um afa sinn sem dvaldi á Íslandi árið 1928.

Hann hét Martin Gynther Jensen og fæddist á Fjóni í Danmörku árið 1911. Afi hennar ferðaðist til Íslands í eins konar starfsnámi til þess að kynnast íslenskum búskap og læra um íslenska hestinn en slík ferð þótti mjög óvenjuleg á þessum tíma. Því miður skortir Tinu upplýsingar um ferðir afa síns til Íslands og vill gjarnan komast að því á hvaða býli hann starfaði. Tina hefur nú búið á Íslandi í þrjú og hálft ár og finnur til mikillar tengingar við land og þjóð, tengingar sem hún telur að afi sinn hafi deilt með sér. Á meðfylgjandi mynd má sjá Martin að störfum í íslenskri sveit.

Lesendur Bændablaðsins eru hvattir til þess að hafa samband við bbl@bondi.is ef þeir búa yfir frekari upplýsingum um þennan Íslandsvin. */só*





Besta leiðin til að vernda íslenska birkið er að stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess og vernda gamla skóga.
Mynd / Áskell Þórisson

Tíu birkiskógar skuli njóta verndar

Land og skógur hefur gefið út fyrstu skrána um sérstæða eða vistfræðilega mikilvæga birkiskóga á Íslandi. Skógarnir tíu eru nokkuð dreifðir milli landshluta og er heildarflatarmál þeirra 7.396 hektarar af skógi og kjarri.

Tilnefning á sérstæðum birkiskógi tekur sérstaklega mið af aldri skógarins en á skránni eru fornir birkiskógar sem eru sjálfsprottnir og gamalgrónir. Í sérstakri vefsjá stofnunarinnar má skoða skógana á korti, fræðast um vistkerfi þeirra, sögu, stærð og helstu ógnir sem steðja að þeim í dag.

Hjá Landi og skógi fengust þær upplýsingar að markmiðið með þessari skrá sé að „fylgja því lögbundna hlutverki Lands og skógar sem kveðið er á um í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019“. Land og skógur vísar í greinargerð með lagafrumvarpinu um náttúruvernd en þar segir að „með birkiskógum er hér átt við þá skóga sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga. Birki er ein af fáum náttúrulegum trjátegundum á Íslandi og teljast birkiskógar til lykilvistkerfa á Íslandi.“ Enn fremur segir í greinargerðinni að „besta leiðin til að vernda erfðalindir íslenska birkisins er að stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess og varðveita leifar gamalla birkiskóga og erfðaefni þeirra“.

Framkvæmd verndarinnar óljós á þessari stundu

Aðspurð hvernig skógarnir verði verndaðir segir Land og skógur það „ekki fyllilega ljóst á þessari stundu,“ en að „ákveðin vernd felist þó í 61. gr. náttúruverndarlaganna. Þetta snúist ekki um hvort unnt verði að friða svæðin fyrir beit en Land og skógur hefur möguleika á að standa fyrir aðgerðum til að vinna gegn rofi á þessum svæðum og stuðla að vernd og útbreiðslu birkisins“. Það sé síðan á borði umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins með hvers kyns aðgerðum hið opinbera hyggst vernda skógana fyrir beit og rofi.

Um það hvort verndun feli í sér einhverjar kvaðir fyrir landeigendur segir Land og skógur að „þessi svæði lúta almennum ákvæðum náttúruverndarlaga um vernduð svæði og vísast til þess. Forðast ber til að mynda að raska þeim og skylt að afla framkvæmdaleyfis eða byggingarleyfis fyrir öllum fyrirhuguðum framkvæmdum.“

Sumir skóganna í hættu og fleiri skógar verði verndaðir

Mörgum skóganna stafar ógn af jarðvegsrofi og beit en gætu einhverjir þeirra horfið á næstu árum? „Á þessum fyrsta lista séu vissulega skógar og skógarleifar sem gætu horfið ef ekkert verður að gert,“ segir í svörum frá Landi og skógi og sem dæmi nefna þau „birkikjarrið við Hvítárvatn á Biskupstungnaafrétti sem stafar ógn af uppblæstri. Það kjarr er á þjóðlendu. Birkileifar í Hafursey í Mýrdalshreppi eru á einkalandi og þar stendur því ógn af jarðvegsrofi, jarðvá og beit. Í Skyndidal í Lóni er mikið af skógartorfum með gömlum trjám en lítil endurnýjun skógar og hætta á að skógurinn eyðist ef ekkert verður að gert.“

Hins vegar eru einnig skógar á listanum sem standa traustum fæti og teljast ekki í hættu. Þar nefnir Land og skógur að í „Búrfellshrauni á Mývatnsöræfum sé birkið í sókn og nú stefnir í að það svæði verði alveg friðað fyrir beit. Það sama má segja um birkið í Skaftafelli og Bæjarstaðaskógi.“ Þetta eru fyrstu skógarnir sem falla í þennan flokk en „stefnt er að því að bæta við listann fleiri birkiskógum í fyllingu tímans og hefur stofnunin Land og skógur skipað vinnuhóp sem sinnir því starfi“. */só*

Akraneskaupstaður:

Hlýtur viðurkenningu sem Barnvænt samfélag

Það var skemmtilegur dagur á Akranesi nú nýlega þegar Akraneskaupstaður hlaut viðurkenningu, sem Barnvænt sveitarfélag UNICEF en sveitarfélagið er það fimmta á Íslandi til að hljóta viðurkenninguna. Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri á Akranesi, er að vonum ánægður með viðurkenninguna.

„Viðurkenningin er fyrst og fremst afrakstur markvissrar og samþættrar vinnu sveitarfélagsins við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í alla stjórnsýslu og starfsemi bæjarins. Ásamt innleiðingu nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Akraneskaupstaður hefur lengi lagt ríka áherslu á þátttöku barna, inngildingu, fræðslu og jöfn tækifæri fyrir öll börn. Við höfum því haft góðan jarðveg til að byggja á og efla enn frekar,“ segir Haraldur og bætir við: „Við þökkum viðurkenninguna þeim börnum og ungmennum, sem hafa lagt sitt af mörkum í gegnum barnaþing, ungmennaráð og sérfræðihópa, sem og starfsfólki okkar, foreldrum og samstarfsaðilum sem hafa komið að innleiðingunni með eldmóði og fagmennsku. Árangurinn byggist á samvinnu og heildstæðu verklagi sem er í stöðugri þróun.“

Rödd barna skiptir miklu máli

Haraldur segir að viðurkenningin hafi mikla þýðingu, en hvernig þá?

„Hún staðfestir að við séum á réttri leið í að skapa samfélag þar sem rödd barna skiptir máli og réttindi þeirra eru virt í framkvæmd. Viðurkenningin styrkir okkur í þeirri trú að áframhaldandi vinna skili árangri og veitir innblástur til að festa breytingar í sessi til lengri tíma.

Viðurkenningin hefur einnig táknrænt gildi fyrir börnin sjálf því hún sýnir að þátttaka þeirra skiptir máli og getur leitt til raunverulegra breytinga í þeirra nærumhverfi,“ segir Haraldur.



Það var mikið fjör á Akranesi þegar starfsfólk UNICEF á Íslandi heimsótti alla leik- og grunnskóla á Akranesi í fylgd starfsfólks bæjarins um leið og viðurkenningin um Barnvænt samfélag var afhent. Ljósmynd/Aðsend

Markviss vinna í gangi

Markviss áhersla er á börn og fjölskyldur þeirra í allri stefnumótun og þjónustu Akraneskaupstaðar enda hefur sveitarfélagið mótað heildstæða og réttindamiðaða nálgun sem tekur mið af fjölbreyttum þörfum barna og fjölskyldna þeirra. „Í gegnum verkefnið Barnvænt sveitarfélag höfum við m.a. innleitt aðgerðir sem snúa að þátttöku barna, auknu aðgengi að þjónustu, forvörnum og inngildingu.

Við leggjum ríka áherslu á að tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til þátttöku í samfélaginu óháð uppruna, fötlunar eða félagslegra aðstæðna og að börn og foreldrar fái snemmtækan stuðning og aðstoð við hæfi,“ segir Haraldur.

Viðurkenningin gildir í þrjú ár

Með viðurkenningunni hefur Akraneskaupstaður lýst sig reiðubúinn til að starfa í anda Barnasáttmálans og halda áfram að efla réttindi og þátttöku barna. Viðurkenning sem Barnvænt sveitarfélag gildir í þrjú ár og kallar á áframhaldandi vinnu. „Hún markar ekki endapunkt, heldur áfangastað í ferli sem er stöðugt í þróun. Aðstæður barna breytast og því þarf reglulega að endurmeta stöðuna, setja ný markmið og móta nýja aðgerðaáætlun. Innleiðing Barnasáttmálans er ekki tímabundið verkefni heldur varanlegt umbótastarf og með því að endurnýja stöðumat og aðgerðir tryggjum við að samfélagið okkar verði sífellt barnvænna,“ segir Haraldur að endingu. */mhh*

Búrfellsstöð er fyrsta aflstöðin sem Landsvirkjun reisti frá grunni og hóf að vinna rafmagn árið 1969. Hún er næststærsta virkjun Landsvirkjunar með 270 MW uppsett afl. Orkuvinnslugeta stöðvarinnar er 1.885 gígavattstundir á ári. Á framhlið stöðvarhússins er lágmynd eftir Sigurjón Ólafsson.



Leiðandi afl í 60 ár

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965 og hefur alla tíð rutt braut framfara og uppbyggingar með eigendum sínum, íslensku þjóðinni. Saman höfum við byggt betri heim í sátt við dýrmætustu auðlind okkar, náttúru Íslands.

Landsvirkjun er orkufyrirtæki allra Íslendinga – takk fyrir stuðninginn!

Landsvirkjun

Japan:

Hiti ógnar hrísgrjónarækt

Koshihikari, sem er vinsælasta hrísgrjónayrkið í Japan, hefur þrifist illa á heitum sumrum og birgðir í landinu eru litlar. Unnið er að kynbótum til að bregðast við hnattrænni hlýnun.

Í Japan eru háir verndartollar til þess að vernda innlenda hrísgrjónaframleiðslu. Erfitt reyndist að anna eftirspurn með uppskeru síðasta árs og bar á tómum hillum í verslunum. Stjórnvöld hafa sótt í neyðarbirgðir til að bregðast við skorti. Frá þessu er greint í New York Times.

Efnahagurinn í landbúnaðarhéraðinu Niigata byggist að mestu leyti á hrísgrjónarækt. Á síðasta ári voru eingöngu fimm prósent Koshihikari-uppskerunnar í hæsta gæðaflokknum, sem selst fyrir betra verð. Að jafnaði hafa meira en 80 prósent framleiðslunnar í Niigata verið af hæstu gæðum.



Hrísgrjónaakur í Japan. Hnattræn hlýnun hefur leitt af sér lakari uppskeru. Mynd / ál

Rannsóknarmiðstöð landbúnaðarins í Niigata vinnur nú að þróun nýs yrkis sem getur komið í staðinn fyrir Koshihikari. Á það að þola það hitastig sem gera má ráð fyrir í lok aldarinnar, en síðasta sumar var meðalhitinn í Niigata rúmar 30 gráður, sem er tíu gráðum yfir kjörhita hrísgrjónaræktunar.

Shinnosuke nefnist eitt af þeim yrkjum sem hafa komið úr þeirri vinnu. Hefur það gefið góða raun og stóð það af sér hitabylgju síðasta sumars. Það er hins vegar ekki með eins mikið þol gagnvart sveppasýkingum og eru neytendur hrifnari af Koshihikari-grjónum.

Margir bændur eru ekki hrifnir af því að skipta Koshihikari út fyrir Shinnosuke þar sem bragðgæði þess síðarnefnda þykja ekki fullnægjandi. Er því unnið að því að þróa fyrrnefnda yrkið á þann hátt að það þoli meiri hita. Vísindamenn við Rannsóknamiðstöð landbúnaðarins í Niigata segjast hafa náð að einangra gen sem gera hrísgrjón hitaþolin, en það tekur tíu til fimmtán ár að þróa yrki. */ál*

Viðvarandi þurrkar útbreiddir

Matvælaöryggi er ógnað vegna margra ára þurrkatíðar í mörgum af mikilvægustu matvæla-framleiðslulöndum heimsins.

Heimsmarkaðsverð á kaffi hefur hækkað vegna þurrka í Brasilíu. Nautakjöt hefur aldrei verið dýrara í Bandaríkjunum þar sem beitarlönd í miðvesturríkjunum hafa þornað upp og bændur hafa þurft að skera niður sínar hjarðir. Á vatnasvæði Gulafljóts í Kína, sem er eitt mikilvægasta landbúnaðarhérað þar í landi, hefur verið óvenjulega þurrt og heitt, en Kína er einn stærsti ræktandi heimsins á hveiti. Frá þessu er greint í New York Times.

Þurrkar vofa yfir Úkraínu og Rússland, en hveitiuppskeran í þessum löndum mettar milljónir manna um víða veröld. Til að mynda hefur Marokkó þurft að reiða sig að miklu leyti á innflutning á hveiti frá Rússlandi eftir sex ára þurrk



Nautgripum smalað í Bandaríkjunum. Vegna þurrka hafa bændur þurft að skera niður hjarðir. Mynd / Carol Highsmith's America

þar í landi. Ofan á skerta uppskeru kemur rof á aðfangakeðjum vegna aukinna átaka í Mið-Austurlöndum og Úkraínu.

Seðlabanki Evrópu áætlar að þurrkar muni minnka virði framleiðslu álfunnar um fimmtán prósent. Þurrkar ógna helst sunnanverðri Evrópu, þar sem áhrifanna er þegar farið að gæta./ál





Hveitiakur í Svíþjóð. Þar í landi hefur verið unninn textíll úr hveitihálmi. Mynd / Rasmus Andersen

Svíþjóð:

Úrgangur frá landbúnaði verður að fatnaði

Textíliðnaðurinn veldur ýmiss konar umhverfisálagi á öllum stigum framleiðslunnar.

Bómullarræktun krefst mikillar vatnsnotkunar, sem dæmi telja náttúruverndarsamtökin WWF að framleiðsla á einum bómullarstuttermabol þarfnist 2.700 lítra vatns, sem myndi nægja til þess að halda uppi manneskju í tvö og hálft ár.

Framleiðsla gerviefna er einnig skaðleg umhverfinu, eins og t.d. pólýester, sem er unnið úr jarðefnaeldsneyti.

Sem annan og umhverfisvænni valkost við framleiðslu á vefnaðarvörum er nú þegar nýttur viðarmassi og unnið úr honum sellulósa, eða beðmi, til framleiðslunnar. Úr beðmi má vinna þræði til fatnaðar, bómullarþræðir eru til dæmis nær alfarið úr beðmi. Nýleg rannsókn við Chalmers tækniháskólann í Gautaborg bendir til þess að nýta megi úrgang úr landbúnaði til framleiðslu á vefnaðarvöru. Í rannsókninni voru skoðaðar fjórar mismunandi tegundir úrgangs, þ.e. massar úr höfrum, hveiti, kartöflum og sykurrófum. Massi unninn úr hafrahýði og hveitistráum reyndist heppilegasti úrgangurinn til þess að áframnýta í textílframleiðslu.

„Þetta er mikilvægt skref að því að geta framleitt vefnaðarvöru úr úrgangsefnum í stað þess að nota bómull, sem er ekki umhverfisvæn, eða við, sem er efni sem við viljum nýta í margt annað, auk þess sem varðveisla hans hefur jákvæð áhrif á loftslagið," segir Diana Bernin, aðstoðarprófessor við efnafræðideild háskólans.

Rannsakendur endurunnu efnin með því að sjóða þau í lút. Aðferðin þótti heppilegri en sams konar vinnsla viðarmassa vegna þess að hún þarfnast færri aukaefna. „Lútur inniheldur engin eiturefni sem hafa skaðleg áhrif á náttúruna," segir Bernin. Auk þess sem með þessari aðferð er umbreytt úrgangi sem annars færi til spillis og hann nýttur. „Enn fremur eykur þessi aðferð efnahagslegt virði hafra og hveitis, þar sem afgangsafurðir þeirra geta verið nýttar sem hráefni í vinnslu sellulósa."

Spár gera ráð fyrir skorti á bómull á næstu árum og þörf er á að skoða aðra valkosti. „Rannsóknin sýnir að það eru ýmis tækifæri fólgin í vinnslu úrgangs frá landbúnaði," segir Joanna Wojasz, sem gegnir rannsóknarstörfum hjá nýsköpunarfyrirtækinu Tree to Textile, sem tók þátt í verkefninu. „Við ættum ekki að horfa fram hjá þeim tækifærum sem notkun sellulósa býður upp á til fatnaðarframleiðslu í framtíðinni." */só*

Breytingar á reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur birt drög að breytingu á reglugerð um meðferð umbúða og umbúðaúrgangs í samráðsgátt stjórnvalda. Með reglugerðinni er ætlað að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins um umbúðir og umbúðaúrgang og tryggja að þess háttar úrgangur hafi sem minnst skaðleg áhrif á umhverfið.

Meðal þeirra breytinga sem lagt er fram er skylda til lágmarkshlutfalls endurunnins plasts í einstaka plastflöskum; það verður 25% frá og með 1. janúar 2026 og yrði hækkað í 30 prósent í janúar 2030. Sett verða 77% söfnunarviðmið fyrir einnota plastflöskur og 90% fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir fyrir lok árs 2025. Hlutfallið skal hafa náð 90% fyrir árið 2029 fyrir báðar tegundir umbúða. Skilagjald þykir hafa borið góðan árangur hér á landi og er skilahlutfall fyrir slíkar umbúðir nú þegar í kringum 90%.

Í reglugerðinni er einnig kveðið á um endurvinnslumarkmið fyrir umbúðaúrgang. Sértæk markmið verða fyrir ólíkar úrgangstegundir. 50% af plasti, 25% af viði, 70% af járnríkum málmum, 50% af áli, 70% af gleri og 75% af pappír og pappa skulu að lágmarki vera endurunnin. Fyrir 31. desember 2030 hækka þessi viðmið um 5–10% eftir flokkum. Fyrir umbúðaúrgang í heild er kveðið á um að eigi síðar en 31. desember 2025 skuli að lágmarki 65% alls umbúðaúrgangs, miðað við þyngd, endurunninn. Lágmarksviðmið verður síðan hækkað í 70% fyrir 31. desember 2030. Frestur til þess að senda umsögn í samráðsgátt um breytingarnar er til og með 7. júlí næstkomandi. */só*

Active **JOINTS** virkar vel fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.



Active **JOINTS** inniheldur fjögur hrein íslensk hráefni:

- Astaxanthin (smáþörunga) eitt öflugasta andoxunarefni sem þekkt er
- Náttúrulegt kalk frá kalkþörungum með um 74 stein- og snefilefnum
- Kísil frá GeoSilica fyrir myndun og viðhaldi bandvefs og virkar vel fyrir brjóskmyndun
- Birkilauf handtínd úr íslenskri náttúru
- Til að styrkja blönduna inniheldur Active **JOINTS** D3 vítamín sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og viðhaldi eðlilegrar vöðvastarfsemi og C vítamín sem stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi beina, brjósk og æðastarfsemi



Ég vil að fólk viti af þessu fæðubótarefni

„Ég er búin að stunda þríþraut í mörg ár en því fylgir mikið álag á líkamann. Eftir miklar líkamlegar æfingar í gegnum árin þurfti ég að finna eitthvað sem héldi liðamótunum góðum. Ég var búin að prófa ýmislegt þegar ég rambaði á Active JOINTS frá Eylíf, síðan þá hef ég ekki fundið fyrir neinu í liðunum. Active JOINTS virkar svona vel fyrir mig.“

Margrét Ágústsdóttir, þríþrautarkappi



Ég fann fljótlega mikinn mun í hnjánum með Active **JOINTS**

„Ég var búinn að taka annað fæðubótarefni í nokkur ár vegna óþæginda í slitnum hnjám. Ég var samt alltaf með einhver óþægindi, sérstaklega í öðru hnénu þegar ég var undir miklu líkamlegu álagi. Ég skipti yfir í Active JOINTS og fljótlega fann ég mikinn mun. Ég er samt búinn að vera undir miklu líkamlegu álagi og hef keppt meira í hjólreiðum en nokkru sinni áður.“

Hartmann K. Guðmundsson, hjólagarpur



Ég er ekki lengur með óþægindi í liðum og orkan hefur aukist

„Ég fann fyrir þreytu í hnjám og óþægindi í liðum eftir langhlaup og fór að skoða fæðubótarefni og rakst á Active JOINTS. Það liðu ekki nema tvær til þrjár vikur og þá tók ég eftir því að ég var ekki lengur með þessi óþægindi í liðunum og orkan hafði aukist til muna. Ég hef látið marga aðra hlaupara vita af virkni þessarar vöru og get því mælt 100% með Active JOINTS. Það er einnig virkilega ánægjulegt að þetta er íslensk vara, unnin úr hágæða náttúrulegum hráefnum.“

Friðrik Benediktsson, langhlaupari

Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík

EYLÍF

www.eylif.is

Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Krónunni. Allar nánari upplýsingar eru á eylif.is.



„Í dag er ekkert í lögum sem skyldar orkusölufyrirtæki til að selja okkur í ylræktinni raforkuna frekar en öðrum og gætu þau því auðveldlega selt hana til betur borgandi fyrirtækja. En með þessum lögum er verið að tryggja það að við höfum alltaf aðgang að raforku," segir Axel Sæland. Myndin er af Búrfellsstöð. Mynd / Landsvirkjun

Raforkuöryggi almennings og lítilla fyrirtækja aukið

Frumvarp í haust sem tryggja á forgang raforku til almennra notenda



Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Mælt hefur verið fyrir frumvarpi til breytinga á raforkulögum sem ætlað er að auka orkuöryggi og tryggja heimilisnotendum og mikilvægum samfélagsinnviðum forgang komi til skömmtunar. Í haust er svo væntanlegt frumvarp sem tryggir forgang raforku til almennra notenda, þar á meðal bænda.

Um nokkurt skeið hafa verið uppi hugmyndir um að auka raforkuöryggi almennings og minni eða almennra fyrirtækja, þar á meðal bænda. Í því felst að heimilum og minni fyrirtækjum, sem nota árlega á bilinu 2-20 GWh, sé tryggt „ótruflað orkuframboð á viðráðanlegu verði" eins og segir í skilgreiningu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar á orkuöryggi.

Ástæðan fyrir því að tryggja þurfi orkuöryggi almennings með þessum hætti er sú að vísbendingar eru um að sú staða geti komið upp að framboð raforku verði ekki nægjanlegt á almennum markaði, vegna þróunar raforkumarkaðar á Íslandi, sem hefur verið skipt í almenna notendur (20%) og stórnotendur (80%).

Fram kemur í skýrslu starfshóps um orkuöryggi á heildsölumarkaði fyrir raforku frá ágúst 2020 að vísbendingar séu um að rafmagnssala á almennum markaði gefi hugsanlega minna af sér en sala til stórnotenda. „Raforkuframleiðendur kunna að sjá sér hag í því að selja stórnotendum raforku sem hingað til hefur verið seld almennum notendum. Bent er á að engum beri skylda til að sinna auknum þörfum almenns markaðar."

Með gildandi raforkulögum frá 2003 var aflögð skylda Landsvirkjunar til að sjá notendum á landinu fyrir fullnægjandi framboði raforku og að framboð raforku eigi að ráðast af markaðslögmálum. Frá gildistöku þeirra laga hefur vernd notenda einkum birst í lagaskyldu dreifiveitna til að tengja notendur við dreifikerfið og ákvæðum í reglugerð um að tryggja notendum sölusamninga.

Ráðherra hefur nú mælt mælt fyrir frumvarpi til breytinga á raforkulögum sem ætlað er að auka orkuöryggi með bættri upplýsingaöflun- og miðlun, nýtingu sveigjanleika raforkukerfisins og að tryggja heimilisnotendum og mikilvægum samfélagsinnviðum forgang komi til skömmtunar.

Tillögur frumvarpsins eru í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, eins og í frumnvarpinu segir, en þar ber helst að nefna tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um sameiginlegar reglur um innri markaðinn fyrir raforku. Í frumvarpinu segir: „Ýmis ákvæði tilskipunarinnar snerta afhendingaröryggi raforku. Þannig mælir tilskipunin fyrir um skyldu aðildarríkja til að tryggja öllum heimilisnotendum og, eftir því sem aðildarríkin telja rétt, litlum fyrirtækjum alþjónustu, þ.e. rétt á að fá afhenta raforku af ákveðnum gæðum á sanngjörnu verði sem er gegnsætt, auðveldlega samanburðarhæft og felur ekki í sér mismunun."

Þessi lög munu þó ekki tryggja forgang raforku til almennra notenda og því verður á næsta löggjafarþingi lagt fram annað frumvarp með frekari ráðstöfunum til þess að fylgja eftir markmiðum ríkisstjórnarinnar um forgang raforku til almennra notenda. Unnið er að útfærslu þeirra breytinga í samstarfi við erlenda ráðgjafa, eftir því sem upplýsingar frá ráðneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála herma. Hvað það frumvarp mun innihalda nákvæmlega kemur því ekki í ljós fyrr en á næsta þingi.

Ítrekað kallað eftir leyfi til forgangsröðunnar

Þótt það hafi ekki verið lagaleg skylda, þá hefur Landsvirkjun talið það vera hluta af samfélagslegri ábyrgð fyrirtækisins að halda til haga orku fyrir heimili, smærri fyrirtæki og mikilvæga innviði eins og flutningstöp. „Ef sú orka yrði seld annað gæti það haft veruleg áhrif á orkuöryggi," segir Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar.

„Við höfum ítrekað kallað eftir lagasetningu sem gefi Landsvirkjun ótvírætt leyfi til að forgangsraða með þessum hætti. Bæði Eftirlitsstofnun EFTA og Samkeppniseftirlitið fylgjast grannt með íslenskum raforkumarkaði og það er mjög mikilvægt að enginn vafi leiki á lögmæti þessarar forgangsröðunar. Ég fagna því þeim fyrirætlunum stjórnvalda að tryggja raforkuöryggi með lögum.

Undanfarin ár hefur verið mjög þröng staða í raforkukerfinu og Landsvirkjun hefur því miður þurft að hafna fjölmörgum áhugaverðum óskum um raforkukaup. Þegar við bætast léleg vatnsár og leyfisveitingaferli fyrir nýjar virkjanir sem minnir á slönguspil, má hreinlega ekki mikið út af bera til að illa fari."

Hörður segir að samkvæmt spá Landsnets frá 2024 þurfi að minnsta kosti um 8 TWst til viðbótar inn í orkukerfið á næstu 15 árum, kerfi sem í dag er um 20 TWst.

„Þessi spá gerir ekki ráð fyrir fullum orkuskiptum og byggir raunar á mjög hóflegum vexti atvinnulífs og samfélags. Aðrar spár sýna fram á enn meiri þörf yfir þetta



tímabil og óvissan er meiri þegar fram líða stundir. Það er því mjög aðkallandi að auka orkuvinnslu en eins og við vitum flest hefur reynst þrautin þyngri að komast af stað með mikilvæg verkefni s.s. Hvammsvirkjun og Vaðölduver. Nægt framboð er lykillinn að orkuöryggi," segir Hörður

Hann segir að frumvarpið sem nú liggi fyrir Alþingi sé að mörgu leyti ágætt svo langt sem það nái.

„Breytingarnar sem þar eru lagðar til snúa að því að tryggja heimilum og almennum notendum forgang komi til skömmtunar vegna óviðráðanlegra atvika. Það tryggir þó ekki raforkuöryggi til langs tíma og hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra þegar tilkynnt að frumvarp þess efnis verði lagt fram í haust. Landsvirkjun styður það og við hlökkum til að sjá hvernig það verður útfært."

Hörður er bjartsýnn þrátt fyrir að hann telji ýmsar áskoranir hafa komið upp í orkumálum undanfarið.

„Þetta vatnsár stefnir í að verða mjög gott, Alþingi virðist einhuga um að tryggja framgang nýrrar, endurnýjanlegrar orkuvinnslu og svo megum við heldur ekki gleyma því að viðskiptaumhverfið á Íslandi hefur frá setningu raforkulaganna skilað íslenskum raforkukaupendum hagkvæmasta og fyrirsjáanlegasta raforkuverði sem þekkist í Evrópu, allt frá almenningi til álvera. Við megum sannarlega vera stolt af því hversu vel hefur tekist til með uppbyggingu íslenska raforkukerfisins, sem er einstakt í heiminum. Svo má bæta því við að eftir nokkra verðhækkun raforku undanfarin misseri hefur verð lækkað töluvert í söluferlum Vonarskarðs síðustu mánuði."

Mikilvægt skref en raforkuverð reynir á þolrif ylræktar

Axel Sæland, formaður búgreinadeildar garðyrkjubænda, segir að þær breytingar sem fyrirhugað sé að gera á raforkulögum séu mikilvæg fyrir yklræktina í landinu:

„Í dag er ekkert í lögum sem skyldar orkusölufyrirtæki til að selja okkur í ylræktinni raforkuna frekar en öðrum og gætu þau því auðveldlega selt hana til betur borgandi fyrirtækja. En með þessum lögum er verið að tryggja það að við höfum alltaf aðgang að raforku. Þetta er gríðarlega mikilvægt skref fyrir framtíð greinarinnar. Nútíma ylrækt vill geta boðið upp á sína vöru allt árið og því er aðgangur að raforku lífsnauðsynlegur fyrir hana."

Axel bendir þó á að raforkuverð skipti ekki síður máli fyrir ylræktarbændur:

„Við höfum ítrekað bent á þá miklu eftirspurn sem vaxið hefur síðustu 2 ár og þrýst verðunum upp sem hefur haft mikil áhrif á ylræktina en einnig annan iðnað og heimili. Það kom skýrt fram í kynningu Raforkueftirlitsins 16. júní síðastliðinn að ylrækt væri í afar viðkvæmri stöðu hvað varðar miklar verðhækkanir á raforku. EBIDA greinarinnar væri lág miðað við annan iðnað og því illa samkeppnishæf á þeim markaði. Ef raforkuverð heldur áfram að hækka mun það virkilega reyna á þolmörk greinarinnar. Ylræktað íslenskt grænmeti keppir við tollfrjálsan innflutning.

Það sem greinin vill sjá er umhverfi þar sem bændur geta keppt í gæðum og verðum á íslenskum markaði, hvort sem varan fer í verslanir, veitingahús, mötuneyti eða hótel. Það á ekki að vera sjálfsagt mál að íslensk vara sé dýrari. Ríkistjórnin getur haft afgerandi áhrif á það umhverfi sem garðyrkjubændur búa við með ýmsum hætti."

Axel bendir í því sambandi á 40% fjárfestingarstuðning til kaupa á LED-ljósum í ylrækt sem Jóhann Páll Umhverfis, -orku og loftlagsráðherra setti á laggirnar nú á vormánuðum.

„Þessi stuðningur mun skila sér á næstu árum með lægri orkuþörf í garðyrkjunni og þar af leiðandi lægri orkukostnaði. Við þurfum einmitt svona aðgerðir sem nútímavæða garðyrkjuna og gera hana samkeppnishæfari við innflutning. En þetta er mikil fjárfesting hjá bændum og það mun taka tíma að ná til baka þeim kostnaði sem lagt er út í."

Axel segir að stjórnvöld gæti einnig tekið gott skref með því að tryggja 95% endurgreiðslu á flutnings- og dreifikostnaði raforku, en þetta hefur verið aðal áherslumál ylræktarinnar til margra ára.

„Með því væri verið að bæta rekstrarumhverfi greinarinnar til muna og bændur vissu fyrir víst hvað þeir væru að greiða fyrir flutninginn og dreifinguna. Þannig væri kominn meiri fyrirsjáanleiki í reksturinn."

Jöfnunargjald raforku

Samkvæmt upplýsingum frá ráðuneyti umhverfis-, orku- og loftslagsmála er flutningsgjald raforku það sama um land allt, en gjald fyrir dreifingu raforku er hærra í dreifbýli en í þéttbýli á svæðum þar sem Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið leyfi fyrir sérstökum dreifbýlisgjaldskrám.

Stjórnvöld hafi því um árabil niðurgreitt kostnað við dreifingu raforku í dreifbýli til að jafna kostnaðinn milli þéttbýlis og dreifbýlis. Á fjárlögum ársins 2025 eru um 2,6 milljörðum kr. til ráðstöfunar til að jafna þennan kostnað. Þeir fjármunir duga þó ekki til að tryggja fulla jöfnun kostnaðar við drefingu raforku milli þéttbýlis og dreifbýlis.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur því sett fram tillögu um að jöfnunargjald raforku verði hækkað þann 1. júlí 2025, sbr. 22. gr. í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta, tolla og gjöld, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, en með því hækkar dreifbýlisframlag umtalsvert og orkukostnaður í dreifbýli lækkar um meira en 20% samkvæmt útreikningum Umhverfis- og orkustofnunar. Ef tillagan verður óbreytt að lögum verður fullri jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku í dreifbýli náð frá 1. júlí 2025, segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn blaðsins.

Skipulagsmál í Húnabyggð

Sveitarstjórn Húnabyggðar samþykkti á fundi sínum 10. júní að skipulagslýsing fyrir Gamla bæinn og Klifamýri á Blönduósi skyldi kynnt íbúum og hagsmunaaðilum í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Í breytingu á aðalskipulagi verða settar fram áherslur um vernd byggðarinnar og stefnu fyrir útlit og ásýnd nýbygginga á svæðinu. Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi verður stefnumótandi fyrir deiliskipulag sem unnið er samhliða breytingu á aðalskipulagi.

Meðal áherslna sveitarstjórnar fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna gamla bæjarins er að:

- Stefna að lifandi blandaðri byggð með íbúðum, atvinnustarfsemi og ferðaþjónustu.
- Að litið verði á gamla bæjarkjarnann og Klifamýri sem órofa heild og stefnumótun til framtíðar miði að því að styrkja þau tengsl.
- Húsbyggingar á svæðinu miðast eingöngu við endurheimt gamalla horfinna húsa sem máli skipta fyrir bæjarmynd og sögu bæjarins.
- Sóknarfæri í ferðamennsku og ferðaþjónustu innan svæðisins taki mið af menningarsögulegu mikilvægi svæðisins

Skipulagslýsinguna má finna á skipulagsgátt undir númeri 856/2025 og á skrifstofu sveitarfélagsins að Ægisbraut 1, 540 Blönduósi. Athugasemdafrestur gefinn frá 23. júní til 14. júlí.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnabyggðar

McHale

GÆÐI | STYRKUR | ENDING

PROFI FLO



Rúllusamstæða - FUSION 4

HEYVINNUTÆKI
Tilbúin til afhendingar strax!



Heytætlur



Framsláttuvélar með knosara



Rakstrarvélar



Aftursláttuvélar

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

Rabarbari:

Toga beint upp og mest fjórðung plöntunnar

– Réttu handtökin kennd



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Mikilvægt er að uppskera rabarbara á réttan hátt svo að rótin rotni ekki.

Svíar kunna ýmislegt fyrir sér og þar á meðal að uppskera rabarbara á réttan hátt.

Ingar Nilsson er einn helsti sérfræðingur Svíþjóðar í rabarbarafræðum og höfundur bókarinnar „Rabarbara“. Í viðtali við sænska vefinn Land gefur hún góð ráð um hvernig taka skuli upp rabarbara án þess að skemma plöntuna.

Ingar mælir algerlega gegn því að skera stilkana af með hníf eða klippum, líkt og margir gera, hvað þá að reyna brjóta þá með handafli. „Já, því þá eru miklar líkur á að leggslíðrið rotni og það getur leitt til þess að öll rabarbararótin rotni og eyðileggist. Toga á stilkinn upp á við þar til hann losnar úr slíðrinu,“ segir hún. Best sé að grípa neðarlega um stilkinn og toga beint upp á við, uns hann losnar.



Rabarbari.

Íslenskt Rabarbarafélag

Rabarbarafélag Íslands var formlega stofnað í mars sl., í Kvennaskólanum á Blönduósi. Efnt verður til sérlegrar Rabarbarahátíðar í gamla bænum á Blönduósi 28. júní. Hátíðin var haldin í fyrsta skipti í fyrrasumar og fór mæting, að sögn aðstandenda, fram úr björtustu vonum og talið að um 500 manns hafi sótt hana.

Nánari upplýsingar um Rabarbarafélagið og dagskrá hátíðarinnar eru á vefnum rhubarbfest.is.



Rangt: Það er best að skera hvorki né klippa stilkana af plöntunni, það getur skemmt alla plöntuna.



Rétt: Þú ættir að toga stilkana beint upp þar til þeir losna og aðeins að taka um fjórðung leggjanna.

Láta síðustu stilkana visna

Ingar varar við að taka alla leggi plöntunnar í einu. „Ekki taka of mikið, það er best að uppskera að hámarki 25 prósent af rabarbaranum. Þegar sumarið er búið ættirðu að láta stilkana visna, það veitir rótunum næringu,“ segir hún.

Með flýtur ljómandi skemmtileg og einföld uppskrift að rabarbaragóðmeti sem ættuð er frá Arla.

Rabarbara-munngæti

Innihaldsefni:
300 g grannir rabarbarastilkar
25 g smjör
¾ dl fínn sykur
1 tsk. möluð kardimomma.
Þeyttur rjómi eða vanillujógúrt sem meðlæti.

Aðferð:
Skerið rabarbarann í grófa bita, örlítið á ská.
Steikið þá í smjöri á pönnu í 2 mínútur.
Stráið sykri og kardimommum yfir og steikið í um það bil 2 mínútur, uns sykurinn byrjar að verða ljósbrúnn. Látið kólna aðeins.
Þeytið rjómann létt og berið fram. Enn ljúffengari og léttari kostur er vanillujógúrt.



Myndir / Pixabay

Grænmeti en ekki ávöxtur

Rabarbari (Rheum rhabarbarum eða Rheum x hybridum), einnig nefndur tröllasúra, er garðplöntutegund af súruætt. Rabarbari er grænmeti frekar en ávöxtur þótt plantan sé aðallega notuð eins og ávöxtur. Stöngull rabarbarans er græn- eða rauðleitur, stökkur og getur orðið jafngildur og barnshandleggur. Blaðið upp af stilknum er mikið og grófgert, stundum nefnt rabarbarablaðka. Til eru ýmis afbrigði af rabarbara; algengust eru Linnæus og Victoria.

Rabarbari var notaður í lækningaskyni í Kína fyrir þúsundum ára en hann var ekki ræktaður í Evrópu fyrr en seint á miðöldum. Talið er að rabarbari hafi borist til Íslands skömmu fyrir 1880. Sá rabarbari sem við þekkjum úr görðum og bóndabýlum um allt land kallast á latínu Rheum x cultorum eða Rheum x hybridum. Hann finnst ekki villtur í náttúrunni, enda ræktunarafbrigði.

Stilkur rabarbarans er mikið notaður í sultugerð, rabarbarasúpu og -graut og stundum einnig í saft- og víngerð. Neðsti hluti stilksins er hvítur og oft soðinn niður. Sá hluti rabarbarans nefnist rabarbarapera. Rabarbarinn er með því fyrsta sem stingur upp kollinum úr moldinni á vorin. Þegar hann er ungur og nýsprottinn er hann bestur. Ágæt hugmynd er að uppskera rabarbarann jafnan ungan, skera í bita og frysta til síðari nota. */sá*



Klettur nýr umboðs- og þjónustuaðili Merlo á Íslandi



Öflugir og fjölhæfir skotbómulyftarar fyrir íslenskan landbúnað

Klettur hefur tekið við umboði fyrir **Merlo**, sem hafa notið trausts bænda og verktaka víða um heim í yfir 60 ár. Vélar Merlo sameina nákvæmni, kraft og fjölhæfni og henta sérstaklega vel fyrir fjölbreytt verkefni.

Klettur er traustur samstarfsaðili með öfluga þjónustu um allt land.

Við tryggjum faglega ráðgjöf, hraða þjónustu og greiðan aðgang að varahlutum.
Með sterku þjónustuneti Kletts færðu örugga og hraða þjónustu.
Þjónustustöðvar Kletts eru staðsettar í **Reykjavík, Hafnarfirði og á Akureyri.**
Viðurkenndir þjónustuaðilar eru **Þrymur á Ísafirði** og **Bíley á Reyðarfirði.**

Hafðu samband **sala@klettur.is** eða **590 5100**
og kynntu þér lausnir sem henta þínum rekstri.

KLETTUR

www.klettur.is —— 590 5100

Fljótsdalur:

Hættir með Klausturkaffi í árslok

– Rómað veitingahús fagnar 25 ára starfsemi í sumar



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Veitingahúsið Klausturkaffi í Skriðuklaustri í Fljótsdal fagnar 25 ára afmæli í sumar. Elísabet Þorsteinsdóttir, rekstraraðili Klausturkaffis, ætlar að láta veitingahúsið frá sér í lok árs.

Klausturkaffi er sérstakur og fallegur veitingastaður á neðri hæð Skriðuklausturs. Staðurinn er annálaður fyrir afburðagóðan mat og kökur og er Elísabet Þorsteinsdóttir potturinn og pannan að baki uppskriftum, eldamennsku og vinsældum Klausturkaffis.

Þegar Bændablaðið bar að garði í Klausturkaffi var Elísabet í óða önn að bera rétti á hádegishlaðborð ásamt starfsfólki sínu. Hún var spurð að því hvernig til kom að hún stofnaði veitingastaðinn fyrir aldarfjórðungi.

„Haustið 1999 var bóndi minn, Skúli Björn Gunnarsson, ráðinn forstöðumaður á Skriðuklaustri, við Gunnarsstofnun. Þá vorum við nýflutt austur á Hérað eftir að hafa stundað nám og vinnu í Reykjavík í nokkur ár. Eldri dóttir okkar var þá á fyrsta ári og ég í fæðingarorlofi. Þá vaknaði spurning um hvort ekki væri tilefni til að reka kaffihús á staðnum. Þar kom ég inn í myndina, því að ég er framreiðslumeistari og er auk þess uppalin á Skriðuklaustri. Foreldrar mínir unnu á tilraunabúinu á þeim tíma, og ég hef alltaf haft sterkar rætur til hússins og staðarins," segir Elísabet.



Elísabet Þorsteinsdóttir hefur rekið Klausturkaffi í aldarfjórðung, sinnt þar öllum verkum og eignast aðdáendur víða um heim fyrir matseld sína og bakstur. Hún lætur veitingastaðinn frá sér um áramótin. Myndir / sá

Eftirsóttar lykiluppskriftir

Klausturkaffi var opnað í Skriðuklaustri 18. júní árið 2000. „Til að byrja með var hæfilega mikið að gera fyrir mig sjálfa, en ég hafði einn starfsmann með mér um helgar. Þetta hefur síðan undið upp á sig, frá því að vera með einn starfsmann í fullri vinnu með mér sumarið 2001, yfir í að vera með samtals um átta til níu manns í vinnu með mér í sumar, í mislangan tíma þó," útskýrir hún.

Frá upphafi hefur hún lagt áherslu á að bjóða upp á mat úr héraði eftir föngum. „Og allt heimalagað og heimabakað," bætir Elísabet við og heldur áfram: „Til dæmis hef ég boðið upp á lerkisveppasúpuna og hrútaberjaskyrkökuna nánast frá opnun, og margt fleira hefur síðan bæst við." Þess má geta að hvor tveggja réttanna eru beinlínis frægir og slegist um að fá uppskriftirnar að þeim. „Gestir hafa gjarnan spurt um uppskriftir, og sem einfalda lausn á því, þá gaf ég út uppáhaldsuppskriftir mínar, á lausum spjöldum sem einfalt er að grípa með sér," segir hún.

„Ég hef alla tíð gengið í öll verk á kaffihúsinu, séð um bakstur, matseld, þrif, skipulag, þjálfað starfsfólk, geri allt bókhald og ársreikninga. Í þetta litlu fyrirtæki þarf maður að geta gert allt sjálfur, það er kostur að vera skipulagður og fjölhæfur í verkum, ásamt því að vera vinnusamur!" segir Elísabet og hlær við.

Gestirnir hrifnir

Yfir sumarið byrja dagarnir hjá henni gjarnan á því að hún skýst (39 km) á Egilsstaði að sækja vörur. Síðan er mætt í vinnuna milli kl. 9–10, hádegið undirbúið og í kjölfarið kaffihlaðborðið. Eftir lokun og frágang þarf svo oft að versla, á Egilsstöðum, og loks þegar heim er komið þarf að kíkja aðeins á bókhaldið, panta inn, svara tölvupóstum og slíku. „Það er aldrei alveg frí," segir hún.

„Það sem rekur mig áfram er að gestirnir sem koma til okkar eru svo ánægðir. Þeir láta okkur vita af því að þetta sé besti matur, súpa, hlaðborð, kökur o.s.frv. sem þeir hafi fengið hér á landi, og jafnvel þótt víðar væri leitað. Það gefur manni orku til að halda áfram og þá veit maður að eitthvað er rétt gert! Ánægður gestur gerir svo miklu meira fyrir mann en krónur og aurar sem maður gæti mögulega haft meira af í annarri vinnu," segir Elísabet kankvís.

Hún kveðst alla tíð hafa verið einkar heppin með starfsfólk og fjöldann allan af fólki sem hafa unnið með henni þessi ár. „Oft hefur þetta verið svolítið fjölskyldufyrirtæki, á tímabili vann mamma mín með okkur og síðan dætur okkar tvær, þær byrjuðu að vinna með mér 14 ára og flest sumur síðan," bætir hún við.

Sjaldan vinnufriður

Staðsetning Skriðuklausturs, 30 mínútna akstur frá næsta þéttbýli á Egilsstöðum, gerir það að verkum að umferðin til Skriðuklausturs er æði breytileg, eftir veðri og vindum. Elísabet segir að gestagangurinn hjá þeim sé ýmist í ökkla eða eyra.

„Á góðviðrisdögum á sumrin, þegar fullt er á tjaldsvæðum allt í kringum okkur, getur orðið ansi líflegt. Síðan koma tímar á milli þar sem er rólegra, þá segjum við að sé vinnufriður!" segir hún og brosir. Engir tveir dagar séu eins og þegar þau mæti í vinnuna á morgnana viti hún alla jafna ekki hvort komi fimm eða 75 í hádegismat. Það sé ekki mikið af hópum sem bóki fyrir fram, þó það sé vissulega í myndinni, þannig að aðsóknin byggist einkum á lausatraffík.

„En nú er mál að linni. Undanfarin ár hef ég tekið að hámarki tvo daga samliggjandi frí, kannski átt fjóra frídaga frá 1. apríl fram til 15. október. Það getur verið leiðinlegt að komast ekki á viðburði hjá fjölskyldu sinni, heimsækja ekki staði á Íslandi yfir sumarið, geta ekki gengið hingað og þangað um landið, og vera alltaf bundin," segir Elísabet, þegar talið berst að því að um næstu áramót hverfa þau Skúli Björn frá Skriðuklaustri, að loknu drjúgu verki.

Nýr forstöðumaður hefur verið ráðinn að Gunnarsstofnun frá áramótum, Oddný Eir Ævarsdóttir, og því mun Gunnarsstofnun nú leita eftir nýjum aðila til að leigja út reksturinn hjá Klausturkaffi.

Fyrsta sumarfrí í aldarfjórðung

„Með nýju fólki koma breytingar en það verður örugglega áfram gott að koma í Skriðuklaustur. Auðvitað verður eftirsjá af öllum þeim sem maður hittir á Skriðuklaustri. Það eru fastagestir sem koma ár eftir ár og margir oft á ári. Svo dæmi sé tekið eru hjón frá Frakklandi sem koma með ferjunni Norrænu á hverju vori og dvelja allt sumarið á Íslandi, fara svo aftur með ferjunni út á haustin. Þau koma við hjá okkur þegar þau koma á vorin og áður en þau fara á haustin og hafa gert í 12–15 ár," segir Elísabet.

Hún segist hafa verið einstaklega heppin með að vera hraust, það hafi ekki gerst að hún hafi ekki komist í vinnuna vegna veikinda öll þessi 25 ár. „Ég elska vinnuna mína, en ég hlakka líka til að hafa meiri tíma fyrir ýmislegt annað. Á næsta ári ætlum við að eiga fyrsta alvöru sumarfríið í 25 ár, síðan kemur í ljós hvað verða vill. Við erum ekkert að flytja frá Hallormsstað, en þar er okkar heimili og verður vonandi áfram," segir Elísabet enn fremur og hlakkar til að fá næði til að sinna garðyrkju og handavinnu, sínum helstu áhugamálum utan Klausturkaffis. /sá



Umhverfi Klausturkaffis er sannarlega sérstætt og fallegt í húsi Skriðuklausturs í Fljótsdal.

Helluverkfæri
stór og smá
Helluklemmur, steinaklemmur, gúmmísleggjur, helluklippur, hellulyftur og margt fleira
Wendel

Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is



HÚSASMIÐJAN

Mest selda húsið okkar 52 m²

Virkilega rúmgott og bjart 52 m² hús sem hentar flestum fjölskyldum sem sumarbústaður. Tvö rúmgóð herbergi ásamt björtu alrými með gólfsíðum hornglugga. Eldhúsinnrétting með eldavél, ofni, og frístandandi ísskáp. Baðherberið er vel skipulagt með lítilli innréttingu, salerni, sturtuklefa og 80 lítra hitakúti. Húsið kemur á sterkbyggðum stálramma sem auðveldar til muna flutning.

Verð frá:

16.889.900 kr.

Skoðaðu nánar á husa.is



Ráðgjöf

Halli Ólafs veitir faglega ráðgjöf við val á húsum og svarar spurningum viðskiptavina.

Hallgrímur Ólafsson,
húsasmiðjumeistari,
660 3086 / hallo@husa.is

Bókaðu Halla hér

Fullbúin heilsárshús

Fjöldi stærða í boði 15 m² - 126 m²

Húsin afhendast fullkláruð að innan sem að utan ásamt fullbúnu eldhúsi og baðherbergi

Oftast bæði einhalla eða tvíhalla þak í boði

15 m²	Verð frá 6.989.900 kr.
24 m²	Verð frá 8.489.900 kr.
37 m²	Verð frá 12.969.900 kr.
40 m²	Verð frá 13.889.900 kr.
52 m²	Verð frá 16.889.900 kr.
52 m²	Verð frá 18.989.900 kr., þrjár íbúðir.
69 m²	Verð frá 21.900.000 kr.
92 m²	Verð frá 33.889.900 kr.
110 m²	Verð frá 39.654.900 kr.
126 m²	Verð frá 45.218.900 kr.

Parhús

63 m² + 63 m²	Verð frá 42.900.000 kr.
126 m² + 126 m²	Verð frá 82.193.900 kr.

Þú finnur allar nánari upplýsingar um fullbúnu húsin ásamt skilalýsingu á husa.is



Einbýlishús 69 m²
Fullbúið hús tvíhalla þak.
Verð frá:
21.900.000 kr.

Söluráðgjafar um land allt

Höfuðborgarsvæðið
Janus Þór Valdimarsson, viðskiptastjóri.
666 5610 / janusv@husa.is

Norðurland
Viggó Maríasson, söluráðgjafi.
660 3058 / viggo@husa.is

Austurland
Aðalsteinn Hákonarson, söluráðgjafi
766 2929 / adalst@husa.is

Vesturland
Valdimar Ólafsson, söluráðgjafi
660 3199 / valdi@husa.is

Suðurland
Haukur Guðni Kristjánsson, söluráðgjafi
660 3044 / haukurk@husa.is

Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á hus@husa.is

Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5



Á sjötta og sjöunda áratugnum jókst framleiðsla mikið vegna tækniframfara og hvata í stuðningskerfinu.

Upphaf búvörusamninga

Fram undan eru samningaviðræður milli bænda og stjórnvalda um nýja búvörusamninga. Þótt þeir feli í sér nútímaleg stjórntæki til stuðnings landbúnaði, eiga búvörusamningar sér langa og merkilega forsögu. Hér er farið yfir þá sögu fram til ársins 1985 en í næsta blaði verður saga undanfarinna áratuga rakin.

Þróun íslensks landbúnaðar frá sjálfsþurftarbúskap yfir í samkomulag bænda, ríkisvalds og markaðar spannar hátt í 150 ár. Þessi þróun hefur verið mótuð af efnahagslegum, pólitískum og samfélagslegum aðstæðum – og er órjúfanlegur hluti sjálfstæðissögu þjóðarinnar.



Unnsteinn Snorri Snorrason.

Stuðning við íslenskan landbúnað má rekja allt aftur til miðrar 19. aldar, þegar stjórnvöld hófu að styðja tæknivæðingu og fræðslu. Styrkir voru m.a. veittir til jarðabóta, búfjárræktar og síðar til stofnunar búnaðarskóla – sem markaði fyrstu tilraunir ríkisins til að efla landbúnað með beinum hætti og byggja upp innviði greinarinnar.

Lengst af snerist búskapur um sjálfsbjargarviðleitni – að sjá fjölskyldunni fyrir nauðsynjum. En á 19. öld jukust tengsl bænda við erlenda markaði. Útflutningur á ull, hrossum og sauðfé til Bretlands gjörbreytti stöðu bænda. Þeir gátu nú selt afurðir sínar fyrir peninga. Á svipuðum tíma voru stofnuð kaupfélög víða um land, sem styrkti verulega stöðu bænda í viðskiptum og drógu úr áhrifum danskra kaupmanna. Þessi þróun byggði ekki aðeins á viðskiptalegum hagsmunum heldur einnig þjóðernisvitund. Sjálfstæði þjóðarinnar var þannig að miklu leyti tengt framþróun landbúnaðarins. Þegar Búnaðarfélag Íslands var stofnað árið 1899 var það því bæði efnahagslegt framfaraskref og þáttur í sjálfstæðisbaráttunni.

Á fyrstu áratugum 20. aldar fór íslenska ríkið að móta formlega stefnu í landbúnaðarmálum. Sett voru jarðræktarlög árið 1923, búfjárræktarlög árið 1931 og mjólkursölulög árið 1934. Markmiðið var að tryggja innlenda framleiðslu og jafna aðstæður bænda – ekki síst eftir efnahagskreppuna á fjórða áratugnum, þegar verðmæti útflutnings hrundi. Í kjölfarið gripu stjórnvöld til nýbýlalaga, framkvæmdaátaks og beins stuðnings við innlendan landbúnað, einkum með hagsmuni fæðuöryggis og búsetu í huga.

Eftir seinni heimsstyrjöldina jókst hlutverk ríkisins í efnahagsmálum og þar á meðal málefnum landbúnaðarins. Með dýrtíðarlögunum 1943 hófust niðurgreiðslur á matvöru, fyrst og fremst til að halda verðbólgu í skefjum og verja kaupmátt almennings. Upphaflega fóru greiðslurnar til afurðastöðva, en síðar var farið að greiða beint til bænda. Árið 1947 var Framleiðsluráð landbúnaðarins stofnað, sem markaði tímamót – bændur fengu þar með formlega aðkomu að stjórnun stuðningskerfisins. Þá var lögfest að bændur skyldu njóta sambærilegra kjara og verkamenn, ákvæði sem enn má finna í núgildandi búvörulögum.

Á sjötta og sjöunda áratugnum jókst framleiðsla mikið vegna tækniframfara og hvata í stuðningskerfinu. Það reyndist þó erfitt og dýrt að taka á þeirri framleiðslu sem var umfram innanlandsneyslu. Því gripu stjórnvöld til aðgerða, meðal annars með kjarnfóðurskatti og búmarki árið 1979, en slíkar takmarkanir reyndust flóknar í framkvæmd og ekki sjálfbærar til lengri tíma.

Stór breyting varð árið 1985 með gildistöku nýrra búvörulaga. Þar var tekin upp sú meginregla að ríkisstuðningur væri bundinn við framleiðslu sem væri innan ákveðins ramma, svonefnds fullvirðisréttar. Hver framleiðandi fékk viðurkenndan rétt til að framleiða tiltekið magn og fékk stuðning í samræmi við það. Þetta fyrirkomulag átti að draga úr umframframleiðslu, auka gagnsæi og stuðla að stöðugleika í verðmyndun og framleiðslu. Samningar á grundvelli þessara laga, sem gerðir voru 1985 og 1987, lögðu aukna áherslu á hagræna nýtingu og aðlögun að breyttum aðstæðum. Þar með hófst nýr kafli í stuðningskerfi landbúnaðar – með samningsbundnum búvörusamningum sem byggja á skýrum markmiðum og forsendum.

Sagan sýnir að stuðningur við landbúnað hefur aldrei verið einhlítur. Hann hefur þróast í takt við breyttar þarfir samfélagsins – hvort sem um ræðir sjálfstæðisbaráttu, fæðuöryggi eða framleiðslustýringu. Við mótun nýrra búvörusamninga skiptir máli að horfa til þessarar sögu. Núverandi kerfi er afurð áratugalangrar reynslu og pólitískrar sýnar.

Árangur búvörusamninga verður ekki einungis metinn með hagfræðilegum mælikvörðum. Þeir þurfa að endurspegla hlutverk landbúnaðarins í samfélaginu – þar sem matvælaöryggi, byggðamál og umhverfissjónarmið hafa sívaxandi vægi. Umfram allt snýst þetta þó um afkomu bænda og hagsmuni neytenda. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir er einföld: Hvað viljum við að íslenskur landbúnaður standi fyrir – og hvers konar stuðningskerfi þjónar þeim markmiðum best?

Höfundur er bóndi.

Gleðilegt framkvæmdar**sumar!**
Ert þú á leið í viðhaldsvinnu?
Við bjóðum þér öruggar lausnir á góðu verði

VINNUPALLAR
- ÖRUGGAR LAUSNIR -
Skoðaðu úrvalið til sölu og leigu á vpallar.is
Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 557 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

Kubota

Heyvinnuvélar fyrir kröfuharða





TE8590C 9 m
snúningsvél, dragtengd
3.530.000 + vsk.



RA2072 7,2 m
miðjurakstarvél
3.290.000 + vsk..



RA2584 8,4 m
miðjurakstarvél
4.890.000 + vsk.



DM3040 - 4,0 m
diskasláttuvél
2.560.000 + vsk..

Reykjavík, Akureyri og Selfossi thor.is velasvid@thor.is s 568-1500

ÞÓR HF

Garðyrkja

Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



Allt frá
fræjum til
afurða

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir

„Það vantar framkvæmdagetu í loftslagsmálin“



Sturla Óskarsson
sturla@bondi.is

Loftslagsráð samþykkti nýverið álit um aðgerðir stjórnvalda í loftslagsmálum undir yfirskriftinni Tímamót í loftslagsaðgerðum. Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, segir að það þurfi að fjárfesta í kolefnishlutlausri framtíð.

Blaðamaður Bændablaðsins settist niður með Halldóri og átti við hann spjall um þetta álit, stöðuna í dag og helstu áskoranir næstu ára.

Veik eftirfylgni aðgerða og ómarkviss ráðstöfun fjármála

„Fyrir þingkosningar í nóvember þá kölluðum við eftir því að það þyrftu að verða þáttaskil í framkvæmd loftslagsaðgerða. Veikleikarnir tengjast fyrst og fremst veikri verkstjórn. Veikri eftirfylgni aðgerða, ómarkvissri ráðstöfun fjármála, skorti á upplýsingamiðlun og skorti á samráði við almenning,“ segir Halldór og bætir við að nú séu ákveðin tímamót. „Parísarsamningurinn sem heldur utan um samstarf ríkja heims um að ná tökum á þessum vanda gengur á fimm ára klukku ef svo mætti segja, á fimm ára fresti þá endurnýja aðildarríkin sitt landsframlag og við erum á slíkum tímamótum núna. Íslandi ber, sem aðildarríki, að gera grein fyrir sínu framlagi til þessa markmiðs.“ Loftslagsráð vill einnig beina athygli að áhrifum loftslagsbreytinga á Íslandi. „Afleiðingar veðurfarsbreytinga koma æ betur fram á Íslandi og eru mjög alvarlegar, bæði afleiðingar sem eru beint hér heima, eins og aukin úrkomuákefð og ofanflóð og síðan óbein áhrif vegna áhrifa á hnattrænar virðiskeðjur,“ segir Halldór.

Velsæld til framtíðar

En hver verður helsta áskorunin fyrir Ísland á næstu árum? „Áskorunin er fyrst og fremst sú að við höldum lífsgæðum og velsæld á Íslandi til framtíðar. Virk og skynsöm loftslagsstefna er lykilatriði í því. Bæði að draga úr skaða með því að beita bestri fáanlegri þekkingu og reynslu og að fjárfesta í því sem þarf að fjárfesta í. Til dæmis til að koma í veg fyrir að úrkomuákefð valdi skaða þá þarf að fjárfesta í frárennslisinnviðum. Ekki síður þarf að aðlagast þessum nýja veruleika, lágkolefnishagkerfinu, en nýsköpun og þróun eru lykilatriði þar. Við höfum gert margt gott en erum enn mjög háð jarðefnaeldsneyti í samgöngum og jafnvel því miður í orkuframleiðslu. Þannig að áskoranirnar eru ekki síður þær að gera eins og aðrar þjóðir; að virkilega fjárfesta í þessari framtíð, sem er kolefnishlutlaus framtíð. Það þurfum við að gera betur. Og hraðar.“

Þrjár aðgerðir strax

Aðspurður hvaða þrjár loftslagsaðgerðir hann myndi vilja að ráðist yrði í strax nefnir Halldór fyrst að það sé mikilvægt að efla stjórnsýslu í loftslagsmálum. „Gera hana skilvirkari og að samþætta betur ríkisfjármál og loftslagsmarkmið. Til dæmis varðandi endurfjármögnun á vegakerfinu, það þarf að tryggja að slíkar ákvarðanir vinni ekki gegn loftslagsmarkmiðum eins og þær hafa gert,“ segir Halldór og nefnir sem dæmi að það hafi orðið mikill samdráttur í nýskráningu hreinna rafbíla. Hann bendir þó á að í drögum núverandi loftslagsráðherra að heildarlöggjöf um loftslagsmál séu mörg framfaraskref. „Ekki síst skýrari ábyrgð ráðherra gagnvart þinginu, betri tenging á niðurstöðum Loftslagsráðs inn í umfjöllun þingsins um stöðuna og í fyrsta skipti ákvæði um að unnið verði að heildstæðri loftslagsstefnu, að það sé skýrt hvað Ísland ætli sér í loftslagsmálum.“



Halldór Þorgeirsson. Mynd / só

„Númer tvö í mínum huga er að ná utan um losun frá votlendi, framræstu votlendi. Það var feikilegt framfaraskref þegar hluti þess var ræstur fram, það náðist mikill árangur í túnrækt og það er óumdeilt að það þarf að halda slíkum kerfum við. En þetta fór úr böndunum á sínum tíma. Það var ræst fram miklu meira en þurfti til túnræktar. Þannig að það er mjög mikið af landi sem hefur verið ræst fram en er í einhverri biðstöðu. Því miður, þrátt fyrir góðar tilraunir Votlendissjóðs, þá er mjög lítið af landi í virkri endurheimt enn sem komið er. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að þetta eru ekki bara náttúruvísindi og verkfræði. Þetta er félagslegt og það skiptir mjög miklu máli að það sé tekið heildstætt á þessu.“ Halldór bætir við að það þurfi að ríkja fullur fyrirsjáanleiki þegar yfirráðahafar lands, hvort sem það eru ábúendur á ríkisjörðum eða ábúendur sem eiga sínar jarðir, taka ákvarðanir um endurheimt. „Það eru ekki til betri umsjónarmenn lands en þeir sem búa á jörðunum, vegna þess að endurheimt er eitthvað sem kallar á þekkingu á aðstæðum og viðveru. En það er greinilegt að allavega bændur, sem eru í virkri framleiðslu, hafa ekki treyst sér að koma inn í þetta nema í mjög litlum mæli og það þarf að finna leiðir til þess að það sé hægt. Ástæðan fyrir því að endurheimt votlendis er svona mikilvægt og brýnt mál er að takist hún vel þá skilar hún strax árangri. Vegna þess að það má ekki rugla þessu saman við bindingu kolefnis í skógrækt til dæmis, sem tekur langan tíma. Þetta er eins og að skrúfa fyrir krana ef að vel tekst til því að losunin breytist mjög hratt. En það þarf svo að halda henni við þannig að þetta er langtímamál, það þarf að vinna með þeim sem skilja og þekkja landið og þykir vænt um það.“

Halldóri þykir mikilvægt að farið sé í loftslagsaðgerðir með réttlátum hætti. „Þriðja forgangsmálið, sem ég held að sé algjört lykilatriði, er að ná betur utan um réttlætisþáttinn í þessu. Að í öllum aðgerðum þá þarf að horfa á hvernig það kemur niður á mismunandi tekjuhópa, hvaða áhrif það hefur á fólk eftir búsetu og öðru slíku. Því að við fáum fólkið aldrei með okkur ef ekki er horft á réttlætisvíddina í þessu. Þetta er ekki síst mikilvægt gagnvart landbúnaðinum og ég fagna þeim krafti sem er að koma í samtalið um loftslagsvænan landbúnað, þetta er sérstaklega mikilvægt. Sérstaklega mikilvægt gagnvart bændum vegna þess að þeir eru að taka miklu afdrifaríkari ákvarðanir heldur en aðrar atvinnugreinar, þú býrð á þessari jörð og þú hoppar ekki bara í eitthvert annað starf.“

Stjórnarráðuneyti eru ekki framkvæmdastofnanir

Til þess að innleiða betur langtímahugsun varðandi loftslagsmál segir Halldór að ríkið og atvinnulífið þurfi að vinna betur saman. Úr atvinnulífinu komi „margar mjög góðar hugmyndir en svo stoppar það á framkvæmdinni. Það þarf að taka hana út úr stjórnarráðinu. Stjórnarráðuneyti eru ekki framkvæmdastofnanir, þær eiga ekki að vera það. Það vantar framkvæmdagetu í loftslagsmálin.“

Mikilvægt sé að fleiri aðilar komi að málum til þess að eftirfylgni verði betri og verkefni skili árangri. „Þegar kemur að framkvæmd þá má það ekki allt hvíla á ríkinu, það þarf að fara miklu meira í sameiginlega framkvæmd með atvinnulífinu, með sveitarfélögum og það er mikill vilji hjá atvinnulífinu að koma með virkari hætti inn í framkvæmd, en til þess að svo megi vera þá þarf að ganga frá formlegum samningum. Þannig að það sé alveg ljóst hvert eignarhaldið er, hver ber áhættuna og væntanlegan ávinning.“

Kostnaður vegna vanefnda getur verið hár

Í álitinu benti Loftslagsráð einnig á að kostnaður vegna vanefnda gæti orðið hár. Halldór segir erfitt að vinna slíka útreikninga en „þetta er mjög fljótt að koma í milljarða“. Betri nýting á fjármunum væri að ráðast í aðgerðir. Mikilvægt sé að heildarstefna Íslands sé gerð „með sókn, hugrekki og fyrirhyggju og hefjist handa ekki seinna en í gær“, segir Halldór en tekur fram að Ísland sé ekki eina landið sem eigi í erfiðleikum með þennan málaflokk. „Við erum að breyta hagkerfinu með markvissum hætti til þess að draga úr miklu verri stöðu sem loftslagsvá myndi kalla yfir. Ég held að það sé mjög erfitt að segja hvar við stöndum, við erum náttúrlega komin lengra í orkuskiptum heldur en flestar aðrar þjóðir, en við erum mjög aftarlega þegar kemur að því til dæmis að losna undan viðjum jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Þar er mikið sóknartækifæri sem við höfum ekki nýtt okkur.“

Framtíðarsýn og kraftur

Halldór segir að svona stórar breytingar kalli á að fara úr sýn yfir í framkvæmd. „Það var ekkert óumdeilt á sínum tíma að fara í hitaveituvæðinguna en það náðist samstaða og nú spyr enginn af hverju við gerðum það. Og við höfum því miður, í orkuskiptum í samgöngum, tapað miklum tíma, það er ekki bara spurning um ívilnanir það er líka spurning um uppbyggingu innviða. Það hefur því miður komið sú tilfinning, sem ég held að sé alfarið röng, að rafbílar séu bara fyrir þéttbýli. Það er fjarri því vegna þess að það er íbúum dreifbýlisins sem við erum að íþyngja mest með því að vera enn háð jarðefnaeldsneyti. Þess vegna fagna ég því í dag hversu mikið af bændum eru farnir að vera með rafbíla heima.“

„Við þurfum að halda áfram og við þurfum að vera með miklu markvissari stuðning við uppbyggingu á hleðsluinnviðum, það er töluvert sem er verið að styðja í gegnum Orkusjóð en það þarf að vera meira. Þarna komum við aftur að þessu, það þarf að vera þessi sýn og eftirfylgni. En síðan er stóra verkefnið þegar kemur að rafvæðingu samgangna, það eru þungaflutningar.“ Halldór telur að við þurfum að læra aftur á sjóflutninga. „Því miður þá fóru allir flutningar, þungaflutningar, á vegakerfið án þess að vegakerfið væri undir það búið.“ Að lokum segir Halldór að vegna þess hve vel tókst til með orkuskipti á síðustu öld sé þó ástæða til bjartsýni. „Það þarf að finna aftur þennan kraft sem við höfðum áður til þess að búa í haginn fyrir framtíðina.“



Weckman þakklæðningar

H. HAUKSSON

• 30 ára reynsla á Íslandi • Hagstætt verð • Fjölmargir litir í boði • CE vottuð framleiðsla •

Bárujárn

Verð kr. 3.600 m² með vsk.



Stallað stál

Verð kr. 4.900 m² með vsk.



Trapisustál

Verð kr. 3.600 m² með vsk.



H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

WECKMAN MADE IN FINLAND

Vistvæn jarðvegslausn fyrir bílastæði, göngustíga, garðinn og margt fleira

Jarðvegsgrindurnar okkar eru tilvaldar fyrir bílastæði, göngustíga og garða. Þær eru úr 100% endurunnum efnum og eru auðveldar í uppsetningu.



- Hentar fyrir allar árstíðir
- Ber þungt álag
- Viðhaldslítið og endingargott
- Fljótleg og einföld uppsetning
- Klippt eftir þörfum
- Traust og slitsterkt yfirborð
- Framleitt úr endurunnum efnum

Hafðu samband í dag til að fá tilboð!

Miðhrauni 6, 210 Garðabær | 544 8900 | m@malmsteypa.is

MÁLMSTEYPAN

Veður:

Búgreinar misháðar loftslagsbreytingum

– Gróðurhúsaáhrif mögnuðu hitabylgju í maí

Hitabylgjan hér á landi í maí hefði ekki orðið jafnmikil og raun bar vitni nema vegna gróðurhúsaáhrifa. Það er meðal niðurstaðna á rannsókn sem World Weather Attribution stóð að. Ýmsar umhverfisaðstæður landbúnaðar munu breytast verulega á komandi árum vegna loftslagsbreytinga, bæði til góðs og ills.


Halldór Björnsson.

Dagana 13. til 22. maí sl. var hitabylgja á landinu sem orsakaðist af langvarandi hæð við Færeyjar sem færðist síðan smám saman yfir Ísland. Samkvæmt frétt Veðurstofu Íslands er hitabylgjan þessa daga óvenjuleg og þykir merkilegt hversu snemma árs hún átti sér stað, hversu lengi hún stóð og hversu útbreidd hún varð.

Mældist hitinn 20 stig eða meira einhvers staðar á landinu tíu daga í röð og var fjöldi maíhitameta settur á veðurstöðvum um land allt. Hæstur fór hitinn í 26,6 stig á Egilsstaðaflugvelli, sem er nýtt hitamet í maí fyrir landið. Reyndist þetta vera mesta hitabylgja sem vitað er um í maímánuði hér á landi.

Framkvæma rannsóknir sem næst tíma

Hópur vísindamanna hjá Granthamstofnuninni í London framkvæmdi rannsókn á hitabylgjunni sem náði til Íslands og Grænlands. Meðal þeirra sem útveguðu gögn til greiningar var Veðurstofa Íslands. Halldór Björnsson, fagstjóri veðurs og loftslags hjá Veðurstofunni, var meðal frummælenda á kynningu niðurstaðna rannsóknarinnar þann 10. júní sl.

Markmið World Weather Attribution er að taka fyrir markverðar veðurfarstruflanir og framkvæma rannsóknir á þeim sem næst í tíma. Rannsóknamiðstöðin einblínir venjulega á veðurfarslega viðburði sem hafa víðtæk áhrif á menn og innviði. Í þessu tilfelli leiddi hitabylgjan ekki til manntjóns en áhrifin hér á landi urðu helst á vegakerfinu með bikblæðingum í malbiki. Enn fremur skapaðist hætta á gróðureldum og voru gefnar út viðvaranir vegna þess.

Halldór segir að meðal þeirra spurninga sem rannsóknir sem þessar reyni að svara er hvort gróðurhúsaáhrifin séu að valda slíkum hitabylgjum. Í rannsókninni var lagt mat á það með því að greina líkön sem sýna breytingar á veðurfari án gróðurhúsaáhrifa samhliða raungögnum um veður.

Aðlögun er brýn

Niðurstöður greininganna bendi til að gróðurhúsaáhrif séu að hækka hitastig og breyta úrkomu á norðurslóðum. Halldór nefnir sem dæmi að á Egilsstöðum hefði verið nánast óhugsandi að hitabylgja sem þessi hefði átt sér stað nema án aukinnar gróðurhúsaáhrifa.

Slíkar breytingar á veðurfari geri aðlögun að loftslagsbreytingum brýnni samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar. Úrbóta sé þörf á innviðum og samfélagskerfum sem munu verða fyrir áhrifum.

Grænland sé á fyrstu stigum þess að þurfa að bregðast við vaxandi ógn við lýðheilsu vegna áhrifanna. Innviðir á Íslandi og Grænlandi séu byggðir fyrir kalt veður, sem þýðir að á meðan hitabylgju stendur geti til dæmis bráðnun íss leitt til flóða og skemmt vegi og innviði.

Á Grænlandi veldur óvenjuleg hlýnun því að hafís brotnar upp, sem geti ógnað samfélögum sem eru háð honum bæði til fæðuöflunar og ferðalaga. Hlýrri sjór veldur því að fiskistofnar færa sig, þannig séu kaldsjávartegundir að færa sig norðar sem getur haft efnahagsleg áhrif á samfélögin.


Sól í Fljótshlíð. Dagana 13. til 22. maí sl. var hitabylgja sem reyndist sú mesta sem vitað er um í maímánuði á landinu. Mynd / ghp


Hafrar. Búgreinar sem stundaðar eru hér á landi eru misháðar loftslaginu og verða því fyrir mismiklum áhrifum af loftslagsbreytingum. Samkvæmt sviðsmyndum um möguleg áhrif loftslagsbreytinga má ætla að möguleikar kornræktar til manneldis aukist hér á landi. Mynd / ghp

Í Fjórðu samantektarskýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar, sem kom út á vegum Veðurstofu Íslands frá árinu 2023, er fjallað um umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Ísland. Í henni má nálgast sérstakan kafla um lífríki lands og landnýtingu, þar á meðal um möguleg áhrif loftslagsbreytinga á landbúnað.

Ekki hefur farið fram almenn úttekt á núverandi og væntanlegum áhrifum loftslagsbreytinga á íslenskan landbúnað síðan á árunum 2004–2007. Einnig er tilgreint í skýrslunni að greiningu vanti á því hvernig opinber loftslagsmarkmið munu hafa áhrif á landbúnað og garðyrkju hérlendis.

Búgreinar sem stundaðar eru hér á landi eru misháðar loftslaginu og verða því fyrir mismiklum áhrifum af loftslagsbreytingum. Í skýrslunni er talað um að nautgriparækt sé loftslagsháðari grein en sauðfjárrækt, hrossarækt, svína- og kjúklingarækt, enda byggi nautgriparækt á hágæða innlendri fóðurframleiðslu sem mjög er háð veðurfari.

Ótímabærir hauststormar, með mikilli ofankomu og vetrarstormum, eru nefndir sem dæmi um bein áhrif loftslagsbreytinga á sauðfjárrækt og hrossarækt. Slíkir veðurviðburðir geta valdið afföllum. Samkvæmt skýrslunni munu slíkir atburðir ekki hverfa í nánustu framtíð samkvæmt losunarsviðsmyndum.

Umhleypingar mesta vandamálið í jarðrækt

Það sama má segja um mögulegar kalskemmdir á túnum sem hafa orðið bændum til mikilla trafala. Samkvæmt köldustu losunarsviðsmynd mun vetrarhiti hækka um 1,5 gráður að jafnaði í lok aldarinnar. Slíkt gerir langvarandi svellalög á túnum ólíklegri og gæti vandinn nánast horfið á ákveðnum stöðum á landinu. En um leið og veðurfar hlýnar eykst útgufun og meiri úrkomu þarf til að viðhalda rakastigi í jarðvegi en áður. Þannig geta áhrif á ræktun túna orðið neikvæð ef úrkomuaukning verður ekki næg.

Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar vísar til rannsókna sem sýnt hafa sýnt að heyfengur í túnrækt jókst að jafnaði um 610–779 kg þurrefnis á ha, eftir grastegundum, fyrir hverja gráðu sem vetrar- og vorhiti hækkaði.

Fleira en hitafar hefur þó áhrif á túnsprettu og hafa rannsóknir sýnt að lengd vaxtartíma, sólarstundir og framboð vatns í jarðvegi eru allt mikilvægir þættir við íslenskar aðstæður. Þannig geta nýir umhverfisþættir orðið takmarkandi fyrir uppskeru túngrasa. Sem dæmi urðu talsverðir vorþurrkar á hlýjustu árunum í kringum 2010 á vestanverðu landinu sem ollu vandamálum í tún- og kornrækt þar sem ræktunin fer fram í sendnum jarðvegi, svo mjög að nokkrir bændur fjárfestu í búnaði til vökvunar á akurlendi.

Umhleypingasamir vetur og miklar hitasveiflur eru þó tilgreindar sem mesta vandamálið fyrir margar norðlægar fjölærar nytjajurtir í jarðrækt og matvælaframleiðslu.

„Þetta veldur því að mörgum slíkum fjölærum tegundum hættir til að vakna of snemma úr vetrardvala að vori og vaxa of lengi fram á haustið og hlýnandi veðurfar næstu áratuga mun trauðla breyta þessu vegna þeirra miklu sveiflna í hitafari sem einkenna veðurfarið hérlendis.“

Kornið gæti sótt í sig veðrið

Í skýrslunni er tilgreint að hlýrri vor og lengri vaxtartími fram á haustið hafa aukið möguleikana á að rækta margar tegundir í jarð- og garðrækt. Í skýrslunni eru talin upp dæmi um prófanir á ýmsum nytjajurtum í ljósi breyttra umhverfisaðstæðna, svo sem ræktun á iðnaðarhampi, olíunepju og repju, höfrum, hunangsberjum, vetrarrúg og vor- og vetrarhveiti.

Í skýrslunni er staðhæft að rækta megi korn til skepnufóðurs á ríflega helmingi landsins en samkvæmt niðurstöðum vísindanefndarinnar mætti rækta til fulls kornþroska til manneldis á um helmingi þess í þremur af fjórum sviðsmyndum um breytingar á loftslagi. Árið 2095 verður svo hægt að rækta hafra til fulls þroska á um helmingi láglendis ganga tvær heitari sviðsmyndirnar eftir.

Í skýrslunni er sjónum einnig beint að garðyrkju en þess getið að enn sé langt í land þegar kemur að rannsóknum og spám um áhrif loftslagsbreytinga á ræktun matvæla og annarra nytjajurta utanhúss og hvers konar aðlögunar sé þörf.

Hlýnun síðustu ára hafa haft í för með sér ýmsar áskoranir. Aukin gróska og hlýindi hafa valdið að ýmis meindýr og plöntusjúkdómar hafa sótt í sig veðrið, meiri illgresissamkeppni verði til á frjósömu landi og því fylgi aukin umhirðuþörf. Áhrif nýrra skordýrategunda á vistkerfi landsins er þó ekki komin að fullu fram og bendir skýrslan á nýleg dæmi þess að loftslagsbreytingar hafi aukið útbreiðslu skaðvalda sem aftur hefur leitt til víðtækrar skógareyðingar.

/ghp



ergo

Fleiri hestöfl í heyskapinn?

Við skiljum allar ástæður fyrir nýrri vél

Reiknaðu dæmið á ergo.is









Húsin okkar

Bambahús eru einstök hönnun sem henta í alla ræktun hvort sem er til heimilis eða atvinnu. Bambahús eru smíðuð úr galvaneseraði stálgrind, klædd með 10mm. einangruðu gróðurhúsaplasti og koma með sérsmíðaðri stálhurð, ásamt loftglugga með stormjárni.

Bambahús smíða falleg gróðurhús, níðsterk og notendavæn. Gróðurhúsin koma fullbúin og hagkvæm til notkunar allt árið um kring. Þau er létt og meðfærileg og alltaf hægt að bæta við einingum.
Bambahús eru hönnuð til að rækta fæðu í mold og auðvelt að umbreyta í alla tegundir ræktunar ásamt plássi fyrir kósýsvæði.

Bambahús koma með gróðurkerjum í vinnuhæð og það má tvöfalda ræktunarplássið með því að nýta rýmið fyrir neðan gróðurkerin.
Bambahús eru einstök, lítið viðhald er á húsunum, einfalt í uppsetningu, lágt verð og hefur jákvæð umhverfisáhrif.

BAMBAHÚS

www.bambahus.is

bambahus@bambahus.is

s.862-5008

Eiginleikar

- Bambahús þurfa aðeins sléttan flöt og engin þörf eru á jarðfestu
- Bambahús þola vind og snjóþunga betur en flest önnur gróðurhús
- Bambahús koma með gróðurkerjum
- Bambahús nýtir fermetrapláss betur en önnur gróðurhús
- Bambahús henta betur fyrir hreyfihamlaða
- Bambahús er íslenkst hugvit og framleiðsla
- Bambahús er hringrásarhagkerfið í allri sinni mynd
- Bambahús eru færanleg, hægt að færa þó það sé í fullri notkun

Fljótsdalshérað:

Á fljúgandi ferð en huga nú að sölu

– Eigendur Vallaness og Móður Jarðar hyggjast leita nýrra eigenda að fyrirtækjunum

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Stórt kort af Vallanesi á Fljótsdalshéraði, þar sem merkt er inn hvað er ræktað á ökrunum hverju sinni. Hjónin Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir segja ræktarlandið vera eins og skepnu að formi til og þannig sé Vallanesbýlið einmitt: eins og það hafi sjálfstætt líf. Nú vilja þau huga að því að koma því og Móður Jörð í nýjar hendur. Hvorugt er þó komið formlega á sölu ennþá en þau eru tilbúin að hefja ferlið. Myndir / sá

Jörðin Vallanes á Fljótsdalshéraði fer senn á sölu með öllum byggingum, auk Móður Jarðar ehf., fyrirtækis í lífrænni ræktun, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu.

Hjónin Eymundur Magnússon og Eygló Björk Ólafsdóttir, margverðlaunaðir eigendur fyrirtækjanna tveggja, hafa lagt stund á lífræna korn- og grænmetisræktun í Vallanesi og framleitt tilbúnar hollustu- og sælkeravörur sem bera Evrópulaufið, alþjóðlegt vottunarmerki um lífræna ræktun og framleiðslu. Allt grænmeti er útiræktað og á jörðinni er auk kornræktar umfangsmikil skógrækt. Auk þess eru þau með veitingasölu og gistingu.

Nú leita þau nýrra eigenda. „Hér er í gangi nýsköpun sem tekur engan enda og því kannski rétt að segja þetta gott á einhverjum tímapunkti og koma fyrirtækjunum í yngri og fleiri hendur," segja þau Eygló og Eymundur. „Jörðin er ekki komin formlega á sölu, enda er þetta frekar erfið ákvörðun, en við teljum að við séum tilbúin ef vænlegir arftakar banka upp á," segja þau og hnýta við að þau séu ekkert að yngjast og tímabært sé að huga að því.

Tímabært að huga að eigendaskiptum

„Ég áttaði mig ekki á þessu fyrr en Þórunn, dóttir mín, fór að rukka mig um sjötíu ára afmælið – hvað ég ætlaði að gera í haust í tilefni af því. Og ég sem hélt að ég væri bara fimmtugur!" segir Eymundur kíminn og heldur áfram:

„Aldurinn læðist að og okkur langar til að snúa okkur að öðru á meðan maður er hress og hægt er að njóta. Ég þykist nú eiga orðið inni svolítið af fríi hjá Móður Jörð eftir 46 ára búskap. Við Eygló eigum eftir að ferðast víða og ferðumst vel saman.

Hann segist myndi vilja hafa miklu meiri tíma til að vinna í fegurð staðarins; planta blómum og trjám og taka til. Hann spyrji sig oft að því af hverju hann sé endalaust að koma sér í meiri verkefni og „vandræði" þar með, t.d. að standa í að malta bygg til bjórgerðar, þegar hann hafi engan tíma til þess í raun og veru því verkefnin séu næg fyrir: „En ef maður hefur brennandi áhuga á einhverju þá bætir maður því við, því það þarf að vera gaman líka."

Umfangið vaxið hratt

Þau segja umfangið í Vallanesi og hjá Móður Jörð hafa vaxið mikið á undanförnum árum, enda hafi starfsemin þróast frá frumframleiðslu að grunninum til, upp í matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu sem tengist því. „Við höfum verið í uppbyggingarfasa og mikilli nýsköpun undanfarin ár, sem hefur skapað 7–8 ársverk, og það eru vaxtartækifæri á öllum sviðum. Þetta er bara rétti tíminn að undirbúa kaflaskil og þó að allt hér sé í stöðugri þróun er þetta eitthvað sem við þurfum að gera," segja þau.

„Skógurinn er að koma inn sem tekjulind, ferðaþjónustan getur vaxið, framleiðslan, og ræktunin líka, því það er enn nóg landrými. Það eru vaxtartækifæri á öllum sviðum og við erum á einhverjum ákveðnum stað á markaði með okkar lífrænu framleiðslu, þetta á allt góða framtíð fyrir sér. Vonandi bara að einhverjir taki þann bolta og geri jafnvel enn meira úr þessu öllu saman. En einhvern tímann verðum við að hefja þetta ferli og koma þessu áfram inn í framtíðina."

Þau segjast alveg eiga eftir að sjá hvernig áhugi skapist. „Það getur vel verið að eitthvert ferðaþjónustufyrirtæki sæi sér hag í að kaupa fasteignirnar og aðrir tækju búskapinn. Þetta stendur bara til og við erum að hefja það ferli. Þangað til erum við bara í vinnunni og höfum gaman. Hægt er að gera betur á öllum sviðum. Það er fullt af fólki þarna úti sem getur örugglega gert hlutina betur en við. En það er af og frá að við ætlumst til að einhverjir geri hlutina hér endilega eins og við höfum gert þá."

Þau hafi búið til ákveðið „platform", ákveðna möguleika í sjálfbærri starfsemi sem verði vaxandi krafa í matvælaframleiðslu í framtíðinni. „Hér er góð aðstaða, tæki og tól, uppskriftir, aðferðir og annað sem við myndum fylgja fólki inn í ef áhugi væri fyrir því. Við höfum alltaf reynt að gera hlutina vel og við ætlum líka að gera það núna," segja þau Eygló og Eymundur.

Ósnortin skógarauðlind

Þau tiltaka að skógurinn á Vallaneslandinu sé nánast ósnertur með öllu sínu timbri og í því felist mikil verðmæti. Skemmst er að minnast fordæmis sem búið er að gefa varðandi verðmat skógarjarðar umfram fasteignamat, þegar Skógræktin í vor verðmat land Hvamms á Völlum mun hærra en upphaflegt fasteignamat sagði til um, vegna mögulegra verðmæta skógarins á landinu til nytja. Þau segja slíkt mat ekki liggja fyrir en Vallanesskógurinn sé mikill að umfangi og þeki um 200 ha lands.

Spurð að því hvað sé nákvæmlega til sölu segja þau um að ræða tvö fyrirtæki: Vallanesbýlið ehf., sem á jörðina og allar byggingar, og svo Móðir Jörð ehf., sem sér um rekstur og á vörumerkið. Vallanesbýlið leigir þannig Móður Jörð landið og fasteignirnar.

> „Þetta er bara rétti tíminn ...

Lífræna ræktunin kjarninn

Vallanes er prýtt skógi og ökrum innan um skjólbelti. Jörðin er miðja vegu milli Egilsstaða og Hallormsstaðar og nær frá bökkum Lagarfljóts niður að Grímsá.

Grænmetisveitingastaður og gistihús eru starfrækt á jörðinni frá vori og fram á haust. Lögð er áhersla á ferskt hráefni beint af akrinum, heilkorn og annað hráefni úr jurtaríkinu. Gisting er m.a. í uppgerðu gömlu fjósi og tveimur stökum smáhúsum.

Meðal framleiðsluvara Móður Jarðar eru korn, þ.e. bygg og heilhveiti, repjuolía, ferskt, sýrt og sultað grænmeti, pestó, grænmetisréttir, jurtablöndur og te, sultur, hrökkbrauð og bakstursblöndur.

„Hér er fyrirtæki sem vinnur á grundvelli lífrænnar ræktunar," útskýrir Eygló. Svo hefur verið allt frá árinu 1995. Eymundur hóf búskap í Vallanesi árið 1979 með fjölskyldu sinni og lagði fyrst stund á kúabúskap, 1979–1989, hafði naut til 1994 og hefur verið með grænmetis- og kornrækt til manneldis frá árinu 1985.

Þau Eygló kynntust á matvælasýningu árið 2004 en hún starfaði þá við innflutning á ítölskum gæðamatvælum og hafði ásamt fleirum stofnað Slow-food-hreyfinguna árið 2000. Þau giftu sig árið 2010.

„Þetta var meðal fyrstu býla til að fá lífræna vottun, 1995. Það sem límir allt saman hérna er ræktunarkerfið og hin lífræna hugsun. Síðan er þetta bara nútímaleg atvinnustarfsemi á þeim grunni," segir hún.



Asparhúsið, Vallanesstimbur í gegn, var eins og ýmislegt fleira í Vallanesi teiknað af Albínu Thordarson arkitekt. Húsið býr yfir einstökum þokka.

Fyrsta bygguppskeran kom 1986. Byggið fór strax í verslanir undir merki Móður Jarðar, Vallaneskartöflurnar urðu frægar fyrir bragðgæði, nuddolíurnar eftirsóttar og fyrsta íslenska grænmetisbuffið leit dagsins ljós, árið 2004. Sama ár fékk Eymundur Landbúnaðarverðlaunin, m.a. fyrir það framtak og skjólbelta- og skógrækt. Móðir Jörð var því orðið vel sýnilegt vörumerki fyrir um 25 árum og er í dag með fjölda framleiðsluvara.

„Við erum í dag ein á manneldismarkaði í verslunum með íslenskt bygg og höfum verið með stöðugt framboð í áratugi," bendir Eymundur á og bætir við að þau framleiði um 20 vörutegundir sem grundvallist á bygginu. Bygg sé sú korntegundin sem unnt sé að rækta af einhverju öryggi á Íslandi vegna veðurfarslegra skilyrða, í það minnsta enn sem komið er. Aukin neysla á heilkorni, s.s. byggi, sé í takt við manneldismarkmið, þetta sé íslenskt hráefni sem eigi erindi í ýmsar neysluvörur.

Viðurinn og húsin

Akrarnir eru í dag orðnir 70 ha að stærð og ræktað á um 40 ha ár hvert. „Skipulag jarðarinnar, byggingar og annað hefur raðast saman á fallegan og notadrjúgan hátt," útskýrir Eymundur. Utan á reksturinn hafi svo hlaðist ferðaþjónusta til að styrkja býlið og efla mannlíf, í formi veitingareksturs og gistingar yfir sumartímann, auk viðburðahalds. Þau segja þetta falla einkar vel hvað að öðru

Þau byggðu m.a. hið fallega og einstaka Asparhús fyrir níu árum. Það er teiknað af Albínu Thordarson arkitekt í samvinnu við þau og er sérstætt fyrir að vera allt úr ösp, auk lerkis og grenis, og var það í fyrsta sinn sem íslenskt timbur var vottað sem burðarviður í hús.

„Auk þess eru tvær aðrar byggingar, gamla fjósið og hlaðan, sem nýtt er til gistingar, og kyndistöð sem er að grunni til 40 feta gámur, klæddar með ösp og með sömu þakgerð og Asparhúsið. Gólf og innréttingar gistirýmisins eru úr öspinni okkar. Sömuleiðis er lerki í pöllum og útisvæði. Albína teiknaði þetta allt saman en hún er mikill áhrifavaldur í uppbyggingunni hér, og nú er orðið býsna staðarlegt að koma hingað heim," segir Eymundur. Sonur hans, Gabríel, felldi allt efnið í húsið; aspir úr skjólbeltum, og Skógræktin á Hallormsstað fletti viðnum. Eftir að



Skógurinn á Vallanesjörðinni er orðinn verðmætur og fullur af nýtanlegu timbri.



Eymundur og Eygló segja nú kominn réttan tíma til að láta fréttast að þau vilji selja. Á meðan það gerjist vinni þau af fullum krafti og gleði.



Ísánir akrar Vallaness eru tilbúnir til sprettu í íslenska sumrinu.



Lífræn grænmetisræktun í Vallanesi.

fyrirtækið Skógarafurðir var stofnað í Fljótsdal hefur það séð um vinnslu á Vallanesviðnum í aðrar byggingar.

Nú er komin reynsla á hvernig viðurinn reynist og Eymundur segir í kramið, lagnir reyndust of dýrar og ef til vill ekki mikill áhugi fyrir hendi hjá opinberum aðilum á þeim tíma til að styðja við slík verkefni.

Þegar Magnús Þorsteinsson hjá viðarperluframleiðandanum Tandrabrettum kom í heimsókn og kynnti sína lausn teiknuðust upp aðrir möguleikar. Þarna var orðið mögulegt að byggja upp dreift kerfi sem nýtti austfirskar viðarperlur og kurl. Þá var nýyrðið orkuskipti orðið til, komin áhersla á umhverfisvænni orku í samfélaginu og hægt að sækja um styrki í slík verkefni," útskýra þau Eymundur og Eygló.

Í Vallanesi urðu því orkuskipti við kornþurrkunina með stuðningi Orkusjóðs og nú er allt korn þurrkað með viðarbrennara sem þau segja kolefnishlutlausa aðferð vegna þess að það losni ekki meira en viðurinn var búinn að binda. „Það verða að teljast frábær orkuskipti að fara úr olíu í íslenskan við," segir Eymundur. „Áður höfðum við virkjað hitann frá fjórum kælivélum með varmaskiptum og hitum gólf í vinnsluhúsnæði og víðar."

Þá er kyndistöð gegnt Asparhúsinu sem hitar vatn. Í henni er brenndur kurlaður grisjunarviður og viðarperlur með nýjustu tækni til að hita allan húsakost, þ.m.t. gróðurhús. Brennarinn getur afkastað á milli 60–100 kW.

Birtan beisluð

Nýjasta orkuverkefni Vallaness er sólarselluverkefni, en þau voru valin í tilraunaverkefni á vegum ALOR í samstarfi við Bændasamtök Íslands, þar sem prófa á slíka tækni við íslenskar aðstæður í ólíkum tegundum búskapar. Voru nýlega settar á þak kyndistöðvarinnar 28 birtusellur sem fara langt með að framleiða það rafmagn sem býlið notar yfir bjartasta og hlýjasta tíma ársins, tæp 12 kW.

„Við erum á köldu svæði svo við verðum að prófa aðra hluti, hverfa frá jarðefnaeldsneyti og lækka kostnað. Lífræna kerfið er heildstætt og pælir einmitt í öllum þessum hlutum. Þetta styrkir vörumerkið, lækkar kolefnissporið og rímar við allt sem við erum að gera," segir Eygló. Þau hafi þegar sótt um styrki til að setja birtusellur á fleiri þök og efla þannig orkugetuna enn frekar.

Ógetið er rannsóknarverkefna sem hafa átt sér stað í tengslum við Vallanes og má nefna sem dæmi yfirstandandi rannsókn á vægi lífkola í jarðvegi. Þau hirða einnig alla ösku og kol frá pitsustaðnum Aski á Egilsstöðum og blanda af kostgæfni í safnhaugana, sem fara svo út á akrana. Þá fékk Eymundur um tíma fiskúrgang frá þorskhausaþurrkfyrirtæki í Fellabæ og setti í safnhaug.

„Lífrænir framleiðendur eru mikið að hugsa á þessum brautum, þetta er fólk sem vinnur með hringrásina á hverjum einasta degi og nýtir lífrænt efni í áburð," bendir hún á.

Eygló og Eymund langar að ferðast og njóta þegar rétti tíminn kemur. Þau hefja því nú þá vegferð að setja Vallanes og Móður Jörð í hendur annarra. Ekki án allrar eftirsjár, en trú sínum lífsmarkmiðum. Enda dagsverkið orðið ærið.

Birkið og Asparhúsið

Asparhúsið eins og það hafi verið byggt í gær. Á viðinn utan á húsinu sé borið náttúrulega efnið línolía og ef hún veðrist mikið þurfi að bera á.

Líf og fjör í kortunum

Veitingastaðurinn í Asparhúsinu er að renna inn í sumarvertíðina en hann er, ásamt gistingunni, opinn frá maí og út september. Sumarið lítur vel út í gistingunni. Þau gerðu upp gamalt fjós og hlöðu, sem fyrr segir, og byggðu ofan á nokkrar rúmgóðar svítur með suðurverönd. Er þetta fyrsta heila sumarið sem þessi valkostur er í boði.

„Fólk er mjög ánægt og við erum að fá tíur á færibandi, sem er ánægjulegt," segir Eymundur. Eygló segir staðinn tengjast beint inn í sjálfbæra ferðaþjónustu. „Svo erum við að hnoða saman matarupplifunina og gistinguna. Við bjóðum m.a. morgunverðarkörfur með byggi o.fl. sem fólk getur haft inni á herbergjum. Boðið er sömuleiðis upp á grænmetishlaðborð í hádeginu sem endurspeglar alltaf það sem við erum að rækta, árstíðina og boðið er upp á kvöldmat fyrir gesti," segir hún.

Þau eru líka viðburðastjórnendur. Skógargleðin í Vallanesi er löngu orðin árlegur viðburður. „Já, þetta er nú dálítið leikarinn í mér, sem hef alltaf verið með leiklistarbakteríu, að vera með einhverja gjörninga úti í skógi," segir Eymundur hlæjandi. Hátíðin er komin á fermingaraldurinn og þau segja afar gaman að hóa saman góðu fólki til að mynda keðju viðburða í skóginum. Kennir þar ýmissa grasa, allt frá tálgunarkennslu, lifandi tónlistarflutningi og ljóðalestri, til grænmetismarkaðar og leirbrennslu við opinn eld.

Orkuskipti og kolefnisbinding

Í Vallanesi hafa verið gróðursett yfir milljón tré sem veita ræktuninni skjól og auðga jarðveg. Því er orðinn til gróskumikill útivistarskógur, með viðarkurlsstígum þvers og kruss. Áætlað er að skógurinn og 9 km löng skjólbeltin bindi um 1.000 tonn af CO_2 á ári.

Ein afurð skógarins er orkuviður, sem hingað til hefur komið úr grisjun skógarins. Eymundur og Eygló teiknuðu fyrsta orkuverkefni sitt upp fyrir um fimmtán árum, hitaveitukerfi til að kynda húsin. Þá voru þau að hugsa um Heizomat-viðarkyndikerfi, miðlæga stöð fyrir eldivið með lögnum til húsa. „Í stuttu máli féllu umsóknir okkar ekki

Íslenskur bjór frá Móður Jörð

Fyrsti alíslenski bjórinn úr byggmalti frá íslenskum kornbónda mun verða tilbúinn í júlíbyrjun. Hann er úr íslensku möltuðu byggi frá Vallanesi, sítrónumelissu og íslensku vatni, auk lífrænna humla og gers.

Í Vallanesi fékkst gríðarlega góður byggárgangur árið 2021, bygg með 99% spírun. Það var að hluta notað sem sáðkorn næsta ár en eftir urðu nokkrir sekkir af úrvalskorni. Eymundur og Eygló fengu styrk úr Matvælasjóði til að rannsaka hvort unnt væri að búa til bjór úr eigin byggi og hafa verið undir handleiðslu Matís í verkefninu.

„Það er ekki eftir litlu að slægjast þar, því flutt eru inn um 6.000 tonn árlega af byggmalti til bjórgerðar hérlendis. Tvöfalda mætti kornrækt í landinu bara til að koma í stað innflutts maltaðs korns. Verandi byggframleiðandi finnst mér að íslenskur bjór sé raunverulega ekki til, meðan aðeins vatnið er íslenskt," segir Eymundur.

Byggmaltið, 150 kíló, var sett í ámu hjá brugghúsinu Múla á Egilsstöðum laust eftir síðustu mánaðamót, bjórinn smakkaður um miðjan mánuð og gert er ráð fyrir að hann verði tilbúinn fljótlega í júlí.

Eymundur segir litinn, lyktina og bragðið lofa mjög góðu og þarna sé að gerjast alíslenskur bjór, úr íslensku möltuðu korni og vatni. Seinna verði plantað humlum í gróðurhús og þetta tekið enn lengra.

„Ég ætla ekki að linna látum fyrr en ég er búinn að sanna að þetta sé hægt og þá ætti þetta að vera áhugavert fyrir alla kornbændur í landinu að hafa sem aukabúgrein: að nota hluta af góðum byggárgöngum þar sem spírunarprósentan er í það minnsta yfir 85%, malta og selja til handverksbrugghúsanna. Vegna legu landsins er fyrirsjáanlegt að við náum ekki að dekka þennan markað alveg á næstunni, en mjór er mikils vísir!" segir Eymundur.



Með ólífur í bakgarðinum



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Notkun og neysla á ólífum hefur fylgt mannkyninu í tugþúsundir ára og er talið að búskap með ólífur megi rekja nokkur þúsund ár aftur í tímann. Í dag er framleiðsla á ólífum, bæði til átu og sem hráefni í ólífuolíu, gríðarlega umfangsmikill landbúnaður sem nær til tuga landa. Mest af heimsframleiðslunni, sem nemur árlega um 2–3 milljónum tonna, kemur frá Spáni en önnur stór framleiðslulönd eru Ítalía, Grikkland, Tyrkland, Túnis og Egyptaland. Þessi lönd er með um 70% heimsframleiðslunnar. Króatía flokkast ekki sem stórt framleiðsluland á ólífum, með um 1% heimsframleiðslunnar, en þar í landi skiptir þó ólífubúskapur miklu máli.

3,7 milljónir ólífutrjáa

Í Króatíu eru tugþúsundir býla með ólífutrjáakra og er talið að heildarfjöldi ólífutrjáa landsins sé um 3,7 milljónir! Langumfangsmest er framleiðslan í suðurhluta landsins við Adríahafið en í norðvesturhluta landsins, á svæði sem kallast Istria, eru einnig þúsundir býla í ólífuframleiðslu. Mörg króatísku búanna sem eru í ólífuframleiðslu eru í því fyrst og fremst til einkanota og er talið að ekki nema um þriðjungur framleiðslunnar endi á markaði þar sem meirihluti hennar nýtist heima við.

Lífræn ólífuframleiðsla

Eitt króatíska ólífubúið kallast Farma Jola og er rekið af hinum hálf-króatíska Michael Pavlović og móður hans. Búið stendur skammt frá þorpinu Savudrija við norðvestur odda Króatíu og er einkar áhugavert bú enda er það í lífrænt vottaðri ólífuframleiðslu, en slík vottun í ólífuframleiðslu er ekki algeng á heimsvísu og var búið þeirra það fyrsta sem hlaut svona vottun í Króatíu. Þau framleiða á búinu ólífur til olíuframleiðslu og nýta auk þess lauf trjánna til framleiðslu á tei.

Með 12 hektara lands

Foreldrar Michael keyptu landið sem búið stendur á fyrir 25 árum en faðir hans, sem nú er látinn, var frá Króatíu en móðirin hálf þýsk og hálf pólsk. Eftir þau höfðu búið í Þýskalandi alla sína tíð, tóku þau sig til og keyptu landskikann og ákváðu að eyða ævikvöldinu þar. Þau hófu ræktun á ólífutrjám, í upphafi sem hálfgert áhugamál, sem svo vatt upp á sig hægt og rólega og í dag eru þau með 2.350 tré á landinu sínu sem telur 12 hektara alls. Michael bjó áfram í Þýskalandi, eftir að foreldrar hans fluttust til Króatíu, en svo fór að hann ákvað að flytja einnig til Króatíu fyrir 17 árum og fara út í búskapinn með þeim. Nú sinna þau búinu tvö mæðginin, en fá svo til sín verkafólk í lausamennsku á álagstímum.

Margar tegundir ólífutrjáa

Í heiminum eru til ótal tegundir ólífutrjáa sem gefa af sér mismunandi ólífur, bragðgæði o.s.frv. Þannig gefa sumar tegundir af sér ólífur sem henta best til átu og aðrar til olíugerðar. Á þeirra búi notast þau mæðginin við þrjár tegundir sem þekktar eru fyrir bragðgæði í ólífuolíuframleiðslu. Í þeirra tilfelli er um að ræða tvær ítalskar tegundir, Leccino og Pendolino, og svo eina króatíska tegund. Þau blanda svo saman ólífum af þessum þremur tegundum eftir eigin leynilegu uppskrift, til að fá ólífuolíu sem er sérstaklega bragðmikil. Michael sagði að oft séu ólífurnar ekki sérstaklega valdar svona heldur öllu blandað saman og verður þá úr einhvers konar meðalblanda, sem hentar ekki fyrir sérframleiðslu eins og þau stunda.



Hluti af hinum 12 hekturum búsins með hinum snotru ólífutrjám. Mynd: Michael Pavlović.



Michael við ólífutréð sem er líklega í kringum 300 ára gamalt! Mynd: Snorri Sigurðsson.



Ólífur eru ekki bara ólífur og getur verið mikill munur á bragðgæðum þeirra eftir tegundum trjánna sem þær vaxa á. Mynd: Bændablaðið.

Elsta tréð um 300 ára gamalt!

Þrátt fyrir að ólífutrén á búinu séu nú flest hartnær 25 ára þá teljast þau ekki gömul, enda eru til heimildir um ólífutré sem eru allt að 1.500 ára gömul og er talið að meðalending ólífutrjáa séu 500 ár! Eftir fyrstu plöntun ná trén fullri framleiðslu á um 10 árum og byrjar uppskeran svo að dala á ný eftir um 150 ár. Michael sagði einmitt frá því að á búinu væri eitt tré sem væri talið um 300 ára gamalt og stæði sig enn vel, þó svo að uppskeran af því væri minni en af yngri trjám á búgarðinum.

Hvert tré með um 20 kg af ólífum

Þó svo að það hljómi mikið, að fá um 20 kíló af ólífum af hverju tré eins og segir í millifyrirsögninni, þá er það í raun harla lítið sé miðað við ólífutré sem ekki eru í lífrænni framleiðslu. Slík tré geta gefið af sér í kringum 40–50 kíló af ólífum og þau sem mest framleiða skila af sér um 100 kílóum! Felst þessi mikli munur í því að ekki má nota tilbúinn áburð, né eiturefni í lífrænt vottaðri framleiðslu. Alls konar flugur, sníkjudýr, og vírusar svo dæmi sé tekið, herja nefnilega á ólífutré og því þarf að nota heilmikið af eiturefnum til þess að koma í veg fyrir skaða af þeirra völdum. Michael má hvorki né vill nota slík efni og kemur það beint niður á framleiðslumagninu þar sem umtalsverður hluti ólífanna skemmist og nýtist ekki til framleiðslu.

Extra virgin ólífuolía

Þegar ólífurnar eru tilbúnar, oftast í október, eru þær „hristar“ niður með sérstökum rafdrifnum tækjum sem verkafólk keyrir upp í trén svo ólífurnar falla niður á segl sem er lagt undir það tré sem er verið að tína af. Ólífurnar eru svo settar í kassa sem fara jafnharðan beint í framleiðslustöð búsins. Rétt eins og þorri króatískrar ólífuolíu þá framleiða þau mæðgin eingöngu svokallaða extra virgin ólífuolíu en talið er að um 95% allrar ólífuolíu í Króatíu sé einmitt þeirrar gerðar. Extra virgin ólífuolía merkir í raun að olían er af mestu gæðum en matið á því hvernig ólífuolía er flokkuð byggist á vinnsluaðferðinni að mestu. Extra virgin ólífuolía er minna unnin ólífuolía samanborið við venjulega ólífuolíu og framleidd án þess að hita ólífurnar mikið né með notkun efna, svokölluð köld skiljun. Önnur ólífuolía er aftur á móti blanda af olíu sem kemur úr ólífum við hefðbundna skiljun og svo hreinsaðri olíu sem er unnin úr hratinu með því að hita það og meðhöndla með leysiefnum, enda er töluverð olía eftir í hratinu sem má sem sagt nálgast með framangreindum aðferðum.

Ekki köldpressuð olía í raun

Margir lesendur Bændablaðsins kannast líklega við að oft stendur á ólífuolíuflöskum „Cold pressed“ sem má þýða beint sem köld pressun en það er ekki aðferð sem

Framhald á bls. 36





FÁLKINN ÍSMAR EHF | DALVEGI 10-14 | 201 KÓPAVOGUR | SÍMI: 510 5100 | FALKINNISMAR.IS

FÁLKINN ÍSMAR
ÞEKKING | REYNSLA | ÞJÓNUSTA

Auglýsing um Skipulag



Í samræmi við 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst

Tillaga endurskoðunar aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037

Aðalskipulag er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu.
Það nær til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Skipulagsmörk miða við sveitarfélagsmörk á landi og 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð á sjó í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum og jarðalögum.
Samkvæmt skipulagsreglugerð er aðalskipulagi ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna íbúa og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Borgarbyggð setur hér fram tillögu að endurskoðun aðalskipulags sem nær yfir allt land innan sveitarfélagsins Borgarbyggð. Nýtt aðalskipulag er til 12 ára og nefnist Aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037.

Tillagan er aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar, mál nr. 242/2023 og á heimasíðu sveitarfélagsins, smellt er á hnappinn Endurskoðun aðalskipulags á forsíðu.

Hverjum þeim aðila sem telur sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingar við auglýsta tillögu og er frestur til að skila inn ábendingum til og með 28. ágúst 2025. Ábendingum skal skilað inn í rafræna skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is.

Borgarbyggð, 26. júní 2025
Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ



Hvert ólífutré ber þúsundir blóma en einungis örfá prósent þeirra enda þó sem ólífur.
Mynd: Snorri Sigurðsson.

er mikið stunduð í dag heldur er um skilvinduaðferð að ræða hjá Michael. Í vinnslustöð þeirra, sem er raunar staðsett í kjallara íbúðarhússins sem vel að merkja er hraustlega stórt, eru ólífurnar fyrst hakkaðar niður í mauk og svo er það sett í sérstaka potta þar sem maukið er látið standa og hitna upp undir 27 °C. Síðan er það sett í skilvindu og olían þannig unnin úr maukinu. Með því að hita maukið ekki meira varðveitist meira af náttúrulegu bragði, ilmi og næringarefnum en sé hitinn meiri, að sögn Michael. Á móti kemur að heldur minna næst af olíu með þessari aðferð. Hratið tekur hann svo og notar sem áburð á trén. Hratið mætti í raun nýta til að ná úr enn meiri olíu, með áðurnefndum aðferðum við hitun og leysiefnum, en sé slíkum aðferðum beitt er hægt að ná um 2% meiri olíu út úr ólífunum.

Selja allt beint frá býli

Þrátt fyrir að framleiðsla búsins sé í raun afar tæknivædd sagði Michael að þar sem framleiðslan væri í raun smá í sniðum, þau með sín 2.350 tré en flest bú með vel yfir 10.000 tré, þá hefðu þau mæðginin farið þá leið að eingöngu selja beint frá býli. Það hafi í raun byrjað með því að þegar trén voru ung að árum, og uppskeran lítil, þá hafi móðir hans búið til olíu úr því sem landið gaf og þar sem framleiðslan var takmörkuð seldi hún það til gestkomandi. Þannig byrjaði



Vörurnar sem búið framleiðir.
Mynd: Michael Pavlović.



Vinnsluaðstaðan á búinu er hátæknivædd og nánast alsjálfvirk. Til vinstri er hakkavélin, í miðju upphitunarpottarnir og til hægri skilvindan.
Mynd: Michael Pavlović.

salan og þau hafi síðan haldið því ferli áfram. Allt er nú selt annaðhvort beint í verslun búsins á staðnum eða með netsölu undir sérstöku merki búsins sem á sér þann skemmtilega bakgrunn að vera sameinað heiti ömmu hans og móður. Amma Michaels var þýsk og á þýsku eru ömmur „Oma“ og svo heitir móðir hans Jolanta svo þá lá beint við að búa til vörumerkið OmaJola‘s.

Árleg framleiðsla er svolítið breytileg frá ári til árs eins og fram hefur komið, en Michael tók sem dæmi að síðasta ár, sem var gott ár fyrir ólífuolíuframleiðslu á búinu, hafi þau framleitt 12.000 flöskur, auk þess sem þau framleiddu þónokkuð magn af telaufi. Það ár hafi skilað búinu 240 þúsund evrum í heildarveltu, eða um 34,5 milljónum íslenskra króna. Helmingur veltunnar hafi svo farið í það að greiða kostnað svo afrakstur ársins nam því rétt rúmlega 17 milljónum króna sem hljómar vissulega allgott, og sér í lagi miðað við almenn laun í Króatíu, en þá er rétt að muna að tekjuháu árin þurfa einnig að dekka þau ár þegar verður uppskerubrestur.

Erfitt að eiga við ólífufluguna

Eins og áður hefur komið fram er búið í lífrænt vottaðri framleiðslu og sagði Michael það hafa verið þeirra leið til þess að geta verið smá í sniðum, en samt haft af framleiðslunni nægar tekjur. Þau selja allt beint frá býli, bæði á staðnum og í gegnum netverslun og ná þannig að hækka tekjur sínar miðað við mörg önnur bú. Það sé þó hreint ekki einfalt mál að vera í lífrænni framleiðslu, enda hafa komið ár þar sem verður algjör uppskerubrestur, raunar komið þrjú ár á síðustu tíu árum þar sem búið hefur verið nánast tekjulaust. Michael sagði því mikilvægt að gera ráð fyrir slíkum áföllum sem m.a. gerast vegna þess að þau geta ekki notað eitur til að berjast við ýmiss konar vágesti sem herja á ólífutrén og þá sérstaklega hina svokölluðu ólífuflugu. Hún er „sérhæfð“ í því að verpa í ólífurnar og klekjast lirfur flugunnar út í ólífunum og éta þær upp. Hann gerir þó ýmislegt til þess að berjast gegn flugunum og ein árangursríkasta aðferðin er að nota flugnagildrur sem hann bjó til sjálfur úr gosflöskum! Í þessar gildrur setur hann smá víndreitil og sykur og virðist þessi blanda laða flugurnar í gildrurnar! Þá sprautar hann trén einnig með kaólíni, en kaólín eru örsmáar leirflögur úr kvarsi og aluminum oxíði. Kaólínið leggst utan á ólífurnar og gerir þær óaðlaðandi fyrir ólífufluguna. Þessar leirflögur skolast



Heimagerðar flugugildrur úr gosflöskum eru helsta vopnið hans Michael gegn ólífuflugunum.
Mynd: Snorri Sigurðsson.

svo einfaldlega af ólífunum í rigningu og hefur engin skaðleg áhrif á þær, að sögn Michaels.

Fær styrki til framleiðslunnar

Aðspurður um það hvort bændur í ólífuframleiðslu fái styrki sagði Michael að svo væri, rétt eins og með aðra landeigendur í löndum innan Evrópusambandsins. Hvert bú gæti sótt um landstuðning og færi stuðningurinn eftir því hvað væri framleitt á viðkomandi landi. Í hans tilfelli fengi hann einna hæsta stuðninginn sem er í boði og fær hann árlega um 10.000 evrur, um 1,4 milljónir íslenskra króna, í heildarstuðning fyrir sína framleiðslu. Þá á hann einnig rétt á stuðningi vegna ákveðinnar vinnu á búinu, svo sem vegna viðhalds á gömlum grjóthleðslum (sem eru hálfgert einkenni á búum í Króatíu), vegna aðgerða til að koma í veg fyrir smitsjúkdóma í ólífutrjám o.fl. Heildarstyrkirnir eru þó ekki miklir í heildina í tilfelli Michaels og að hans sögn um 5% af ársveltu búsins. Hann bætti við að bændum stæði einnig til boða að fá fjárfestingarstuðning við uppsetningu á heimavinnslustöðvum fyrir ólífuolíugerð, til vélakaupa o.fl. Hann sagðist þó ekki einu sinni hafa sótt um þá styrki þegar hann setti upp sína eigin framleiðslu, þar sem skrifræðið og eftirlitið væri svo mikið í kringum þær umsóknir og allan ferilinn að hann ákvað einfaldlega að sleppa því!

Aðspurður um framtíðina fyrir búið sagði Michael að búið væri nærri byggð sem væri í mikilli uppbyggingu og líklega kæmi að því fyrr en síðar að bæjaryfirvöld myndu óska eftir að fá landið undir hinn stækkandi bæ. Hann tekur því með stóískri ró og sagði að það væri eðlileg þróun sem hann ætlaði ekki að berjast gegn, allt ætti sinn tíma og líka bú eins og hans.

VATNSVIRKINN

LÍFRÆN SKOLP
HREINSISTÖÐ





• Stöðin kemur samsett og tilbúin til uppsetningar
• Hátt hreinsunarstig
• Lyktarlaus
• Einföld uppsetning
• Ekki þörf á siturlögnum
• Möguleiki á fjartengingu við upplýsingakerfi

vatnsvirkinn@vatnsvirkinn.is - Sími 510 1400 - www.vatnsvirkinn.is

PORSCHE

Við hættum ekki að leika okkur
af því við verðum gömul.

Við verðum gömul
af því við hættum að leika okkur.

Nýr fjórhjóladrifinn Macan.

Tímalaus hönnun Porsche mætir rafmagnaðri nýsköpun með allt að 612 km drægni*, öflugu fjórhjóladrifi og 408 hestöflum. Einstakir aksturseiginleikar, framúrskarandi afl og fyrsta flokks þægindi.

Macan 4 - Verð 14.950.000 kr.

Komdu og upplifðu Porsche – Eigum bíla til afhendingar.

*Samkvæmt WLTP miðað við blandaðan akstur.

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

50 1975 - 2025

Porsche á Íslandi | Krókhálsi 9 | S: 590 2000 | benni.is | Opið virka daga frá 9:00 til 17:00 og laugardaga frá 12:00 til 16:00

Bílahúð Benna
Í fimmtíu ár

Uppskera og ending eftirsóttra túngrasa fyrir kúabú

Undirstaða hefðbundins landbúnaðar á Íslandi eru fjölær fóðurgrös og ræktun þeirra. Fóðurgildi og uppskera skiptir þar miklu máli og þá sérstaklega í mjólkurframleiðslunni þar sem kostað er miklu til og kröfur eru um hátt afurðastig gripa. Kúabændur



Þóroddur Sveinsson.

ræktа því túnin sín með innfluttu sáðgresi sem hefur sýnt sig að hafa umtalsverða yfirburði fram yfir innfædd fóðurgrös. Þetta verkefni varð til vegna fyrirspurna frá kúabændum um besta sáðgresið og hvort hægt væri að auka endingu þess í túnum án þess að það komi mikið niður á magni og gæðum uppskerunnar. Því var ákveðið að skella í tilraunir á Hvanneyri.

Prófuð voru 4 álitlegustu fóðurgrösin í hreinrækt eða í blöndu með öðru sáðgresi eða rauðsmára. Fóðurgrösin eru ólík þegar kemur að vaxtardýnamík í sverði en eiga það sameiginlegt að vera með hátt fóðurgildi, mikla uppskerugetu en lélega endingu í samanburði við innfædd túngrös.

Rannsóknaspurningarnar voru eftirfarandi:

- Hver eru áhrif sláttutíma fyrsta sláttar á endingu sáðgresis?
- Hver eru áhrif sláttutíma fyrsta sláttar á heildaruppskeru og gæði (fóðurgildi) hennar?
- Hver eru áhrif rauðsmára í blöndu með vallarfoxgrasi eða rýgresi á uppskeru og fóðurgildi hennar?
- Er ávinningur að sá mörgum grastegundum saman í blöndu?
- Hefur jarðvegsgerð áhrif á endingu?

Sáðgresið var:

- Vallarfoxgras, Snorri (viðmið)
- Vallarfoxgras, Rakel
- Vallarrýgresi, Birger (4n)
- Hávingull, Kasper
- Axhnoðapuntur, Luxor
- Vallarfoxgras + rauðsmári
- Vallarrýgresi + rauðsmári
- Sáðblanda; vallarfoxgras/vallarsveifgras/hávingull/vallarrýgresi

Sumarið 2018 voru lagðar út tvær alveg eins tilraunir á Hvanneyri en á ólíkar jarðvegsgerðir:

- „Létt“ malarjörð, mjög steinefnarík (1.044 kg/m3)
- „Þung“ framræst mójörð, mjög lífræn (353 kg/m3)

Báðar tilraunirnar fengu jafnmikinn áburð (120 kg N í maí + 60 kg N/ha eftir 1. slátt í Græði 6; 20N-4,4P-8,3K) og voru þær alltaf slegnar samtímis.

Sláttutímarnir voru 3 og þannig stilltir að allir ættu að geta gefið gæðamikið afurðahey:

- 1. sláttutími. Slegið á blaðstigi vel fyrir skrið
- 2. sláttutími. Slegið í upphafi skriðs í vallarfoxgrasi (Snorri)
- 3. sláttutími. Slegið á miðskriðtíma vallarfoxgrass (Snorri)

Ending sáðgresis var metin með tvennum hætti:

- Með þekjumælingum sáðgresis á vorin (í maí) og fyrir hvern slátt
- Með uppskerumælingum

Skrið tegunda var skráð fyrir slátt þegar svo bar undir.

Uppskerusýni voru efnagreind til að áætla fóðurgildi heysins fyrstu þrjú árin.

Stefnt var á þrjá slætti en tvisvar var engin uppskera í þriðja slætti við 3. sláttutímann.

Í uppgjöri voru eftirfarandi breytur skoðaðar sem mat á endingu sáðgresis.

- Jarðvegsgerð („léttur“/„þungur“ jarðvegur)
- Uppskeruár (aldur)
- Tegund sáðgresis
- Sláttutími

Verkefnið var styrkt af Framleiðnisjóði landbúnaðarins og Þróunarsjóði nautgriparæktarinnar fyrstu þrjú árin.



Endurvöxtur eftir snemmsleginn 1. slátt (3. júní) í axhnoðapunti (t.v.) og vallarfoxgrasi (t.h.). Mynd tekin 22. júlí 2019. Þegar fyrsti sláttur er tekinn mjög snemma fer endurvöxturinn í skrið sem er því kröftugri sem fyrr er slegið. Axhnoðapuntur getur þó verið undantekning.



Áhrif aldurs á meðal þekjuhlutdeild mismunandi sáðgresis á melajörðinni. Meðaltöl allra mælinga hvers árs.



Áhrif sáðgresis á heildar þurrefnisuppskeru á melajörðinni. Fimm ára meðaltal.



Megináhrif tegunda á 5 ára meðaluppskeru og hlutdeild slátta. Vegið meðaltal sláttutíma.

Niðurstöður og umræður

Mikill munur var á endingu sáðgresis bæði eftir tegundum og stöðum (jarðvegi). Sláttutíminn hafði einnig marktæk áhrif á endingu en þau voru minni.

Á mójörðinni hrakaði þekju sáðgresis mjög hratt. Var það vegna mikils beitarþunga álfta og gæsa vor og haust. Þar að auki var illgresi fljótt mjög ágengt, mest skriðsóley, knjáliðagras og língresi. Fyrsta árið var heildaruppskeran á mójörðinni um 20% meiri en á melajörðinni en strax árið eftir var uppskeran á mójörðinni 30% minni en á melajörðinni af þessum sökum. Þegar sáðgresi hopar tekur yfir innfæddur gróður sem gefur minni uppskeru með lægra fóðurgildi.

Á melajörðinni var lítil sem engin fuglabeit og ágengt illgresi ekki til staðar fyrstu árin. Þriðja uppskeruárið var meðalþekja sáðgresis komin niður í 1-50% á mójörðinni, nema í hávingli og sáðblöndunni þar sem hún var heldur meiri. Vallarrýgresið var þá svo til alveg horfið. Á melajörðinni sama ár var meðalþekja sáðgresis aftur á móti enn 60-90%, allt eftir tegundum.

Eftir þekjumælingar vorið 2022 var ákveðið að hætta uppskeru- og þekjumælingum á mójörðinni en halda áfram mælingum á melajörðinni tvö ár í viðbót eins og stefnt hafði verið að.

Ekki er hægt að draga þá ályktun að það sé jarðvegsgerðin sem olli endingarleysi sáðgresisins á mójörðinni heldur var það staðsetningin. Á meðan sáðgresisins naut var heildaruppskeran og fóðurgildið aftur á móti meira á mójörðinni en á melajörðinni sem skýrist af jarðvegsáhrifunum. Til að viðhalda sem lengst endingu sáðgresis er mikilvægt að halda álftum og gæsum frá öllum sáðsléttum sem og ágengu illgresi.

Á melajörðinni minnkaði þekjuhlutdeild sáðgresis nokkuð stöðugt með hverju ári sem leið frá sáningu. Hversu mikil minnkunin var fór mest eftir tegundum sáðgresis (mynd). Á fimmta uppskeruárinu var vallarrýgresið svo til alveg horfið á meðan sáðblandan var enn með 70-80% þekju. Vallarfoxgrasið var þá með 40-60% þekju eftir sláttutímum, hávingullinn um 40% og axhnoðapunturinn 20%. Það vakti athygli að hámarksþekja vallarfoxgrass náðist ekki fyrr en á öðru uppskeruári.

Þekjuhlutdeild rauðsmára í sáðgresinu var mjög lítið í frumvextinum (1. slætti) og minnst við 1. sláttutímann (á blaðstigi) með vallarfoxgrasinu enda rauðsmárinn seinn til á vorin. Með vallarrýgresinu var einnig svo fyrsta uppskeruárið en næstu tvö árin náði hlutdeild rauðsmára 12-14% í frumvextinum enda vallarrýgresið þá orðið seinna til á vorin. Rauðsmárahlutdeildin heilt yfir varð mest í endurvextinum fram að 2. slætti. Með vallarfoxgrasi varð meðalþekja rauðsmára mest fyrstu þrjú uppskeruárin og á bilinu 21-36% við 3. sláttutímann þar sem hún var mest. Aftur á móti var þekjuhlutdeild rauðsmárans með vallarrýgresinu lítil fyrsta uppskeruárið en mest 2. og 3. uppskeruárið við 1. sláttutímann sem var þá á bilinu 25-28%. Síðustu tvö uppskeruárin var þekjuhlutdeild rauðsmárans vart mælanleg. Þekjuhlutdeild rauðsmára í endurvexti fram að 3. sláttutíma var nokkuð jöfn á milli sláttutímana en öllu jafnan heldur meiri með vallarfoxgrasinu en vallarrýgresinu. Áhrif rauðsmárans á fóðurgildi uppskerunnar voru lítil. nema þegar kom að prótíninnihaldi. Vallarfoxgras með rauðsmára var með 18% meira prótín en vallarfoxgras án rauðsmára og rauðsmári með rýgresi var með 8% meira prótín en rýgresi án rauðsmára.

Eftir fimm uppskeruár hafði sláttutími haft marktæk áhrif á endingu sáðgresis í sumum tegundum en ekki öðrum. Þannig var ekki marktækur munur á endingu milli sláttutíma í Snorra vallarfoxgrasi, vallarrýgresinu og sáðblöndunni. Verður að segjast að það kom á óart. Í hinum tegundum var það fyrsti sláttutíminn sem skar sig úr með minnstu endinguna.

Heildaruppskeran minnkaði með hverju uppskeruári í takt við minnkandi þekjuhlutdeild sáðgresis og var eftir fimm ár orðin að jafnaði 40% minni miðað við fyrsta uppskeruárið. Þegar sáðgresi hopar kemur í staðinn innfæddur gróður, mest sveifgrös, vinglar, língresi eða liðagrös ásamt úrvali tvíkímblöðunga. Þessi gróður gefur minni uppskeru og hefur lægra fóðrunarvirði en sáðgresið sem útskýrir að hluta af hverju uppskeran minnkar með árunum.

Til dæmis var hlutdeild vallarrýgresis í uppskerunni nánast engin eftir 5 ár á meðan uppskeruhlutdeild sáðblöndunnar var enn um 70-80% (sjá mynd). Aftur á móti gaf vallarrýgresið yfirburðauppskeru fyrsta árið eða allt að 13 þurrefnistonn/ha og hefur aldrei annað eins mælst áður. Var það ríflega 30% meiri uppskera en í öðrum tegundum sem komu næst.



Þessi munur hvarf síðan strax árið eftir og í lokin gáfu vallarrýgresisreitirnir minnstu uppskeruna enda sáðgresið þar horfið.

Einungis er 14% munur á meðal heildaruppskeru tegundanna þessi 5 ár þar sem vallarfoxgras + rauðsmári er með minnstu og vallarrýgresi er með mestu uppskeruna. En eins og fyrr segir er hlutdeild sáðgresis í uppskerunni mjög breytilegt eftir tegundum og mest fyrstu 2-3 árin.

Í vallarfoxgrasinu, hávinglinum og sáðblöndunni kom stærsti hluti uppskerunnar úr fyrsta slætti en í öðrum slætti í vallarrýgresinu og axhnoðapuntinum (mynd). Er það vegna þess að tvær síðastnefndu tegundirnar eru lengur af stað á vorin. Þegar fyrsti sláttur er sleginn mjög snemma (á blaðstigi) fer sáðgresið í skrið í endurvextinum. Undantekningin er axhnoðapunturinn sem fer stundum ekkert í skrið sem er talið vegna þess að kynbrum sem valda skriði hafa drepist í vorfrostum. Mikil munur er á milli tegundanna þegar kemur að endurvexti tegundanna eftir slátt. Mestur er hann í vallarrýgresi og axhnoðapunti en áberandi minnstur í vallarfoxgrasi.

Sláttutími hefur talsverð og marktæk áhrif á heildaruppskeruna. Þannig gefur 1. sláttutíminn um 17% minni heildaruppskeru en 3. sláttutíminn sem gefur mestu uppskeruna að meðaltali þessi 5 ár (mynd). Á það við hvort heldur hún er mæld sem þurrefni eða fóðureiningar.

Fyrstu þrjú árin var vegið fóðurgildi uppskerunnar mest við 1. sláttutímann og minnst við 3. sláttutímann en það náði í öllum tilvikum lágmarksgæðum sem afurðafóður (<0,80 FEm/kg þ.e.) í mójörðinni eins og stefnt var að.

Aftur á móti í malarjörðinni var fóðurgildið heldur lægra. Skýringin er að sáðgresið á melajörðinni var aðeins fyrr að ná þroska en á mójörðinni sem lækkar fóðurgildið. Í malarjörðinni náði axhnoðapunturinn að jafnaði ekki lágmarksgæðum óháð sláttutíma (0,79-0,76 FEm/kg þ.e.) en var mjög nálægt því. Hávingullinn náði einungis lágmarksgæðum við 1. sláttutímann.

Vallarfoxgrasið var með heldur hærra fóðurgildi en vallarrýgresið bæði hvað varðar meltanleika og prótín í báðum jarðvegsgerðum. Meltanleiki vallarfoxgrass fellur þó helmingi hraðar en í vallarrýgresi með hverjum degi sem fyrsta sláttutíma er seinkað.

Samantekt

Það sem mest hafði áhrif á endingu var tegund sáðgresis. Sláttutíminn hafði marktæk en minni áhrif í sumum tegundum en ekki í öðrum. Sláttutíminn hafði aftur á móti mikil áhrif á heildaruppskeru sem og talsverð áhrif á fóðurgildið. Óháð tegundum ætti að stefna að taka fyrsta slátt við upphaf skriðs sem sameinar mikla uppskeru og hátt fóðurgildi. Æskilegast væri að taka bara tvo slætti á ári.

Sáðblandan reyndist vera með mestu endinguna heilt yfir. Fyrstu árin var vallarfoxgras og hávingull mest áberandi í blöndunni en síðasta árið bar mest á vallarsveifgrasinu úr blöndunni. Uppskera sáðblöndunar var ágæt sem og fóðurgildið þessi fimm ár. Sáðblöndur er góður kostur þegar stefnt er að endingu og ekki mjög tíðum sáðskiptum. Lagt er til að gerðar verða víðtækari tilraunir með blöndunarhlutföll milli tegunda. Álitlegar tegundir saman í blöndur er vallarfoxgras, vallarrýgresi og rauðsmári þar sem stefnt er að tíðum sáðskiptum en bæta við góðu vallarsveifgrasi ef stefnt er að lengri endingu.

Vallarrýgresið var með áberandi minnstu endinguna af tegundunum, ásamt rauðsmáranum. Engu að síður er vallarrýgresi valkostur í tíðum sáðskiptum með t.d. kornrækt. Er það vegna yfirburðauppskeru og hás fóðurgildis sem er næstum sambærilegt við vallarfoxgras. Væri þá stefnt að þremur uppskeruárum hverju sinni. Miða ætti við að taka fyrsta sláttutímann í upphafi skriðs sem mögulega þýðir að slá þarf þrisvar fyrsta árið en eftir það ætti að stefna að bara tveimur sláttum. Vallarrýgresið er með veikan stoðvef og fer snemma í legu, sérstaklega þegar vel er borið á. Þá er nauðsynlegt að rjúka í slátt því við það stöðvast eða hægir mjög á sprettu.

Lang mest ræktaða fjölæra fóðurgrasið á Íslandi og í Skandinavíu er vallarfoxgras og er það vegna uppskeru, mikils fóðurgildis og endingar miðað við annað sáðgresi. Í þessari rannsókn var ending hávinguls þó á pari við vallarfoxgras. Vallarfoxgrasið hafði heldur hærra fóðurgildi en hávingullinn. Ekki var mikill munur á yrkjunum Snorra og Rakel þegar kom að endingu og uppskeru en Rakel skreið nokkrum dögum á undan Snorra. Það er kostur að sá öðrum tegundum með vallarfoxgrasi eins og vallarrýgresi og rauðsmára og jafnvel góðu vallarsveifgrasi ef stefnt er að meiri endingu. Vallarfoxgrasfræ er smágert og þess vegna er mikilvægt að sá því ekki of djúpt.

Hávingullinn er næst mest ræktaða fjölæra fóðurgrasið í Skandinavíu en hefur ekki verið mikið ræktaður hér á landi. Hávingullinn hefur mun meiri endurvöxt en vallarfoxgrasið og líkist á margan hátt vallarrýgresi enda tegundirnar náskyldar. Vísbendingar eru um að hávingullinn sé ekki eins lystugur og vallarfoxgras eða rýgresi. Getur hentað vel í blöndum með vallarfoxgrasi í stað rýgresis.

Axhnoðapuntur er ekki eins norðlægur og tvær fyrrnefndu tegundirnar og hefur vikið fyrir vallarrýgresi í Suður-Skandinavíu og Danmörku. Axhnoðapunturinn var með næstminnstu endinguna og lægsta fóðurgildið í þessari rannsókn og uppskeran var óstöðug. Hann er seinn til á vorin en er með góðan endurvöxt. Ekki verður séð út frá þessari rannsókn að tegundin hafi eftirsótta kosti fyrir kúabú.

Þóroddur Sveinsson er fyrrverandi tilraunastjóri við Landbúnaðarháskóla Íslands.









Angus-holdanaut frá NautÍs fædd 2024

Í fyrra fæddist sjöundi árgangur Angus-holdagripa á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti. Hér á eftir fer kynning á þeim nautum sem fæddust á árinu 2024. Þessir gripir eru tilkomnir með sæðingu hreinræktaðra Angus-kúa með innfluttu sæði úr Laurens av Krogedal NO74075, Manitu av Høystad NO74081 og Hovin Milorg NO74080 auk þess sem eitt þeirra er undan Lilla 22402 sem er undan Laurens av Krogedal. Hér eru því á ferð hreinræktaðir úrvalsgripir. Á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti eru gerðar miklar kröfur hvað smitvarnir varðar og hafa þessir gripir nú lokið einangrun og fengið grænt ljós hvað snertir sæðistöku og dreifingu sæðis sem og sölu frá stöðinni.


Guðmundur Jóhannesson.

Holdanautakynið Aberdeen Angus er óþarft að kynna enda kjötgæði þess rómuð og kjötnýting mjög góð. Kynið hentar vel þar sem áhersla er lögð á nýtingu beitar og gróffóðurs ásamt góðum móðureiginleikum, mjólkurlagni og léttan burð. Það hentar því vel í t.d. blendingsrækt þar sem burðarerfiðleikar eru fremur fátíðir.

Nautgriparæktarmiðstöð Íslands (NautÍs) hefur frá upphafi lagt sérstaka áherslu á góða dætraeiginleika þeirra nauta sem notuð hafa verið þar til uppbyggingar á Angus-holdagripastofni hérlendis. Má þar nefna létta burði og kjötgæði að ógleymdum mæðraeiginleikum þó áhersla á kjötgæðaeiginleika hafi aukist með tímanum. Á árinu 2018 fæddust kálfar undan Li‘s Great Tigre NO74039 og First Boyd fra Li NO74033 og á árinu 2019 var um að ræða gripi undan Hovin Hauk NO74043 og Horgen Erie NO74029. Á árinu 2020 var eingöngu um að ræða kálfa undan Emil av Lillebakken NO74028. Allt eru þetta naut sem gefa góðar mæður. Á árinu 2021 litu dagsins ljós kálfar undan Emil av Lillebakken sem og Jens av Grani NO74061, en þá brá svo við að undan Emil komu bara kvígur og allir nautkálfarnir það árið undan Jens. Árið eftir fæddust svo gripir undan Jens av Grani, Laurens av Krogedal, Ivar fra Li NO74047 og Kid av Vølstad NO74068. Á árinu 2023 litu svo dagsins ljós gripir undan Jens av Grani, Laurens av Krogedal og Manitu av Høystad. Í fyrra fæddust svo sjö naut og átta kvígur undan Manitu, eitt naut undan Laurens, eitt naut undan Hovin Milorg, naut og kvíga undan Lilla og tvær kvígur undan Jenna 21405.

Feður nautanna

Laurens av Krogedal NO74075, f. 22. janúar 2016, hjá Torfinn Bakke í Krogedal austur af Sandnes í Rogalandi í SV-Noregi. Til þess að tengja legu þess við þekktari stað þá stendur það í suðaustur frá Stavanger, í um 34 km aksturveglengd þaðan. Faðir Laurens er Horgen Erie NO74029 og hann er því hálfbróðir þeirra Eiríks 19403-ET og Máttar 19404-ET. Móðir Laurens er NO31897 av Krogedal undan Dole av Krogedal NO58361 og NO25207 av Krogedal sem aftur var undan Oluf av Bakken NO53455.

Laurens býr yfir miklum kjötgæðaeiginleikum. Fæðingarþungi kálfa er mikill og því ber aðeins á erfiðum burði. Vaxtarhraði er góður. Dætur Laurens hafa góða burðareiginleika en eru undir meðaltali í þunga afkvæma sinna við 200 daga aldur. Fallþungi afkvæma Laurens er mikill og hold- og fituflokkun mjög góð. Hér er því á ferðinni gott kynbótanaut, einkum hvað kjötgæðaeiginleika snertir.

Manitu av Høystad NO74081, f. 28 . janúar 2017, hjá Svein Eberhard Østmoe á Høystad í Koppang í Stor Elvdal i Innlandet. Á íslensku mætti snara þessu sem að Svein búi á Hástað í Stóra Fljótsdal í Innsveitum. Bærinn stendur á bökkum Glomma (Glámu), lengstu ár Noregs, rúmlega 100 km norður af Hamri. Svein er formaður Angus-nautgriparæktarfélagsins í Noregi og okkur að góðu kunnur, hefur heimsótt NautÍs og fleiri bú hérlendis. Nokkur fjöldi Angus-gripa hérlendis er ættaður frá Høystad en fósturvísar frá búinu mynduðu grunninn að ræktunarkjarnanum á Stóra-Ármóti. Faðir Manitu er GB542697200703 Netherton Americano M703 frá Bretlandi og móðirinn, Gloria av Grani, er undan CA1469322 HF El Tigre 28U sem er faðir Stóra Tígurs, Li‘s Great Tigre NO74039.

Manitu gefur fremur stóra kálfa og burður því aðeins erfiður. Vaxtargeta afkvæma hans er mikil og flokkun góð, sérstaklega hvað fituflokkun varðar. Dætur Manitu hafa góða burðareiginleika og afkvæmi þeirra hafa mikinn þunga við 200 daga aldur. Manitu er því gott alhliða kynbótanaut.

Hovin Milorg NO74080, f. 9. janúar 2017, hjá Espen Krogstad á Nedre Hovin í Tyristrand í Buskerud-fylki. Bærinn er skammt frá vatninu Tyrifjorden, norðaustur af Osló. Faðir Hovin Milorg er First Boyd fra Li NO74033 og hann er því samfeðra Draumi-ET 18402. Móðirin ber það skemmtilega heiti, fyrir okkur hérlendis, Hovin Island NO100000 og er dóttir Hovin Gneis NO60591 sem aftur er hálfbróðir Stóra-Tígurs eða Li‘s Great Tigre NO74039. Hann var svo, eins og margir muna, faðir Vísis-ET 18400, Týs-ET 18401, Baldurs-ET 18403 og Bætis-ET 18404 auk margra af kúnum í fyrsta árgangi Angus-gripa hjá NautÍs.

Hovin Milorg er naut sem gefur mikinn vöxt og góða fituflokkun en holdfyllingarflokkun um meðallag og mæðraeiginleikar eru síðri en margra þeirra nauta sem hafa verið notaðir hjá NautÍs hingað til. Þá er fæðingarþungi kálfa nokkuð mikill en burður þó auðveldur. Það má því segja að meginstyrkur Hovin Milorg liggi í mikilli vaxtargetu.

Kynning og lýsing þeirra nauta sem fer hér á eftir byggir á línulegu útlitsmati og umsögn þeirra Ditte Clausen og Lindu Margrétar Gunnarsdóttur, ráðunauta hjá RML.



Möttull 24401 (1662742-0082)

Fæddur 8. apríl 2024 Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.
Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Vænting-ET IS1662742-0021
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Horgen Erie NO74029
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Maiken av Grani NO102576
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	Horgen Bror NO55754
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	Horgen Soria NO27377
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	First-Boyd fra Li NO74033
Fmm.	NO27595	Mmm.	Kari av Grani NO100428

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Möttull er aðeins grófbyggður með vöðvafylltar herðar. Malir langar og vel fylltar, læri breið með mikilli dýpt og fyllingu lærvöðva. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 33 kg. Við 200 daga aldur vó hann 305 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 540 kg og hafði því vaxið um 1.287 g/dag frá fæðingu. Möttull hefur frá fæðingu sýnt mikla og góða vaxtargetu.
Ómvöðvi: 72,5 mm, ómfita: 7,20 mm.

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	6
Halli mala	7	7
Lengd mala	9	9
Breidd mala	8	8
Beinabygging	3	5
Brjóstbreidd	7	6
Boldýpt	9	9
Herðabreidd	9	8
Spjaldbreidd	9	7
Lærabreidd	8	8
Innri læri	9	7
Dýpt lærvöðva	9	8
Lærafylling	9	8
Staða hækla frá hlið	6	7
Halli klaufa	5	5
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	8
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7



Moli 24402 (1662742-0083)

Fæddur 13. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.
Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Eir-ET IS1662742-0021
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Horgen Erie NO74029
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Maiken av Grani NO102576
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	Horgen Bror NO55754
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	Horgen Soria NO27377
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	First-Boyd fra Li NO74033
Fmm.	NO27595	Mmm.	Kari av Grani NO100428

Húnaþing vestra auglýsir breytingu á aðalskipulagi – Sindrastadir 3, L223272, Víðidal

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 12. júní 2025 að auglýsa lýsingu á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins í landi Sindrastaða 3 (L223272) í Víðidal.

Breytingin felst í því að:
- Skilgreint er nýtt verslunar- og þjónustusvæði (sjá kafla 3.2 í aðalskipulagi),
- Svæðið er ætlað byggingu hótels með um 60 – 120 herbergjum og 20 – 30 orlofshúsa til útleigu, í samræmi við áform landeigenda.

Tillaga að breytingu, upphafsáætlun og önnur fylgigögn verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins – www.hunathing.is og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar - www.skipulagsgatt.is.

Í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 gefst öllum þeim sem telja sig hafa hagsmuna að gæta kostur á að koma á framfæri skriflegum ábendingum eða athugasemdum.

Frestur til að skila inn ábendingum/athugasemdum er til 18. júlí 2025.
Athugasemdir, merktar „Aðalskipulagsbreyting Sindrastadir“, skulu berast skriflega á skrifstofu Húnaþings vestra, Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga, eða í gegnum skipulagsgáttina - www.skipulagsgatt.is.

Virðingarfyllst,
Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulags- og byggingafulltrúi Húnaþings vestra

Línulegt mat		Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5	
Stærð	7	7	
Halli mala	7	7	
Lengd mala	9	9	
Breidd mala	8	8	
Beinabygging		3	4
Brjóstbreidd	7	7	
Boldýpt	9	8	
Herðabreidd	9	8	
Spjaldbreidd		9	9
Lærabreidd	8	9	
Innri læri	9	7	
Dýpt lærvöðva		9	8
Lærafylling	9	7	
Staða hækla frá hlið		6	5
Halli klaufa	5	6	
Staða hækla aftan frá		8	8
Framfótastaða		8	8
Klaufsamhverfa		5	4
Hvelfing klaufa		6	5
Gerð klaufa	5	5	
Heild	9	8	

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Moli er breiðvaxinn, boldjúpur með góða vöðvafyllingu, breiðar og vel holdfylltar herðar. Bakið er breitt og vel vöðvað. Malir eru langar og breiðar, lærin vöðvuð og dýpt lærvöðva mikil. Fótstaðan er góð og klaufir fínar. Ákaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 39 kg. Við 200 daga aldur vó hann 330 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 544 kg og hafði því vaxið um 1.298 g/dag frá fæðingu. Moli hefur ævinlega sýnt mikla vaxtargetu.
Ómvöðvi: 73,5 mm, ómfita: 7,20 mm.



Mörður 24403 (1662742-0088)

Fæddur 24. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.
Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Systa-ET IS1662742-0014
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Li's Great Tigre NO74039
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Letti av Nordstu NO100514
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	Else fra Li NO30822
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Dunder av Bognes NO74025
Fmm.	NO27595	Mmm.	Janne av Nordstu NO39302

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Mörður er breiðvaxið naut. Bakið er breitt og vöðvað og malirnar góðar. Lærin eru sérstaklega góð, djúpur lærvöðvi og fylling góð. Fótstaða góð og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 37 kg. Við 200 daga aldur vó hann 297 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 506 kg og hafði því vaxið um 1.241 g/dag frá fæðingu. Mörður hefur ávallt sýnt mikla og góða vaxtargetu.
Ómvöðvi: 67,7 mm, ómfita: 7,30 mm.

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	6
Halli mala	7	6
Lengd mala	9	8
Breidd mala	8	7
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	7	7
Boldýpt	9	8
Herðabreidd	9	8
Spjaldbreidd	9	8
Lærabreidd	8	7
Innri læri	9	8
Dýpt lærvöðva	9	8
Lærafylling	9	8
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	5
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	5
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7









Möskvi 24404 (1662742-0089)

Fæddur 27. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Jana-ET IS1662742-0047
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Jens av Grani NO74061
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Birna-ET IS1662742-0007
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	Evy av Grani NO30798
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Li‘s Great Tigre NO74039
Fmm.	NO27595	Mmm.	Letti av Nordstu NO100514

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Möskvi er boldjúpur með afburðagóða vöðvafyllingu í lærum, einkum innri lærum. Malir eru langar og vel vöðvafylltar. Fótstaða er sterkleg og góð og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 39 kg. Við 200 daga aldur vó hann 318 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 526 kg og hafði því vaxið um 1.299 g/dag frá fæðingu. Möskvi hefur ávallt sýnt mjög góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 68,2 mm, ómfita: 4,90 mm.

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	4
Stærð	7	6
Halli mala	7	7
Lengd mala9	9	
Breidd mala	8	8
Beinabygging	3	4
Brjóstbreidd	7	7
Boldýpt	9	8
Herðabreidd	9	7
Spjaldbreidd	9	8
Lærabreidd	8	7
Innri læri	9	9
Dýpt lærvöðva	9	8
Lærafylling	9	9
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	6
Staða hækla aftan frá	8	8
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	5
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	8



Lindi 24408 (1662742-0097)

Fæddur 30. maí 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Lilli 22402	M.	Embla-ET IS1662742-0036
Ff.	Laurens av Krogedal NO74075	Mf.	Emil av Lillebakken NO74028
Fm.	Silla-ET IS1662742-0005	Mm.	Hovin Nora NO103702
Fff.	Horgen Erie NO74029	Mff.	Betong av Dagrød NO74017
Ffm.	1879 av Krogedal NO31897	Mfm.	Mairin NO24738
Fmf.	Li‘s Great Tigre NO74039	Mmf.	Junior av Nordstu
Fmm.	Lara av Høystad NO49943	Mmm.	Hovin Felippa NO31018

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Lindi er breiðvaxið naut. Fylling um herðar góð, malir breiðar og lærin breið og vel vöðvuð. Fótstaða góð og klaufir vel gerðar. Aðeins viðkvæmur í skapi.

Umsögn: Fæðingarþungi var 35 kg. Við 200 daga aldur vó hann 288 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 460 kg og hafði því vaxið um 1.243 g/dag frá fæðingu. Lindi hefur ætíð sýnt mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 68,3 mm, ómfita: 6,20 mm.

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	5
Halli mala	7	7
Lengd mala	9	7
Breidd mala	8	8
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	7	7
Boldýpt	9	7
Herðabreidd	9	8
Spjaldbreidd	9	7
Lærabreidd	8	8
Innri læri	9	7
Dýpt lærvöðva	9	7
Lærafylling	9	7
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	5
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7

Massi 24406 (1662742-0095)

Fæddur 7. maí 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Jóka IS1662742-0035
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Jens av Grani NO74061
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Vísa-ET IS1662742-0006
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	Evy av Grani NO30798
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Li‘s Great Tigre NO74039
Fmm.	NO27595	Mmm.	Lara av Høystad NO49943

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	7
Halli mala	7	7
Lengd mala	9	9
Breidd mala	8	7
Beinabygging	3	5
Brjóstbreidd	7	8
Boldýpt	9	8
Herðabreidd9	8	
Spjaldbreidd	9	8
Lærabreidd	8	9
Innri læri	9	9
Dýpt lærvöðva	9	8
Lærafylling	9	8
Staða hækla frá hlið	6	7
Halli klaufa	5	6
Staða hækla aftan frá	8	8
Framfótastaða	8	6
Klaufsamhverfa	5	6
Hvelfing klaufa	6	5
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	8

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Massi er fremur grófbyggður og mjög vöðvafylltur. Herðar eru vöðvaðar, bakið gott og malir langar. Breið læri með góðri fyllingu. Framfótastaða er eilítið útstilllt og klaufir fínar. Ákaflega rólegur gripur.

Umsögn: Fæðingarþungi var 38 kg. Við 200 daga aldur vó hann 313 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 560 kg og hafði því vaxið um 1.430 g/dag frá fæðingu. Massi hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 70,7 mm, ómfita: 10,00 mm.



Láki 24409 (1662742-0099)

Fæddur 2. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Laurens av Krogedal NO74075	M.	Birna-ET IS1662742-0007
Ff.	Horgen Erie NO74029	Mf.	Li‘s Great Tigre NO74039
Fm.	1879 av Krogedal NO31897	Mm.	Letti av Nordstu NO100514
Fff.	Horgen Bror NO55754	Mff.	CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm.	Horgen Soria NO27377	Mfm.	Else fra Li NO30822
Fmf.	Dole av Krogedal NO58361	Mmf.	Dunder av Bognes NO74025
Fmm.	5207 av Krogedal NO25207	Mmm.	Janne av Nordstu NO39302

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína 5	5	
Stærð 7	7	
Halli mala 7	6	
Lengd mala9	8	
Breidd mala8	7	
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd7	7	
Boldýpt 9	7	
Herðabreidd9	8	
Spjaldbreidd	9	8
Lærabreidd 8	7	
Innri læri 9	6	
Dýpt lærvöðva	9	6
Lærafylling 9	6	
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa 5	5	
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa 5	5	
Heild 9	6	

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Láki er breiðvaxið naut. Herðar eru breiðar og vel fylltar, bakið breitt og vöðvafyllt. Malir eru langar og lærahold fín. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Aðeins viðkvæmur í skapi.

Umsögn: Fæðingarþungi var 38 kg. Við 200 daga aldur vó hann 318 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 497 kg og hafði því vaxið um 1.354 g/dag frá fæðingu. Móði hefur ávallt sýnt mjög mikla og góða vaxtargetu.

Ómvöðvi: 64,0 mm, ómfita: 4,60 mm.





Milli 24410 (1662742-0102)

Fæddur 13. júlí 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.
Ætt:

F.	Hovin Milorg NO74080	M.	Kidda-ET IS1662742-0054
Ff.	First-Boyd fra Li NO74033	Mf.	Kid av Vølstad NO74068
Fm.	Hovin Island NO100000	Mm.	Putina av Krogedal NO107756
Fff.	US15347911 Boyd Next Day	Mff.	AUVLYG1730L Lawson General
Ffm.	NO29125	Mfm.	Hannah av Vølstad NO36502
Fmf.	Hovin Gneis NO60591	Mmf.	CA1660169 GF Inner Stength 30Z
Fmm.	Hovin Bambi NO49220	Mmm.	Maya av Krogedal NO103658

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svartur, kollóttur. Milli er yngstur í árgangnum en orðinn vel stæltur þrátt fyrir ungan aldur. Hann er vöðvaður með gott bak, góða lærafyllingu og djúpan lærvöðva. Fótstaða er góð og klaufir fínar. Ákaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 48 kg og því ætti ekki að nota Milla á kvígur. Við 200 daga aldur vóg hann 303 kg, við vigtun 7. maí 2025 var hann orðinn 416 kg og hafði því vaxið um 1.235 g/dag frá fæðingu. Milli hefur ævinlega sýnt mikla og góða vaxtargetu.
Ómvöðvi: 64,9 mm, ómfita: 3,80 mm.

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	7
Halli mala	7	7
Lengd mala	9	7
Breidd mala	8	6
Beinabygging	3	4
Brjóstbreidd	7	6
Boldýpt	9	6
Herðabreidd	9	7
Spjaldbreidd	9	7
Lærabreidd	8	6
Innri læri	9	7
Dýpt lærvöðva	9	8
Lærafylling	9	7
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	6
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	6
Hvelfing klaufa	6	5
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7

Þegar þetta er skrifað er sæðistaka úr þessum nautum nýhafin og því liggur ekki fyrir hver árangur úr henni verður. Það er þó ljóst að einhver þessara nauta munu koma til almennrar dreifingar seinna í sumar. Moli og Möskvi hafa verið fluttir að Hesti þar sem ætlunin er að taka úr þeim sæði til kyngreiningar í ágúst. Afhending þeirra til væntanlegra kaupenda verður því ekki fyrr en eftir miðjan ágúst.

Að lokum er hér svo tafla sem nota má til þess að skoða hver skyldleiki þessara nauta er gagnvart notkun á þeim. Sýnt er með litum hvort rétt sé að nota viðkomandi naut á dætur eldri Angus-sæðinganauta út frá innbyrðis skyldleika. Ef við tökum dæmi má sjá að Möttull 24401 er of skyldur dætrum Eiríks 19403, Máttar 19404, Jenna 21405 og Laka 22403 og nokkuð skyldur dætrum Draums 18042, Lilla 22402, Lunda 23403, Lása 23404 og Litar 23405 en hægt er að mæla með honum á dætur Vísis 18400, Baldurs 18403, Vals 19402, Erps 20402 og Eðals 20403. Á sama hátt er t.d. ekki hægt að mæla með notkun annarra nauta en Marðar 24403 og Milla 24410 á dætur Jenna 21405.

Höfundur er ábyrgðarmaður í Nautgriparækt hjá RML.

Til athugunar varðandi skyldleika

	Kýrfaðir														
Naut	Vísir 18400	Draumur 18402	Baldur 18403	Valur 19402	Eiríkur 19403	Máttur 19404	Erpur 20402	Eðall 20403	Jóakim 21403	Jenni 21405	Lilli 22402	Laki 22403	Lundi 23403	Lási 23404	Litur 23405
Möttull 24401															
Moli 24402															
Mörður 24403															
Möskvi 24404															
Massi 24406															
Lindi 24408															
Láki 24409															
Milli 24410															

Taflan sýnir hvort í lagi sé að nota viðkomandi naut m.t.t. föður þeirrar kýr/kvígu sem sæða á

- Í lagi
- Nokkur skyldleiki
- Of mikill skyldleiki

HÚNAVELLIR

Fullkominn staður fyrir fjölskylduna!

Hópatilboð í boði fyrir ættarmót, stórafmæli, fjölskyldu- og vinafögnuði!

Allar upplýsingar á www.hunavellir.is og í síma 861-2319.

- Tjaldsvæði með rafmagni
- Gistiheimili
- Sundlaug & heitur pottur
- Líkamsrækt
- Leiksvæði fyrir börn
- Sparkvöllur
- Veiði í Svínavatni
- Rafmagnshjólaleiga
- Morgunverðahlaðborð

HÚNAVELLIR

Bushnell

SJÓNAUKAR

ATHLON OPTICS

FRÍ SENDING

Bushnell R3 10×42 29.900kr

Athlon Heras SPR 6-24×56 APRS7 SFP IR MIL 129.000kr

Simmons 10x42 19.900kr.

Athlon Talos 20-60x80 spotting kr 49,900

Geco 10×56 kr 119,900

Vesturröst

- Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is

Frostfríir drykkjarpóstar fyrir íslenskar aðstæður.





Vatnspóstarnir frá Drinking Post Waterer hafa fengið frábærar viðtökur.
Nú er rétti tíminn til uppsetninga.

Ekkert rafmagn. Einfalt í uppsetningu, aðeins þrír hreyfanlegir hlutar.
Allt viðhald ofanfrá. Alltaf ferskt vatn við hverja notkun. Fyrir allan búfénað.

Verð kr. 136.000 +vsk.
Til afhendingar strax - Sendum hvert á land sem er.

Formax Paralamp ehf. – Aqua Icelander Equine. Sími 562-6800.

Kvígur frá NautÍs

Uppbygging hreinræktaðrar Angus-hjarðar hjá Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti hefur gengið vel á undanförnum árum og stöðin því aflögufær með kvígur. Á þessu ári eru boðnar til kaups sjö hreinræktaðar Angus-kvígur. Hér á eftir fer örstutt kynning á þeim kvígum sem standa til boða núna. Kvígurnar dæmdu og lýstu þær Ditte Clausen og Linda Margrét Gunnarsdóttir hjá RML. Varðandi lýsingar þessara gripa er mikilvægt að hafa í huga að hér er um mun holdfylltari gripi að ræða en við eigum að venjast hérlendis.



Guðmundur Jóhannesson.

Kvígurnar eru dætur Jenna 21405, Lilla 22402 og Manitu av Høystad NO74081 og móðurfeðurnir eru Hovin Hauk NO74043, Jens av Grani NO74061, Laurens av Krogedal NO74075 og Li's Great Tigre NO74039. Þetta eru þetta naut sem eru þekkt að því að gefa góðar kýr til undaneldis, bæði hvað varðar burð og aðra mæðraeiginleika.



Mara 1662742-0085

Fædd 18. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Rauðka IS1662742-0057
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Laurens av Krogedal NO74075
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Fóstra-ET IS1662742-0008
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	Horgen Erie NO74029
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	1879 av Krogedal NO31897
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Li's Great Tigre NO74039
Fmm.	NO27595	Mmm.	Lara av Høystad NO49943

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt Mara er vöðvafyllt og falleg kvíga. Bakið er breitt og vöðvað, lærahold mjög góð. Fótstaða góð og klaufir vel gerðar. Ákaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 38 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Mara 453 kg og hafði því vaxið um 1.081 g/dag frá fæðingu.
Ómvöðvi: 54,0 mm, ómfita: 6,20 mm.
Staða: Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	7
Halli mala	7	5
Lengd mala	9	8
Breidd mala	8	7
Beinabygging	3	4
Brjóstbreidd	6	7
Boldýpt	8	8
Herðabreidd8	8	
Spjaldbreidd	8	8
Lærabreidd	7	8
Innri læri	8	8
Dýpt lærvöðva	8	7
Lærafylling	8	8
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	6
Staða hækla aftan frá	8	6
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	8



Messa 1662742-0087

Fædd 18. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Jenna IS1662742-0041
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Jens av Grani NO74061
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Eir-ET IS1662742-0019
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	Evy av Grani NO30798
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Horgen Erie NO74029
Fmm.	NO27595	Mmm.	Maiken av Grani NO102576

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Messa er stór og falleg kvíga með mikinn og vel gerðan frampart. Lærahold eru mjög góð og fótstaða sterkleg en klaufir aðeins brattar. Ákaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Messsa 465 kg og hafði því vaxið um 1.120 g/dag frá fæðingu.
Ómvöðvi: 62,4 mm, ómfita: 8,40 mm.
Staða: Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	7
Halli mala	7	6
Lengd mala	9	8
Breidd mala	8	8
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	6	5
Boldýpt	8	9
Herðabreidd	8	8
Spjaldbreidd	8	8
Lærabreidd	7	8
Innri læri	8	8
Dýpt lærvöðva	8	7
Lærafylling	8	8
Staða hækla frá hlið	6	7
Halli klaufa	5	6
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	6
Klaufsamhverfa	5	4
Hvelfing klaufa	6	4
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7



Molta 1662742-0091

Fædd 29. apríl 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Læða IS1662742-0060
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Laurens av Krogedal NO74075
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Sveina-ET IS1662742-0004
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	Horgen Erie NO74029
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	1879 av Krogedal NO31897
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Li's Great Tigre NO74039
Fmm.	NO27595	Mmm.	Letti av Nordstu NO100514

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Molta er breiðvaxin og þroskamikil kvíga. Vöðvafylling er mikil og lærin breið og vel vöðvuð. Fótstaða er góð en klaufir litlar og brattar. Örlítið kvik í skapi.
Umsögn: Fæðingarþungi var 40 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Molta 430 kg og hafði því vaxið um 1.303 g/dag frá fæðingu.
Ómvöðvi: 64,0 mm, ómfita: 6,20 mm.
Staða: Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	4
Stærð	7	7
Halli mala	7	7
Lengd mala	9	9
Breidd mala	8	8
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	6	7
Boldýpt	8	9
Herðabreidd	8	8
Spjaldbreidd	8	9
Lærabreidd	7	9
Innri læri	8	8
Dýpt lærvöðva	8	8
Lærafylling	8	9
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	7
Staða hækla aftan frá	8	5
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	3
Hvelfing klaufa	6	4
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	6



Móna 1662742-0093

Fædd 4. maí 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F.	Manitu av Høystad NO74081	M.	Lúra IS1662742-0062
Ff.	GB542697200703 Netherton Americano M703	Mf.	Laurens av Krogedal NO74075
Fm.	Gloria av Grani NO32459	Mm.	Assa-ET IS1662742-0018
Fff.	GB542697100527 Netherton Mr Rader J527	Mff.	Horgen Erie NO74029
Ffm.	GB542697400474 Netherton Annie H474	Mfm.	1879 av Krogedal NO31897
Fmf.	CA1469322 HF El Tigre 28U	Mmf.	Hovin Hauk NO74043
Fmm.	NO27595	Mmm.	Mose av Grani NO102588

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Móna er falleg og vel vöðvafyllt kvíga. Framparturinn er vöðvaður og góður, bakið breitt og vel fyllt. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Akaflega rólegur gripur.
Umsögn: Fæðingarþungi var 34 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vóg Móna 430 kg og hafði því vaxið um 1.076 g/dag frá fæðingu.
Ómvöðvi: 56,3 mm, ómfita: 8,50 mm.
Staða: Fengin við Linda 24408 (óstaðfest).

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	7
Halli mala	7	6
Lengd mala	9	9
Breidd mala	8	7
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	6	6
Boldýpt	8	7
Herðabreidd	8	8
Spjaldbreidd	8	8
Lærabreidd	7	7
Innri læri	8	8
Dýpt lærvöðva	8	7
Lærafylling	8	7
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	5
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	5
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7



Jafna 1662742-0098

Fædd 1. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.
Ætt:

F.	Jenni 21405	M.	Silla-ET IS1662742-0005
Ff.	Jens av Grani NO74061	Mf.	Li's Great Tigre NO74039
Fm.	Vænting-ET IS1662742-0021	Mm.	Lara av Høystad NO49943
Fff.	AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8	Mff.	CA1469322 HF El Tigre 28U
Ffm.	Evy av Grani NO30798	Mfm.	Elise fra Li NO30822
Fmf.	Horgen Erie NO74029	Mmf.	Ivar fra Li NO74047
Fmm.	Maiken av Grani NO102576	Mmm.	Helle av Høystad NO34418

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	7
Halli mala	7	6
Lengd mala	9	7
Breidd mala	8	7
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	6	5
Boldýpt	8	7
Herðabreidd	8	7
Spjaldbreidd	8	7
Lærabreidd	7	6
Innri læri	8	7
Dýpt lærvöðva	8	6
Lærafylling	8	7
Staða hækla frá hlið	6	7
Halli klaufa	5	5
Staða hækla aftan frá	8	6
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	7

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Jafna er fíngerð kvíga með góða vöðvafyllingu í baki og lærum. Fótstaða er góð og klaufir vel gerðar. Örlítið kvik í skapi.
Umsögn: Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Jafna 364 kg og hafði því vaxið um 962 g/dag frá fæðingu.
Ómvöðvi: 56,4 mm, ómfita: 6,20 mm.
Staða: Fengin við Massa 24406 (óstaðfest).







Hreinræktaðir Aberdeen Angus gripir til sölu í júlí 2025
Tilboð óskast !!

Um er að ræða 8 naut og 7 kvígur. Nautin Moli 24402 og Möskvi 24404 fara að Hesti í sæðistöku og kyngreiningu á sæði sem verður í ágúst. Kvígurnar verða vonandi fengnar. Frekari upplýsingar um gripina eru í þessu Bændablaði og á heimasíðu BSSL og RML.

Ákveðið var að styðjast við sömu útboðsreglur og í fyrra en þær eru að finna á heimasíðu BSSL. Óskað er eftir skriflegum tilboðum í hvern grip á þar til gerðu eyðublaði sem aðgengilegt verður á heimasíðu Búnaðarsambands Suðurlands (bssl.is) en þeir sem ekki geta nálgast eyðublaðið á þann hátt geta haft samband við Svein í síma 894-7146 og fengið blaðið sent til sín.

Hver tilboðsgjafi getur bara haft eitt gilt tilboð í hvert naut og sömuleiðis eitt gilt tilboð í hverja kvígu en sami aðili má kaupa eitt naut og eina kvígu. Lágmarksboð í nautin er 1.000.000 kr – kr ein milljón - án vsk. Lágmarksboð í kvígurnar er 700.000 kr – án vsk og verða lægri tilboð ekki tekin gild. Tilboðið á þar til gerðu eyðublaði þarf að senda í ábyrgðarpósti merkt:

Tilboð í nautgripi
Nautgriparæktarmiðstöð Íslands
Austurvegi 1 800 Selfoss

Tilboðið þarf að vera póstlagt í síðasta lagi miðvikudaginn 2. júlí 2025 en tilboðin verða síðan opnuð og unnið úr þeim miðvikudaginn 9. júlí 2025 og hefst kl. 10:00. Þeim sem gera tilboð er frjálst að vera við þegar tilboðin eru opnuð og eða fylgjast með á teams fundi og fá sendan hlekk á fundinn til sín. Líka er hægt að senda eyðublaðið í tölvupósti á gunnar@bssl.is í síðasta lagi 8. Júlí.

NAUTGRIPARÆKTARMIÐSTÖÐ ÍSLANDS
NAUTÍS



Jóna 1662742-0100

Fædd 2. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F. Jenni 21405	M. Lukka IS1662742-0059
Ff. Jens av Grani NO74061	Mf. Laurens av Krogedal NO74075
Fm. Vænting-ET IS1662742-0021	Mm. Eir-ET IS1662742-0019
Fff. AUHIOE8 Ayrvale Bartel E8	Mff. Horgen Erie NO74029
Ffm. Evy av Grani NO30798	Mfm. 1879 av Krogedal NO31897
Fmf. Horgen Erie NO74029	Mmf. Horgen Erie NO74029
Fmm. Maiken av Grani NO102576	Mmm. Maiken av Grani NO102576

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt. Jóna er fremur smá og fíngerð. Bak- og lærahold eru ágæt og dýpt lærvöðva góð. Fótstaða er góð og klaufir vel gerðar. Örlítið kvik í skapi.

Umsögn: Fæðingarþungi var 35 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Jóna 345 kg og hafði því vaxið um 914 g/dag **frá fæðingu.**

Ómvöðvi: 56,3 mm, ómfita: 6,10 mm.

Staða: Fengin við Massa 24406 (óstaðfest).

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	5
Halli mala	7	7
Lengd mala	9	7
Breidd mala	8	6
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	6	5
Boldýpt	8	7
Herðabreidd	8	6
Spjaldbreidd	8	6
Lærabreidd	7	6
Innri læri	8	5
Dýpt lærvöðva	8	7
Lærafylling	8	6
Staða hækla frá hlið	6	6
Halli klaufa	5	6
Staða hækla aftan frá	8	7
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa	5	5
Heild	9	6



Lilla 1662742-0101

Fædd 14. júní 2024 á Nautgriparæktarmiðstöð Íslands á Stóra-Ármóti.

Ætt:

F. Lilli 22402	M. Assa-ET IS1662742-0018
Ff. Laurens av Krogedal NO74075	Mf. Hovin Hauk NO74043
Fm. Silla-ET IS1662742-0005	Mm. Mose av Grani NO102588
Fff. Horgen Erie NO74029	Mff. AUVTMB1 Te Mania Berkley B1
Ffm. 1879 av Krogedal NO31897	Mfm. Hovin Victoria NO23868
Fmf. Li's Great Tigre NO74039	Mmf. First-Boyd fra Li NO74033
Fmm. Lara av Høystad NO49943	Mmm. Kaja av Grani 0794

Lýsing: Af Aberdeen Angus-kyni. Svört, kollótt Lilla er yngsta kvíga árgangsins. Hún er vel gerð með góða fyllingu um herðar og í baki. Læri ágætlega vöðvafyllt. Fótstaða er sterkleg og klaufir vel gerðar. Örlítið kvik í skapi.

Umsögn: Fæðingarþungi var 37 kg. Við vigtun 7. maí 2025 vó Lilla 370 kg og hafði því vaxið um 1.018 g/dag frá fæðingu.

Ómvöðvi: 53,5 mm, ómfita: 6,80 mm.

Staða: Fengin við Massa 24406 (óstaðfest).

Línulegt mat	Besta eink.	Mat grips
Yfirlína	5	5
Stærð	7	6
Halli mala	7	6
Lengd mala	9	8
Breidd mala	8	7
Beinabygging	3	3
Brjóstbreidd	6	5
Boldýpt	8	7
Herðabreidd	8	7
Spjaldbreidd	8	7
Lærabreidd	7	7
Innri læri	8	7
Dýpt lærvöðva	8	6
Lærafylling	8	6
Staða hækla frá hlið	6	7
Halli klaufa	5	5
Staða hækla aftan frá	8	8
Framfótastaða	8	7
Klaufsamhverfa	5	5
Hvelfing klaufa	6	6
Gerð klaufa	5	4
Heild	9	7

Höfundur er ábyrgðarmaður nautgriparæktunar hjá RML.





Laxalús og mótvægisaðgerðir

Það hefur verið mikið um laxalús á eldisfiski í sjókvíum á síðustu árum en það var þó jákvæð þróun á árinu 2024. Þrátt fyrir það er enn þá töluvert meira af laxalús á eldisfiski á Íslandi en t.d. í Noregi. Í þessari grein verður fjallað um umhverfisvænar mótvægisaðgerðir en í þeirri næstu um aflúsun með laxalúsalyfjum.



Valdimar Ingi Gunnarsson

Kröfur um mótvægisaðgerðir

Í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi er ákvæði um að sjókvíaeldisstöðvar skuli starfa eftir viðbragðsáætlun vegna viðkomu sníkjudýra í sjókvíaeldi. Viðbragðsáætlunin skal fela í sér fyrirbyggjandi eða annars konar aðgerðir sem stuðla að heilbrigði og velferð lagardýra ásamt því að hindra útbreiðslu og útrýma smitsjúkdómum í lagardýrum og minnka smitálag á umhverfi. Það er ekki vitað hvort og þá hvaða mótvægisaðgerðir hafa verið viðhafðar hjá einstökum sjókvíaeldisstöðvum en um það eru engar opinberar upplýsingar svo vitað sé. Í tilfelli laxalúsafársins hjá Arctic Sea Farm og Arnarlax í Tálknafirði á árinu 2023 kom fram að engar mótvægisaðgerðir höfðu verið viðhafðar áður en til notkunar laxalúsalyfja kom.

Mótvægisaðgerðir

Í rekstrarleyfum er kveðið á um að rekstraraðili vinni með öðrum leyfishöfum sameiginlega að sjúkdómavörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsa. Skoðum nú hvaða mótvægiaðgerðir einstaka rekstrarleyfishafar geta viðhaft:

- Fyrirbyggja að laxalús berist á eldisfisk.
- Fækka laxalús á eldisfiski.
- Meðhöndla eldisfisk við laxalús.

Þegar allar varnir bresta þá þarf að slátra eldisfiskinum eins og t.d. þurfti að gera í laxalúsafárinu í Tálknafirði á árinu 2023. Virkni mótvægisaðgerða er mismunandi, og einnig eru áhrif á velferð fisksins og umhverfisáhrif breytileg (tafla 1).

Fyrirbyggja að laxalús berist á eldisfisk

Laxalúsalirfur halda sig að mestu í efstu metrum sjávar nema í tilfellum þar sem sjórinn er lagskiptur en þá eru þær aðallega neðan lagskipta þar sem seltuinnihald sjávar er hærra. Viðfangsefnið er að halda eldisfiskinum frá svæðum þar sem mest er af laxalúsalirfum og þannig lágmarka þann fjölda laxalúsalirfa sem ná að festa sig á fiskinum. Það er helst gert með því að hindra að laxalúsalirfurnar geti rekið inn í sjókvína s.s. með lúsapilsi og/eða tæla eldisfiskinn á svæði í kvínni þar sem minnst er um laxalús með fóðri og ljósum. Lúsapils eru með fínriðuðum möskvum og ná oft niður á 10 metra dýpi og þegar vel tekst til hindra að mestu að laxalúsalirfur nái að komast inn í sjókvína og smita eldisfisk.

Fækka laxalús á eldisfiski

Eftir að laxalúsin hefur fest sig á eldisfisk eru ýmsar aðferðir til að fjarlægja hana af fiskum. Þær helstu sem koma til álita eru notkun á hreinsifiski (hrognkelsum), Stingrey og fóður sem eykur mótstöðu eldisfisksins. Hrognkelsi éta lúsina af eldisfiskinum. Í Stingrey er neðansjávarmyndavél sem staðsetur lúsina á fisknum og leysigeisli drepur hana. Fleiri aðferðir eru í þróun, s.s. hljóðlúsameðferð (AcuLice) sem notar lágtíðnihljóð til að fjarlægja laxalús af eldisfiski. Allt eru þetta aðferðir sem hafa takmörkuð eða engin neikvæð áhrif á velferð eldisfisksins og jafnframt engin neikvæð umhverfisáhrif.

Meðhöndla eldisfisk við laxalús

Aflúsun felur oftast í sér að eldisfiski er dælt úr sjókví í brunnbát þar sem hann er meðhöndlaður, með volgu vatni, laxalús þrýst af, ferskvatnsböðun eða lyfjameðhöndlun. Meðhöndlun á eldisfiski hefur áhrif á velferð fisksins og getur jafnvel valdið



Tafla 1. Gróft mat á kostum og ókostum mismunandi mótvægisaðgerða.

	Fyrirbyggja að laxalús berist á eldisfisk	Fækka laxalús á eldisfiski	Meðhöndla eldisfisk við laxalús
Virkni			
Velferð fisksins			
Umhverfisáhrif			

töluverðum afföllum og neikvæðum umhverfisáhrifum. Þær aðferðir sem eru notaðar til að meðhöndla eldisfisk skila mismunandi árangri með tilliti til virkni aflúsunar og einnig eru þær mismunandi að hve miklu leyti þær hafa neikvæð áhrif á fiskinn.

Kostnaður

Að sleppa öllum mótvægisaðgerðum eða halda í algjöru lágmarki getur stuðlað að miklum fjárhagslegum ávinningi. Innleiðingu mótvægisaðgerða fylgir kostnaður, meðhöndlun á eldisfiski við laxalús veldur afföllum, útlitsskaða, gæðarýrnun og lækkun á verði fisksins á markaði. Áður en eldisfiskur er meðhöndlaður þarf að svelta fiskinn en við það tapast vöxtur og eldið tekur lengri tíma. Kostnaður getur því verið umtalsverður og skapast fjárhagslegur ávinningur að láta aðra rekstraraðila sjá um að framkvæma mótvægisaðgerðir og halda niðri laxalúsaálaginu. Þetta er ástæða þess að stjórnvöld þurfa að setja reglurnar sem allir rekstraraðilar sjókvíaeldisstöðva fylgja og jafnframt þarf að vera virkt opinbert eftirlit til að tryggja að allir vinni í takt.

Að lokum

Mótvægisaðgerðir verða almennt ekki innleiddar að neinu marki fyrr en krafa verður gerð um það af stjórnvöldum. Það er helst gert með því að setja miklar kröfur um hámarksfjölda laxalúsa á eldisfiski og hefur verið lagt til að miða við 0,2 kynþroska kvenlýs á eldisfiski að hámarki. Jafnframt þarf opinbert eftirlit með talningum á laxalús á eldisfiski hjá einstökum rekstrarleyfishöfum til að tryggja samræmingu og áreiðanleika talninga. Það er síðan einstakra rekstrarleyfishafa að velja mótvægisaðgerðir sem þeir telja að henti best við þeirra aðstæður.

Höfundur er sjávarútvegsfræðingur og sérfræðingur í fiskeldi.

Auglýsing um skipulag

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti á fundi sínum 12. júní 2025 eftirfarandi tillögu að deiliskipulagi til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010.

Galtarholt 3 – Nýtt deiliskipulag (L135043)
Markmið og forsendur skipulagsins er að mynda skýran ramma utan um þá starfsemi sem er á svæðinu skv. gildandi lögum og reglugerðum.

Ofangreind skipulagsáætlun er kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Tillagan er í kynningu frá 26. júní til og með 10. ágúst 2025.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina.
Ef óskað er frekari kynningar á málinu þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.
Vakin er athygli á að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og geta meðal annars nöfn íbúa birst í fundargerðum skipulags- og byggingarnefndar.

Borgarbyggð, 26. júní 2025

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar

BORGARBYGGÐ

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144



Líftrænt hreinsivirki!

NÚTÍMA ROTÞRÓ

Fyrir sumarhús, heilsárshús, hótel o.fl.
Yfir 90% hreinsun - hreinsigeta PIA vottuð
3ja þrepa hreinsun - ekkert rafmagn
Engar siturlagnir - fyrirferðarlítil
Mögulegt að breyta í skólphreinsistöð síðar
Þýsk gæði - CE merkt
Stærðir 2-600 persónueiningar

HVAMMSHÓLAR

SIGURÐUR VIGGÓ HALLDÓRSSON PÍPULAGNINGAMEISTARI +354 660 4085 SIGGI@HVAMMSHOLAR.IS

Ný kynslóð útihitara

Tilboðsverð 64.900 kr./stk

Gæða útihitarar á verönd, svalir og öll útisvæði. Þola regn og mega vera úti allan ársins hring. Stillanleg veggfesting fylgir og fjarstýring með 3 hitastillingum.



Skjólveggir fyrir bústaðinn

Tilboðsverð 175.000 kr./stk

Sérlega fallegir skjólveggir úr gleri sem veita gott skjól án þess að trufla útsýnið. Veggirnir koma í ýmsum stærðum og útfærslum.



Flísabúðin

Stórhöfða 21, 110 Reykjavík | 545 5500 | flis@flis.is | flisabudin.is

Eldgosið í Öskju árið 1875 og afleiðingar þess

Á árunum 1870–1914 fluttu yfir 14.000 Íslendingar til Norður-Ameríku, flestir til Kanada. Þessir miklu þjóðflutningar voru ekki eingöngu afleiðing náttúruhamfara heldur stafaði hún af samspili umhverfis-, pólitískra og félagslegra þátta. Eldgosið í Öskju árið 1875 hefur þó oft verið tengt við fyrstu bylgju vesturfara til Norður-Ameríku sem hófst fyrir 150 árum og verður fagnað vestanhafs í sumar. Rannsóknin, sem hér er greint frá, sýnir að gosið hafði hvetjandi áhrif sem hagsmunaaðilar nýttu til að stuðla að ferðum Íslendinga vestur um haf.



Ólafur Eggertsson.



Askja og gjóskugeirinn frá henni (svört strikalína). Helstu áhrifasvæði eldgossins og gjóskunnar voru í Norður- og Suður-Múlasýslu, en þaðan fluttu flestir til Vesturheims árið 1876.

Öskjugosið 1875

Eldgosið í Öskju hófst 28. mars 1875 og var eitt af stærstu sprengigosum Íslands á 19. öld. Gosmökkurinn teygði sig austur yfir landið og lagði mikla ösku yfir stór svæði, sérstaklega á Austurlandi (mynd). Eyðileggingin var mest í Norður- og Suður-Múlasýslu, þar sem mikið öskufall olli beinu tjóni á túnum og ræktarlandi. Á svæðum þar sem öskufall var meira en 1 cm að þykkt varð landið óhæft til búskapar um sinn.

Efnahagsleg áhrif gossins voru veruleg. Þar sem um 80% Íslendinga lifðu á landbúnaði á þessum tíma, og helmingur landsframleiðslu kom frá búskap, hafði eyðilegging ræktarlands og fóðuröflunar alvarleg áhrif á lífsafkomu fjölda bænda. Þó að sumir tækju til aðgerða til að hreinsa ösku af túnum og reyndu að bjarga bústofni sínum með aðstoð frá nágrannabyggðum, þá áttu margir erfitt með að halda velli. Þar að auki hafði minningin um „móðuharðindin“ eftir Skaftárelda 1783–1784, sem leiddu til fjöldadauða manna og búfjár, áhrif á fólk, sem óttaðist endurtekningu slíkrar hamfarar.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika komu ekki fram vísbendingar um algjöra hungursneyð. Þjóðin brást við með samhjálp og útlönd tóku einnig þátt í hjálparstarfi. Með aðstoð frá Bretlandi, Danmörku og Noregi var safnað fjármunum sem hjálpuðu bændum að kaupa fóður og halda lífi í bústofni sínum. Lífsbaráttan var þó erfið, sérstaklega í þeim byggðum sem urðu verst úti. Fyrir suma varð gosið kornið sem fyllti mælinn – því margir höfðu þegar verið að íhuga flutninga vestur um haf áður en eldgosið átti sér stað.

Fátækt, veðurfar og hagstæðari lífskjör annars staðar

Jafnvel án eldgossins var efnahagslegt ástand á Íslandi afar ótryggt á þessum tíma. Ísland var á síðustu árum Litlu ísaldarinnar, sem einkenndist af miklum kulda, tíðum hafís og óútreiknanlegu veðurfari. Slík skilyrði gerðu landbúnað og fiskveiðar óstöðugar atvinnugreinar og skertu lífskjör almennings.

Þeir sem stunduðu fiskveiðar glímdu við erfiða tíma vegna hafíss, sem kom ítrekað að norðan og hindraði sjósókn. Skortur á fiskafla gerði það að verkum að margir áttu erfitt með að afla sér lífsviðurværis. Auk þess var flutningur milli landshluta vandkvæðum bundið og bændasamfélagið veikt.

Á sama tíma höfðu fréttir borist frá fyrstu hópum Íslendinga sem höfðu flutt til Norður-Ameríku árin 1873 og 1874. Í þessum bréfum var dregin upp mynd af tækifærum í Kanada, þar sem landbúnaður var auðveldari og lífsviðurværi öruggara. Þrátt fyrir að fyrstu hóparnir hafi oft lent í miklum erfiðleikum, eins og veikindum, harðri vinnu og vanlíðan, voru það jákvæðari frásagnir sem fengu mest vægi í umræðunni heima á Íslandi.

Hvatning til flutninga yfir hafið

Íslendingar tóku ekki þessa ákvörðun um að flytja til Norður-Ameríku einir og sér. Bresk og kanadísk stjórnvöld höfðu mikinn áhuga á að fá innflytjendur sem gátu ræktað land og byggt upp nýlendur þeirra. Kanada hafði á þessum tíma séð minnkandi fjölda innflytjenda frá Bretlandi og Skandinavíu, og því var leitað til annarra landa, þar á meðal til Íslands.

Kanadíska stjórnin sendi sérstakan umboðsmann sinn, William Krieger, til Íslands árið 1875 til að sannfæra fólk um að flytja vestur um haf. Hann dreifði bæklingum, hélt fundi um landgæði í Kanada og aðstoðaði fólk við að selja eignir sínar til að fjármagna ferðina. Þarna var eldgosið í Öskju notað sem ástæða fyrir brottflutningi, jafnvel þó að margir hefðu þegar íhugað að flytja áður en gosið átti sér stað.

Í kjölfarið yfirgáfu 1.200 Íslendingar landið árið 1876, og stærstur hluti þeirra settist að í Nýja-Íslandi við Winnipegvatn í Manitoba. Þetta svæði hafði verið valið af Kanadastjórn sem tilvalin heimkynni fyrir Íslendinga.

Aðstæður í Kanada

Þrátt fyrir að Íslendingum væri lofað góðum aðstæðum í Kanada, reyndist aðlögunin erfiðari en margir höfðu gert ráð fyrir. Landið við Winnipegvatn var mjög frábrugðið Íslandi – það var skógi vaxið svæði, sem Íslendingar höfðu litla reynslu af að nýta til landbúnaðar. Auk þess höfðu flestir vesturfararnir lítið fjárhagslegt bolmagn.

Veturinn 1876–77 reyndist sérstaklega erfiður, og mörg börn létust á ferðinni vestur. Að auki geisaði bólusótt í Gimli sem leiddi til dauða yfir 100 Íslendinga, sem dró mjög úr bjartsýni vesturfara á framtíð í Kanada. Þrátt fyrir þessar hörmungar hélt innflutningur Íslendinga til Kanada áfram og náði hámarki árin 1883 og 1887, en árið 1887 fluttu tæplega 2.000 manns vestur um haf.

Lokaorð

Öskjugosið 1875 gegndi hlutverki sem hvati fyrir fyrstu fjöldaflutninga Íslendinga til Norður-Ameríku, en það var aðeins einn þáttur í flóknari atburðarás. Sambland náttúruhamfara, efnahagslegra erfiðleika, pólitísks þrýstings og markaðssetningar kanadískra stjórnvalda ýtti undir þessa fólksflutninga.

Þótt margir Íslendingar hafi vonast eftir betri lífi í Nýja-Íslandi, reyndist landnám þeirra erfiðara en lofað hafði verið. Þrátt fyrir þetta varð Vestur-Ísland mikilvægur hluti af íslenskri sögu, og margir afkomendur þessara fyrstu innflytjenda lifa enn í Kanada í dag og víðar um Norður-Ameríku.

Heimildir:

Textinn hér að ofan er byggður á eftirfarandi grein og í henni má finna fjölda heimilda um áhrif Öskjugossins á mannlíf og búferlaflutninga Íslendinga vestur um haf:

Ulf Büntgen, Ólafur Eggertsson and Clive Oppenheimer 2024: Braided motivations for Iceland's first wave of mass emigration to North America after the 1875 Askja eruption. Reg Environ Change 24, 48 (2024).

Hlekkur á grein: https://doi.org/10.1007/s10113-024-02215-6

Höfundur er dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands og sérfræðingur hjá Landi og skógi.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Afrek Snotru er töluvert hjá kú af kyni þar sem meðalafurðir eru um 6.500 kg á ári og í raun á sama skala og þegar Holstein-kýr ná 200 þús. kg markinu.

Tíunda íslenska kýrin til að ná 100 þús. kg æviafurðum

Þann 18. júní sl. rauf afrekskýrin Snotra 273 í Villingadal í Eyjafirði 100 þús. kg múrinn í æviafurðum og varð þar með tíunda íslenska kýrin til að ná þeim merka áfanga. Þetta er töluvert afrek hjá kú af kyni þar sem meðalafurðir eru um 6.500 kg á ári og í raun á sama skala og þegar Holstein-kýr ná 200 þús. kg markinu.



Guðmundur Jóhannesson.

Snotra 273 er fædd 10. nóvember 2010, dóttir Sigurfara 08041 frá Hjarðarfelli á Snæfellsnesi og Leistu 249 Ljúfsdóttur 05040 en hann var frá Núpstúni í Hrunamannahreppi. Snotra átti sinn fyrsta kálf 22. janúar 2013 og hefur síðan þá borið 10 sinnum. Afkvæmin eru því orðin ellefu talsins, þar af fimm kvígur. Snotra hafði um síðustu mánaðamót mjólkað 99.507 kg yfir ævina og við síðustu mælingu núna í júní var hún í 28,5 kg. Samkvæmt því mjólkaði hún sitt 100 þúsundasta kg í morgunmjöltum í Villingadal þann 18. júní.

Snotra er, að sögn ábúenda í Villingadal, þeirra Guðrúnar Jónsdóttur og Árna Sigurlaugssonar, „sómakýr en skapsterk, heldur sér vel og er með fína fætur/klaufir. Á sinni löngu ævi hefur henni sjaldan orðið misdægurt og reynst okkur því mjög vel.“ Snotra hefur verið fremur tímasæl og haldið nokkuð reglulegum tíma milli burða, eða 12–17 mánuðum. Síðast bar hún 24. júlí 2024 og er farin að nálgast 11 þús. kg á yfirstandandi mjólkurskeiði, sem er hið ellefta í röðinni. Hæsta dagsnyt Snotru á núverandi mjólkurskeiði er 47,0 kg í september sl. en hæsta dagsnyt hennar frá upphafi mældist 54,0 kg þann 16. febrúar 2022. Mestu afurðir á einu mjólkurskeiði hjá Snotru eru 14.043 kg á því níunda en mestu afurðir á einu almanaksári eru 13.569 kg árið 2022. Meðalefnahlutföll mjólkur yfir ævina hjá Snotru eru 4,37% fita og 3,35% prótein og því hefur hún skilað hátt í átta tonnum verðefna hingað til. Þá verður ekki annað sagt en Snotra hafi verið júgurhraust gegnum tíðina en af 122 kýrsýnum hafa aðeins tvö sýnt háa frumutölu og 79 sýni frumutölu innan við 100 þús. í ml.

Það er full ástæða til að óska ábúendum í Villingadal til hamingju með þessa farsælu og endingargóðu kú sem Snotra hefur reynst vera.

Höfundur er ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML.







Vallanes hefur ætíð verið myndarjörð og má til dæmis sjá af manntalinu 1703 að ásamt Skriðuklaustri, Bustarfelli í Vopnafirði og Eydölum í Breiðdal var Vallanes fjölmennasta býli á Austurlandi með um 30 manna áhöfn.

Sagnaþáttur:

Feitur maður fótbrotnar

Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Eitt af svipmeiri stórbýlum landsins er Vallanes á Héraði, eða Vallanes á Völlum eins og staðurinn var jafnan nefndur. Þar glóa víðáttumiklir akrar milli hárra skjólbelta og flest vex þar og dafnar sem annars fær sprottið hér á landi. Bændurnir reka kaffihús sem smíðað er úr heimagrónum stofnum og ætti enginn að fara um Austurland án þess að koma þar við og smakka á gróðri jarðar.

Vallanes hefur alltaf verið myndarjörð og má til dæmis sjá af manntalinu 1703 að ásamt Skriðuklaustri, Bustarfelli í Vopnafirði og Eydölum í Breiðdal var Vallanes fjölmennasta býli á Austurlandi með um 30 manna áhöfn. Þar bjó þá sóknarpresturinn Ólafur Stefánsson með konu sinni, Halldóru Björnsdóttur, og krakkaskara, vinnufólki, fylgifiskum og óvinnufærum karliggjendum. Allt um kring voru svo smákot og húsmennskubýli þar sem búskapurinn var reyrður saman við starfið á höfuðbúinu með kvöðum, landskuldum og afgjöldum. Efstur í þessu litla héraðsríki trónaði svo sóknarpresturinn sem jafnframt var staðarbóndinn.

Séra Ólafur Stefánsson var heimamaður, fæddur í Vallanesi 1658 og alinn þar upp, sigldur maður. Hann hafði farið til Kaupmannahafnar til að nema guðfræði við háskólann og var þar samtíða Árna Magnússyni handritasafnara og urðu þeir miklir mátar og aðstoðaði Ólafur félaga sinn síðan löngum við handritasöfnunina. Kona hans, Halldóra, var dóttir eins skrautlegasta karakters landsins á þessum árum (og er þá mikið sagt), Björns Magnússonar, sýslumanns og klausturhaldara á Munkaþverá í Eyjafirði.

Björn var af mektugum kominn en kaus að eyða ævinni í sífelldu málaþvargi við ættingja og venslafólk, ekki síst systur sína, og tapaði smám saman auði og æru vegna skapgerðarbresta, átti í vandræðum með brennivín, var í sífelldu brasi, kærður fyrir vanrækslu og eyddi ótal árum í að verjast ásökunum óvina sinna og gat ekki á meðan goldið til krúnunnar það sem hann rukkaði inn af landsetum á klausturjörðum og af sektargjöldum. Hann var í Kaupmannahöfn árum saman að reka mál sín með misjöfnum árangri, missti öll sín embætti og dó tignum rúinn á leið til Íslands með fari Reyðarfjarðarkaupmanns. Líkinu var dröslað um Fagradal heim í Vallanes til Halldóru og Ólafs og þar liggur Björn grafinn.

Góðir dagar

Þrátt fyrir ótal góða kosti og gáfur hefur Ólafs Stefánssonar ekki verið minnst í þjóðarsögunni. Öllu kunnari er hins vegar faðir hans, Vallanessbóndinn Stefán Ólafsson, höfundur þjóðkunnra kvæða á borð við Meyjarmissi („Björt mey og hrein / mér unni ein“) og Grýlukvæðis („Ég þekki Grýlu / og ég hef hana séð“). Stefán fæddist úti í Tungu, á Kirkjubæ, líklegast árið 1618, sonur prófasts Múlasýslu, lærdómsmanns og skálds, Ólafs Einarssonar. Þar óx Stefán úr grasi með systkinum sínum með gríðarútsýni í allar áttir, Dyrfjöll hér og Snæfell þar, og í kvæði eftir hann minnist hann einnig á þann fjölda af verum og vættum sem bjuggu í túnfætinum, svo sem skötuna í fossinum í Lagarfljóti þar sem nú er Lagarfossvirkjun, sel mikinn sem fór um fljótið og náttúrlega orminn sjálfan.

Stefán lærði í Skálholti, fór svo til Kaupmannahafnar í framhaldsnám. Hann lauk prófi vorið 1648 og kom aftur heim með Eyrarbakkaskipi því hugsunin var að hitta fyrst velgjörðarmann sinn, Brynjólf biskup Sveinsson í Skálholti, en hann tafðist nokkuð sunnanlands sökum þess hve lítt reiðhestar voru framgengnir eftir hörmungavor. Að endingu brögguðust þó klárar Sunnlendinga nægilega til að hægt væri að ríða austur. Í föðurgarð á Kirkjubæ kom hann síðsumars 1648 og fékk um það leyti veitingu fyrir Vallanesi. Hann var vígður til embættis í ársbyrjun 1649, dreif í að gifta sig vel ættaðri stúlku frá Auðbrekku í Hörgárdal, Guðrúnu Þorvaldsdóttur, og bjó síðan í Vallanesi til æviloka 1688. Eignaðist hóp barna, þar á meðal synina Þorvald, sem varð prestur á Hofi í Vopnafirði, og svo fyrrgreindan Ólaf, auk dætranna Þóru, Rannveigar, Guðrúnar og Önnu, sem allar giftust prestum og er sægur fólks af þeim systkinum kominn, sumt nafntogað.

Stefán varð fyrst og fremst kunnur af skáldskapargáfu sinni. Skáldskapur hans er afar fjölbreyttur og má heita að ekki sé til sú kveðskapargrein sem til var um hans daga að hann hafi ekki reynt fyrir sér í henni. Í kvæðum hans er áberandi tónn kerskni og kátínu sem getur fljótt slegið yfir í ádeilu. Af skáldskapnum má sjá að hann hafði lifandi áhuga á umhverfi sínu og öllum þeim sem hírðust á kotunum í kringum Vallanes sem og raunar um allt Hérað. Kvæðin geyma mýgrút smámynda af fólki við dagleg störf en líka mýgrút smámynda um aulagang, hyskni, tilgerð, hvinnsku og klaufsku þessa almúgafólks. Frá þessu er þó sagt á þann hátt að erfitt er annað en að kíma við, jafnvel hrífast, því frá öllu er greint af einstakri orðkynngi.

Vel við vöxt

En svo kom að því að örlögin gripu í taumana. Í kvæði sem hefur yfirskriftina „Svanasöngur“ í flestum handritum segir Stefán í guðfræðilegum búningi söguna af sjálfum sér. Hann kemur í Vallanes vorið 1649 og tekur við mektarbýli. Þessi árin var veðurfar óvenjulega gott á landinu, þótt auðvitað kæmi hret við og við. Sagnfræðingar eru nú á því að einn helsti blómatími fyrri alda hafi verið tímabilið frá 1640 að telja til 1670. Búskapurinn gekk því vel, Stefán var forvígismaður í sinni sveit, varð prófastur Múlaþings, hlóð niður krökkum og samdi kvæði og söng lög. Svo gerist það þegar Stefán segist hafa verið búinn að renna „tvisvar tvenna“ áratugi ævi sinnar að hann veikist. Stefán tilgreinir ekki sjálfur í kvæðinu með neinni nákvæmni hvað hafi komið fyrir, lætur nægja að segja að þá hafi hafist „heilsuránið“. Í Eyrarannál er þess hins vegar getið að árið 1658 hafi Stefán fótbrotnað. Stefán var það stór kall að það þótti fréttnæmt vestur við Ísafjarðardjúp að hann hefði misstigið sig.

Um þennan atburð spunnu Austfirðingar þjóðsögur, svo sem að Hornfirðingar, sem sérstaklega þóttu hafa farið illa út úr kerskniskvæðum Stefáns, hefðu hefnt sín með sendingu á hann. Opinberar heimildir sýna að eitthvað var að, Stefán þurfti aðstoðarpresta til að embætta fyrir sig fljótlega eftir þetta. Enn aðrar heimildir segja svo frá líkamlegu standi hans. Stefán hreinlega var orðinn allt of feitur. Hann gat ekki staðið almennilega á fótunum, né gátu aðrir hestar en alhörðustu áburðarklárar borið hann.

Ekki þótti honum þetta þó alslæmt sjálfum. Hann hafði nefnilega fyrir sið að senda nýjustu tölur um mittismál sitt á vin sinn í Njarðvík eystri hvert haust og fá samsvarandi tölur frá hinum til baka. Þannig lögðu stórmenni 17. aldar mat á eigin verðleika. Því feitari, því betra. Þangað til að fæturnir báru mann ekki lengur. Stefán varð þannig fórnarlamb þeirrar einstöku hamingju að fá að búa í Vallanesi á Völlum.



Vísnahornið

Jón Jakobsson, bóndi á Bergþórshvoli, átti soninn Eggert sem gerðist vinnumaður föður síns. Síðar varð Eggert bóndi á Strönd í V-Landeyjum, en stráknum þótti nóg um gestakomur að bænum og orti eitt sinn við slátt:

Á Bergþórshvoli er bruggað deig,
ber það marga keima.
Þegar standa þrír á teig
þrettán eru heima.

Skáldið Þorsteinn Erlingsson þarf ekki að kynna fyrir lesendum, en hann orti bæði ljóð og lausavísur. Hann mun hafa ort þegar hann fékk hvorki gistingu né fylgd hjá bóndanum í Bólstaðarhlíð A-Hún.:

Að gera sér með gestum kátt
í glaumi og söng er hérna vandi
og með þeim ríða um miðjan slátt.
Margt er skrítið á Norðurlandi.

Þegar Þorsteinn hitti svo Brynjólf í Þverárdal, sem bauð fylgd og gistingu, orti skáldið:

Þó er það máske mest um vert
sem mér var sýnt á þessum degi:
Bólstaðarhlíð úr þjóðbraut þvert
en Þverárdalur á hvers manns vegi.

Rétt fyrir andlát sitt orti Þorsteinn:

Bjarma þann sem æskan á
yfir brosum sínum,
sækir hún oft í sólskin frá
sumarkvöldum mínum.

Látra-Björg mun hafa ort þegar hún gisti á Eyjadalsá í Bárðardal:

Á Eyjadalsá át ég mest
alla mína daga.
Mér var fæðan bauna best
borin í svangan maga.

Þessi vísa Látra-Bjargar þarf ekki frekari skýringar held ég:

Á Hlíðarenda hljóp á mig
heljarmikil drulla.
Blessuð hjónin báru sig
að bera út stampa fulla.

Eitthvað hefur Látra-Björg komið við á ýmsum bæjum:

Á Sandhaugum ég sat við borð.
Sett voru staup að framan.
Mér að heyra mærðarorð.
Mörgum þótti gaman.

Bjarni Jónsson frá Gröf orti stundum skemmtilegar vísur sem fleygar urðu:

Að leirnum verða lengi not
ljóðasnillingonum.
En það var guðlegt glappaskot
að gera mann úr honum.

Og Bjarni frá Gröf sagði og þessi vísa á örugglega við stundum:

Á flestu eru álit tvenn.
Að því mætti grínast.
Það eru býsna margir menn
minni en þeir sýnast.

Bjarni orti margt og m.a. þessa:

Að fara breiðan fram í dal
frá mér leiða hrekur
upp til heiða halda skal
harðna reiðin tekur.

Það er gömul saga og ný sem Bjarni úrsmiður segir þarna:

Áfram gengur æskan merk
eftir skólagötum.
Gjörir ekki ærlegt verk
en er í vinnufötum.

Sölvi Sölvason frá Syðri-Löngumýri fluttist til vesturheims ungur, hann þótti gamansamur og stundum þó gráglettinn. Hann orti um Ólaf sem seinna varð tengdasonur hans:

Ástarloppinn ástarbör
oft í skoppar bónorðsför.
Hans er snoppan heldur rör.
Hefur topp á efri vör.

Þorvaldína Jóna Helgadóttir frá Hofi við Dýrafjörð var fjölfróð og hagyrt:

Að fá sér sopa svolítinn
síst ég lasta kynni.
Og út í dropa eilítinn
eftir löngun minni.

Við hæfi er að ljúka þessu með vísu eftir Þorvaldínu Jónu:

Þegar sígur svefn á brá
og sjónum loka ég mínum
veit mér, drottinn, veikri þá
vernd í faðmi þínum.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

Höfum opnað á Eyrarvegi 15 á Selfossi og á netinu garnogkosy.is

GARN OG LOPI FRÁ ÍSTEX, CASCADE OG ITO ÁSAMT ÞVÍ AÐ VÆNTANLEGT ER FRÁ FLEIRI FRAMLEIÐENDUM

GARN OG KÓSY

Opnunartími:
Virka daga 11-18
Laugardaga 12-16

Falleg gjafavara og fylgihlutir fyrir prjóna/heklskapinn

Náttúru verndar stofnun

Vatnajökulsþjóðgarður

Snæfellsjökuls Þjóðgarður

Velkomin!

Fjölbreytt fræðsludagsskrá um allt land á friðlýstum svæðum í sumar. Skannið kóðann fyrir frekari upplýsingar inn á náttúra.is



Hver vill taka við Kolaportinu?

Reykjavíkurborg auglýsir eftir rekstraraðila að þessum einstaka markaði í hjarta borgarinnar

Reykjavíkurborg leitar að öflugum og framsýnum aðila til að taka við leigu og rekstri Kolaportsins að Tryggvagötu 19.

Leitast er við að efla Kolaportið sem lifandi miðstöð mannlífs, verslunar, handverks, matarmenningar og skapandi starfsemi – þar sem samfélag og borgarmenning mætast á líflegan hátt.

Kolaportið er ekki aðeins markaður, heldur einnig vettvangur tengsla, nýsköpunar og menningar þar sem fjölbreytni og aðgengi skipta máli.

Frestur til að skila inn tilboðum er til kl. 10:00, þriðjudaginn 8. júlí 2025.

Nánari upplýsingar á reykjavik.is/athafnalif

Reykjavík



Sími 517 5000
Vagnhöfða 7, 110 Rvk.
stalogstansar.is

Bílabúðin Stál og stansar

Framúrskarandi fyrirtæki 2012-2024

Hannyrðir:

Ungbarnapeysa með rúnnuðu berustykki

Onion er nýtt garn hjá okkur í Handverkskúnst. Dásamlegt ullargarn, mjúkt og falleg áferð.

Stærðir: 3 (6/9) 12/18 mánaða - Yfirvídd: ca. 46 (52) 59 cm. - Sídd: ca. 25 (28) 32 cm.
Garn: No. 3 Organic Wool + Nettles frá ONIONKnit (fæst í Handverkskúnst) - 2 (2) 3 dokkur, litur á mynd laks nr 04.
Prjónar: Sokkaprjónar og hringprjónn 60 cm nr 3 og 3½.
Prjónfesta: 24 lykkjur x 30 umferðir í sléttu prjóni á prjóna nr. 3½ = 10 x 10 cm.
Tölur: 5 (6) 6 stykki
Skammstafanir: L = lykkja/lykkjur / sl = slétt / br = brugðið / sm = samman / PM = prjónamerki / * * = markar endurtekningu / Klykkja-sl = prjónið kantlykkjur slétt / út-V = útaukning vinstri halli / út-H = útaukning hægri halli / 2 snúið sl sm = prjónið 2L saman í aftari lykkjubogann.
Peysan er prjónuð ofan frá og niður. Það eru prjónaðar 4 kantlykkjur slétt í upphafi og enda allra umferða.
Hnappagöt: Prjónið 1. hnappagat í byrjun umferðar 5 og síðan í 20. hverri umferð þannig: 1 sl, 2 sl sm, sláið bandið um prjóninn.
Berustykki: Fitjið upp 69 (73) 77 lykkjur á hringprjón nr 3 (prjónið fram og til baka). Umferð 1: 4 Kantl-sl-, *1 br, 1 sl* (endurtakið frá *-* þar til 5L eru eftir af umferð), 1 br, 4 Kantl-sl. Umferð 2-6: 4 Kantl-sl, prjónið lykkjur eins og þær koma fyrir í stroffi, þar til 5L eru eftir af umferð, 1 sl, 4 Kantl-sl. Skiptið yfir á hringprjón nr 3½ og prjónið mynstur þannig:.
Umferð 1 og allar umferðir frá röngu: 4 Kantl-sl, prjónið brugðið þar til 4 lykkjur eru eftir af umferð, 4 Kantl-sl.
Umferð 2 og allar umferðir frá réttu: 4 Kantl-sl, prjónið skamkvæmt mynsturteikningu (ath: mynsturteikning sýnir bara umferðir frá réttu). Endurtakið mynstur 15 (16) 17 sinnum í umferð, 1 sl, 4 Kantl-sl (= 159 (169) 179 lykkjur þegar mynstri er lokið).
Endið á umferð frá röngu og setjið inn PM þannig: prjónið 22 (24) 26 L br, setjið PM (framstykki), prjónið 36 (37) 38 L br, setjið PM (ermi), prjónið 43 (47) 51 L br, setjið PM (bakstykki), prjónið 36 (37) 38 L br, setjið PM (ermi), prjónið síðustu 22 (24) 26 L br, seinni helmingur á framstykki. Prjónið áfram fram og til baka slétt prjón með 4 Kantl-sl eins og áður og munið eftir hnappagötum.
Laskaútaukning: umferð 1: prjónið slétt þar til 1L er að PM, út-H, 1 sl, *1 sl, út-V, prjónið slétt þar til 1L er að næsta PM, út-H, 1 sl* (endurtakið frá *-* 2 sinnum til viðbótar), 1 sl, út-V, prjónið slétt út umferð.
Umferð 2: 4 Kantl-sl, prjónið brugðið þar til 4L eru eftir af umferð, prjónið Kantl-sl.
Endurtakið þessar 2 umferðir alls 3 (4) 6 sinnum (= 183 (201) 227 lykkjur).
Skipting bols og erma: Prjónið slétt yfir framstykki 25 (28) 32 L, setjið ermalykkjur á þráð 42 (45) 50 L, fitjið upp 8 (8) 8 lykkjur, prjónið slétt yfir bakstykki 49 (55) 63 L, setjið ermalykkjur á þráð 42 (45) 50 L, fitjið upp 8 (8) 8 lykkjur, prjónið slétt yfir framstykki 25 (28) 32 L (= 115 (127) 143 L). Prjónið áfram fram og til baka eins og áður þar til stykkið mælist 11 (13) 16 cm frá skiptingu bols og erma, endið á umferð frá röngu. Mundu eftir hnappagötum. Skiftið yfir á hringprjón nr 3 og prjónið stroff: 4 Kantl-sl, *1 br, 1 sl* (endurtakið frá *-* þar til 5L eru eftir af umferð), 1 br, 4 Kantl-sl. Prjónið alls 10 (12) 14 umferðir stroff. Setjið síðasta hnappagat í 4. síðustu umferð á stroffi. Fellið af í stroffprjóni.
Ermar: Færið ermalykkjurnar yfir á sokkaprjóna nr 3½, takið upp/prjónið upp 8L undir hendi (= 50 (53) 58 L). Prjónið í hring slétt prjón og fækkið í 4. umferð þannig: 1 sl, 2 sl sm, prjónið slétt þar til 3L eru eftir af umferð, 2 snúið sl sm, 1 sl. Fækkið lykkjum þannig í 4. hverri umferð alls 3 sinnum (= 44 (47) 52 L). Prjónið áfram án úrtaka þar til ermin mælist 11 (13) 15 cm. Fækkið um 6 (7) 8 L jafnt yfir í síðustu umferð (= 38 (40) 44 m). Skiftið yfir á sokkaprjóna nr 3 og prjónið stroff 10 (12) 14 umferðir. Fellið af í stroffprjóni.
Frágangur: saumið tölur í peysuna, gangið frá endum. Þvoið samkvæmt þvottaleiðbeiningum á garni og leggið í mál til þerris.



Prjónakveðja,
Stelpurnar í Handverkskúnst
www.garn.is





Greinandi og afhjúpandi rödd Ernaux

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Enn af þýðingum og aftur kemur Þórhildur Ólafsdóttir við sögu hér í Hriflunni. Fyrr á þessu ári sendi Þórhildur nefnilega frá sér þriðju þýðinguna á skáldsögu eftir franska Nóbelskáldið Annie Ernaux. Að þessu sinni kom út Atburðurinn, en áður höfðu komið Ungi maðurinn og Kona en Rut Ingólfsdóttir hefur þýtt fjórðu skáldsöguna sem komið hefur út eftir Ernaux á íslensku, Staðinn.

Hnitmiðaðir titlarnir á þessum bókum Ernaux vekja athygli. Þeir kallast á við form bókanna sem er einnig meitlað. Ég kalla bækurnar hér skáldsögur en í raun eru þær allar útleggingar á og af reynslu höfundarins, atburðum sem hún hefur lent í, fólki sem hún hefur þekkt og staðina sem það tilheyrir í hinu fastmótaða samfélagi Frakklands. Félagslegur veruleiki er alltaf nálægur í bókum Ernaux, stétt og staða fólks. Þetta eru greinandi textar þótt þeir noti umfram allt sagnaformið til þess að rannsaka og komast að niðurstöðu um efnið sem er afmarkað í titlunum. Rannsókn er raunar ekki fjarri lagi sem tegundarheiti þessara skrifa Ernaux því þau eru tiltölulega laus við tilfinningasemi. Sjónarhornið er vissulega persónulegt en Ernaux skrifar ekki til þess að vekja samúð eða önnur tilfinningaleg viðbrögð heldur spurningar og skilning, stundum á grimmilega nærgöngulegan hátt við sjálfa sig og sitt nánasta fólk.

Hún veltir þessu fyrir sér í Atburðinum: „Fyrst og fremst mun ég reyna að fara vandlega ofan í hverja mynd sem ég hef í huga mér. Alveg þangað til mér finnst ég vera búin að „komast inn í hana“ líkamlega, þar til einhver orð birtast og ég get sagt um þau: „Já, það var nákvæmlega svona.““

Atburðurinn sem titillinn vísar til er fóstureyðing höfundar árið 1963. Hún var ríflega tvítugur háskólanemi sem verður þunguð eftir stutt kynni og stendur ein uppi með þá ákvörðun að vilja eyða fóstrinu. Erfiðleikarnir hrannast upp, eins og stendur framarlega í bókinni þegar unga konan reynir að finna lækni sem er tilbúinn til að framkalla þá ólöglega fóstureyðinguna. Þessi leit verður í raun að leit hennar að leið til þess að lifa því lífi sem hún vildi lifa, barátta ungrar konu fyrir rétti sínum til þess að verða sú sem hún vildi verða. Vonleysið er á köflum yfirþyrmandi, einnig óttinn og skömmin. Ernaux rannsakar allar þessar tilfinningar hjá ungu konunni en skoðar líka samfélagsskipulagið sem skapar þær.

Greinandi og afhjúpandi rödd Ernaux er sannarlega einstök í bókmenntum samtímans. Það er óhætt að mæla með lestri á þessari bók sem öllum öðrum eftir hana.



***

Stuttlega er svo ástæða til að benda á enn eina þýddu bókina sem komið hefur út á síðustu vikum. Fyrsti bjórsopinn og fleiri smálegar lífsnautnir heitir þýðing á stuttri og snjallri esseyjubók eftir Philippe Delerm sem Friðrik Rafnsson hefur þýtt. Bókin inniheldur stutta kafla um upplifanir hversdagsins, eins og það er kallað í káputexta. Þetta eru upplifanir sem flestir lesendur kannast við þótt í einstaka tilvikum sé um sérfranska reynslu að ræða. Eftirminnilegustu textarnir fjalla um erfiðleikana við að lesa á ströndinni, munaðinn að lesa dagblaðið yfir morgunmatnum sem kannski æ færri upplifa hér á landi af augljósum ástæðum og svo önnur fortíðarupplifun sem er að hringja úr símaklefa. Bókin er fyndin og upplífgandi aflestrar.

Sérsniðin þjónusta að þínum þörfum
ALLT FASTEIGNASALA



Kristinn Sigurbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og byggingafræðingur.
Sími: 560-5502
Netfang: kristinn@allt.is



Páll Þorbjörnsson
Löggiltur fasteignasali og fiskeldisfræðingur.
Sími: 560-5501
Netfang: pall@allt.is



STIGA HÁGÆÐA SLÁTTUROBOTAR
Víralausir, einfaldir í uppsetningu og viðhaldi
AGS snjalltæknin tryggir öryggi og nákvæmni
í slætti er einkaleyfisvarin af Stiga.
VETRARSÓL
Umboðsaðili STIGA
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is

Byggingarstjóri.



Ertu í byggingarhugleiðingum,
eða kominn af stað með framkvæmdir ?
Tek að mér að vera byggingarstjóri
á öllum byggingarstigum og vera
tengiliður við byggingarfulltrúa fyrir ykkur.
Hafið samband í síma 8523222
eða netfang: asgeirvil@gmail.com

Líf ræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Flytjum inn (og getum reist) iðnaðarhús af öllum stærðum og gerðum.
Upplýsingar á vegr.is og í síma 898-5463
VÉLSMIÐJA GRUNDARFJARÐAR



Vélabásinn:

Góður bíll – punktur!

– Prufuakstur á Kia EV3 Luxury



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Kia EV3 kemur í staðinn fyrir Nero og Soul. Þessi rafmagnsbíll er heilt yfir þægilegur í notkun og er hönnunin afar smekkleg. Myndir / ál

Að þessu sinni er tekinn fyrir hinn nýi Kia EV3 rafmagnsbíll. Þetta er fólksbíll af svipaðri lengd og Volkswagen Golf, en hærri og breiðari. EV3 mun leysa af hólmi Kia Niro og Soul.

Hönnun bílsins að utan er sérlega vel heppnuð og telur undirritaður sennilegt að innblástur hafi verið sóttur í klassíska evrópska hlaðbaka frá árunum í kringum 1980. Rétt eins og þá hefur svart stuðaraplast verið notað af mikilli smekkvísi til að gera útlit bílsins áhugaverðara. Bíllinn er jafnframt kubbslegur og eru felgurnar látnar líta út fyrir að vera átthyrndar. Útlit EV3 er nútímalegt og ferskt, rétt eins og hjá öðrum nýjum bílum frá Kia um þessar mundir. Mjög skýr líkindi eru á milli EV3 og hins stóra rafmagnsjeppa Kia EV9.

Um leið og sest er um borð finnst að Kia EV3 er heilt yfir góður bíll og hefur framleiðandinn legið yfir öllum smáatriðum. Vel er hugsað um ökumann og farþega og umhverfið vistlegt. Bíllinn sem lagður var til í þennan prufuakstur var af gerðinni Luxury, sem situr fyrir neðan dýrustu týpuna GT-Line og ofan við millitýpuna Earth. Allar þessar gerðir eru álitlegar, en jafnvel þó svo að valin sé ódýrasta útgáfan, sem nefnist Air, fæst nóg af staðalbúnaði.

Sæti í góðri hæð

Aðgengið í bílinn er með allra besta móti, en sætin eru í þeirri hæð að hvorki þarf að príla né leggjast í jörðina. Framsætin eru rúmgóð, en bílstjórasætið er stillt með rafmagni á meðan farþegasætið er stillt handvirkt. Plássið í aftursætunum er ekki það ríflegasta og mætti ekki vera minna til þess að hávaxnir fullorðnir einstaklingar geti setið þar. Fóta- og hnépláss rétt sleppur þó svo að framsætin hafi verið færð í öftustu stöðu en þakið mætti ekki vera lægra fyrir fullorðna aftursætisfarþega. Skottið er ekki óhemju rúmgott, en það er ágætlega kassalaga, með flatt gólf og er skotthlerinn stór. Aftursætin leggjast niður flöt og flútta við gólfið

Innréttingin er afar opin og er djúpt geymslutrog í gólfhæð með tveimur glasahöldurum. Þar fyrir framan er bakki með þráðlausa hleðslu fyrir síma. Á milli sætanna er armhvíla og er hægt að draga úr henni litla borðplötu. Yfirborð plötunnar er mjög sleipt og ekki hægt að geyma hluti þar í akstri. Fremst á borðinu eru takkar til að fá upp myndavélar og til að slökkva á fjarlægðarskynjurunum. Í Air og Earth útgáfunum af EV3 er áðurnefndu borði sleppt og í staðinn er geymsluhólf undir armhvílunni.

Stærðarinnar skjár

Upp úr hálfri innréttingunni kemur langur skjár sem er skipt niður í þrjá hluta. Framan við ökumanninn er upplýsingaskjár með hraðamæli, aksturstölvu og fleiru. Hægra megin við það er lítill rammi sem er snertiskjár þar sem öllu er stjórnað fyrir miðstöðina. Fyrir miðja innréttingu er síðan hefðbundinn snertiskjár þar sem hægt er að sjá að sjá hvað er í gangi þar.



Aftursætin rétt rúma hávaxið fólk.

Neðan við snertiskjáinn er takkaborð með flýtilyklum til að fara á milli ólíkra valmynda á skjánum. Þar fyrir neðan er skrunhjól til að hækka og lækka í útvarpinu. Neðan við það má finna hefðbundna takka til að stilla hita og blástur. Í stýrinu eru takkar fyrir skynvædda hraðastillinn, sjálfstýringuna, útvarp og fleira. A bak við stýrishjólið eru flipar til að stjórna því hversu mikið viðnám rafmótorinn veitir. Aftan við stýrishjólið er jafnframt stöng með tökkum til að velja aksturssstefnu og til að ræsa ökutækið. Enn fremur má finna þar hefðbundnar stangir fyrir ljós og rúðuþurrkur.

Engin spíttkerra en þægilegur

EV3 er óhemju hljóðlátur og einfaldur í akstri. Bíllinn myndi seint teljast sportlegur, en þægindin eru mikil vegna mjúkrar fjöðrunar og er notkunin áreynslulaus. Aflið fer til framhjólanna og er mótorinn kraftmikill, þó svo að þetta sé engin spíttkerra. Ökutækið í þessum prufuakstri var á heilsársdekkjum og heyrðist alltaf dekkjadynur á hærri hraða.

Akstursaðstoðin er afar svipuð því sem er í öðrum bílum frá systurfyrirtækjunum Kia og Hyundai og gefur Tesla ekkert eftir. Mikill kostur er að geta kveikt á hraðastilli og sjálfstýringu hvort í sínu lagi, því við ólíkar aðstæður getur verið gott að velja auðveldlega á milli. Því fylgir nánast ekkert álag að keyra bílinn í þungri umferð, því hann getur séð um aksturinn að mestu leyti sjálfur.

Í Luxury útgáfunni er 360 gráðu myndavél staðalbúnaður og því leikur einn að leggja í þröng stæði.



Innréttingin er opin og er snertiskjárinn auðveldur í notkun.



Bíllinn er kubbslegur og eins og smækkuð útgáfa af Kia EV9.

Myndavélin getur jafnframt verið í gangi í akstri, ólíkt mörgum bílum, og því getur snertiskjárinn nýst sem baksýnisspegill. Harman Kardon hljóðkerfi er staðalbúnaður í Luxury útgáfunni og skilar það býsna þéttum tón.

Að lokum

Þessi bíll mun eflaust verða mjög vinsæll, enda heilt yfir góður og á samkeppnishæfu verði. Stærðin er praktísk og öll umgengni þægileg. Akstursdrægnin er ein sú besta sem finnst í venjulegum rafbíl, eða allt að 605 kílómetrar samkvæmt framleiðanda. Miðað við orkunotkunina í þessum prufuakstri ætti það að vera auðvelt að ná 450 til 500 kílómetrum á einni hleðslu í innanbæjarakstri. Rafhlaðan getur tekið allt að 120 kílóvatta straum sem þýðir að hægt er að hlaða frá 10 upp í 80 prósent á hálftíma.

Með rafbílastyrk kostar Kia EV3 Luxury með 81 kílóvatta rafhlöðu 6.890.777 krónur. Ódýrasta útgáfan (Air) með 58 kílóvatta rafhlöðu fæst á 5.290.777 krónur með styrk. Dýrasta gerðin nefnist GT-Line og kostar samkvæmt verðlista 7.590.777 krónur með styrk. Nánari upplýsingar fást hjá bílaumboðinu Öskju.





Bóndinn:

Hrossin eiga hug þeirra allan

Nú kynnast lesendur þeim Þorsteini Birni Einarssyni og Sigrúnu Rós Helgadóttur en þau eru búsett á hrossaræktarbúinu Hofi á Höfðaströnd. Á næstu dögum verður hægt að fylgjast með lífi og starfi þeirra á Instagram-reikningi Bændablaðsins.

Býli: Hof á Höfðaströnd.
Ábúendur: Þorsteinn Björn Einarsson og Sigrún Rós Helgadóttir, eigandi búsins er Lilja Sigurlína Pálmadóttir
Gæludýr: Tvær labradortíkur, Kilja og Móna, og tvær hesthúsakisur, Lilja og Sigurlína.
Stærð jarðar? Um 450 hektarar.
Gerð bús? Hrossaræktarbú.
Fjöldi búfjár? 29 hross á húsi í þjálfun og í kringum 60 hross í útigangi.
Hvers vegna veljið þessa búgrein? Við vorum bæði alin upp við hestamennsku og það kom fátt annað til greina.
Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Okkar dagur snýst mest um að sinna hrossunum sem eru í þjálfun en það eru alls konar verkefni og dagarnir eru mjög misjafnir. Við erum mjög heppin að hafa frábæran mann með okkur, hann Þorgils, sem sér um allt á búinu, nema þjálfa hross, hann fæst ekki til þess. En hann sér um að halda okkur og hrossunum á lífi og innan girðingar. En þetta er allt samvinna og það grípa allir í flest verk. Þetta er líka árstíðarbundið. Á haustin erum við mikið að frumtemja, á veturna er mest hefðbundin þjálfun á eldri og yngri hrossum, og á sumrin erum við að þjálfa, keppa og sýna í kynbótadóm afrakstur vetrarþjálfuninnar.
Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Þetta er algjör klisja en okkur finnst held ég ekkert leiðinlegt. Það er líka búið að koma öllu þannig fyrir á Hofi að búsverkin eru aðgengileg og eins auðveld og þau geta verið.
Hvernig er að búa í dreifbýli? Það er frábært.
Hvað er það jákvæða við að vera bóndi? Það er alltaf gaman að vera i kringum hross, þau gefa manni svo mikið og maður tengist þeim svo sterkt. Það er alltaf tilhlökkun í gangi allan ársins hring, fyrst fyrir frumtamningunum síðan að þjálfa eldri hrossin yfir veturinn og komast að því hvað þau hafa þroskast eftir haustfríið, síðan fara fölöldin að fæðast sem er alltaf jafnspennandi og þá er mann aftur farið að hlakka til að kíkja í frumtamningar árganginn um haustið. Þetta er líka svo fjölbreytt, sem okkur finnst mikill kostur. Það er alltaf eitthvað nýtt og spennandi í gangi.
Hverjar eru áskoranirnar? Maður er alltaf að keppast við sjálfan sig og setur mikla pressu að standa sig vel og verða betri þjálfari og tamningamaður.
Hvernig væri hægt að gera búskapinn ykkar hagkvæmari? Það er örugglega eitthvað sem væri hægt að bæta í því en við reynum að fara vel með allt í kringum okkur og nýta hlutina vel.
Hvernig sjáið þið landbúnað á Íslandi þróast næstu árin? Við teljum að hrossaræktin sé á frábærri leið. Hrossin eru að verða betri og fjöldinn af ofurgóðum hrossum hefur aukist mikið.
Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Fyrsti veturinn okkar á Hofi var veturinn 2019–2020 og er það eftirminnilegur vetur fyrir hræðilegt veðurfar og mikinn snjó. Óveðrið í desember 2019 er sennilega eitthvað sem við munum aldrei gleyma.





Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is


Við klæðum þig í hvelli! ELKA
Sjóklæðin frá Elka fást hjá okkur.
KH VINNUFÖT
khvinnufot.is | Nethylur 3 | Sími 577 1000

Vetrarsól er umboðsaðili
STIGA
Gulltryggð gæði
Sláttuvélar & sláttuorf
Sláttutraktorar
Snjóblásarar
40 ár á Íslandi
Askalind 4 | Kópavogi | Sími 564 1864 | vetrarsol.is
VETRARSÓL

GOES TERROX 500L
Gæðahjól á góðu verði
1.199.000,-
Án Vsk. 966.953,-
Innspýting, rafmagnstýri, spili, dráttarkrók og sætisbaki. Hátt og lágt drif með læsingu. CVT kúpling, 25" dekk, 14 l. tankur. USB tengi, stuðarar Götuskráð T3b.
Umboðsaðilar: Bikevik, Reykjanesbæ. KS, Sauðarkróki. Suður England, Selfossi. Lyngás Hellu. AB varahlutir, Egilsstöðum. Bílaforritun North-East Akureyri.
NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848 - nitro.is

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is

Matarkrókurinn:

Kynning á íslenskum mat í Japan

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is



Íslandsstofa ásamt utanríkisþjónustunni og sendiráði Íslands í Japan skipulagði Taste Of Iceland viðburð í Tokyo 30.–31. maí sl. en í sömu viku var Íslandsdagur á heimssýningunni World Expo í Osaka þar sem forseti Íslands var heiðursgestur. Í dagskrá Taste Of Iceland voru ýmsir viðburðir, tónlist, myndlistarsýningar, fyrirlestrar og síðast en ekki síst íslenskur matur, enda er maturinn jú sú menning sem flestir vilja kynnast og smakka á. Undirritaður sá um þann hluta viðburðarins í samstarfi við veitingahúsið District Brasserie Bar – Lounge á Kimpton Hotel Shinjuku.

Það var afskaplega gaman að fá tækifæri til að taka þátt í þessu skemmtilega og krefjandi verkefni og kynna íslenska matargerð í stórborginni Tókíó. Japanir eru með eindæmum meðvitaðir um gæði á hráefnum og við getum sannarlega lært mikið af þeim í okkar eigin mati á hvað sé verðmætt. Japanir tileinka sér hófsemi í neyslu um leið og þeir sækjast eftir verðmætum og næringarríkum afurðum, og þeir vita vel hvernig á að meðhöndla verðmætin. Ég nefni sem dæmi að japanskir neytendur sækjast eftir feitu kjöti og innmat sem nýtur minni vinsælda í okkar menningarheimi.

Við buðum upp á sjö rétta matseðil á veitingastaðnum tvö kvöld og var uppselt báða dagana. Sami matseðill og fleiri réttir voru svo einnig í boði í móttökum fyrir gesti og blaðamenn. Matseðillinn var alfarið hannaður í kringum íslensk hágæðahráefni sem eru seld



í Japan, sjávarfang frá Icelandic Seafood, íslenskt lambakjöt frá KS sem er selt af samstarfsaðila Icelandic Lamb og Isey skyr sem er framleitt í Japan með leyfi frá MS.

Matseðillinn samanstóð af þremur fiskréttum, þremur lambakjötsréttum og skyreftirrétti.

Loðnuhrogn með sítrus & grásleppuhrogn borin fram með stökkri vöfflu, sýrðum rjóma og rauðlauk.

Grafin og gljáð grálúða, sýrð fjörugrös, graslauks-majones og stökkt rúgbrauð.

Gullkarfi „Matsukasa Yaki“, risotto með wasabi og yuzu froða.

Lambaseyði, hægeldaður lambaframpartur og shiitake sveppir.

Grillað lambahjarta, „Sansho“ piparsósa, karsamauk og „Urui“ lauf.

Steiktur lambaframhryggur, kartöflumús, lamba soðsósa og stökkt bóghveiti.

Ísey Skyr hvítsúkkulaðimús, sítrónumarengs, mysukaramella og jarðarber.

Tilvalið að láta uppskriftina af aðalréttinum, grilluðum lambaframhrygg, fylgja.

Grillaður lambaframhryggur með kartöflumús, soðsósu, stökkt bóghveiti

Grillaður lambaframhryggur
1 kg lamb, framhryggjur
3 msk. matarolía
Timían
Hvítlaukur
Svartur pipar

Snyrtið lambið og leggið í olíu með fersku timían og sneiddum hvítlauk.

Hitið grillið, saltið lambið ríkulega og grillið á meðalhita eftir smekk. Ég mæli með meðaleldun sem er um 60 °C kjarnhiti fyrir þennan bita. Athugið að hér er tilvalið að klára eldunina í ofni, notið endilega kjarnhitamæli og munið einnig að hvíla kjötið í minnst 15 mínútur eftir eldun.



Lamba soðsósa

3 dl lambasoð
3 dl kjúklingasoð
2 dl rauðvín
2 skarlottulaukar
1 hvítlauksrif
1 stk. stjörnuanis
½ tsk. fennel fræ
3 einiber
1 msk. smjör
1 msk. graslaukur

Skerið laukinn í þunnar sneiðar og svitið í potti með kryddinu, bætið hvítlauknum við í lokin og svo rauðvíni. Sjóðið vínið niður um 80% og bætið þá soðinu við. Sjóðið rólega í 20 mínútur eða þar til hefur soðið niður um helming. Sigtið og smakkið til. Bætið smjöri og fínt söxuðum graslauk við rétt áður en sósan er borin fram.

Stökkt bóghveiti
50 g bóghveiti
1 stk. hvítlaukur
1 msk. blóðberg, þurrkað
Matarolía
Fínt salt

Sjóðið bóghveitið í um 20 mínútur, eða þar til það er ögn ofeldað. Sigtið og leggið á þurrt stykki. Djúpsteikið þar til er stökkt, leggið á pappír og saltið. Pillið hvítlauk og sneiðið rifin þunnt, djúpsteikið eins og bóghveitið og saltið. Brjótið hvítlaukssneiðarnar með fingrunum og blandið öllu saman. Geymið í loftþéttu íláti. Setjið ögn af blöndunni yfir kjötið.

Kartöflumús
600 g kartöflur
2 dl rjómi
100 g kalt smjör í bitum
Salt

